allt
NÍNA BJÖRK GEIRSDÓTTIR:
*Er með tvískiptan fataskáp*
• tíska • heimili • matur
Í MIÐJU BLAÐSINS



GUNNLAUGUR EGILSSON:
*Dansar á Nýlistasafninu í kvöld*
SKAPANDI Í SUMARFRÍI
FÓLK 46






FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
28. júlí 2005 - 202. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

**Valsmenn halda spennunni í toppbaráttunni**



Valsmenn unnu níunda sigur sumarsins í Landsbankadeild karla þegar þeir unnu Fylkismenn 3–1 á heimavelli sínum á Hlíðarenda í gær.

ÍÞRÓTTIR 28

**Skinkufeitt festival**



Reggísveitin Hjálmar sló í gegn á G!festival í Færeyjum sem haldið var um helgina. Á hátíðinni spiluðu líka sænsku rokkhundarnir í Europe og Eivör Pálsdóttir en hátíðin er haldin í heimbæ hennar Götu.

TÓNLIST 40

**Bankar og völd**



Það er engin tilviljun að vestur-evrópskir einkabankar hafa undangengin ár eignazt talsverðan og sums staðar ráðandi hlut í viðskiptabönkum í Mið- og Austur-Evrópu.

Í DAG 18

## VEÐRIÐ Í DAG




**LÍTILSHÁTTAR SKÚRIR** sunnan og vestan til. Léttir smám saman til norðaustan og austan til þegar líður á daginn. Hiti 11-22 stig hlýjast norðaustan og austan til.

VEÐUR 4






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HVANNADALSHNÚKUR MÆLDUR** Þórarinn Sigurðsson landmælingamaður (t.h.) og Guðmundur Valsson koma mælitækjunum fyrir á Hvannadalshnúki. Mælitækin safna á næstu sólarhringum gögnum með hjálp gervitungla áður en hægt verður að staðfesta hæð hnúksins.

Hvannadalshnúkur:

## Hæð tindsins loks staðfest

**HVANNADALSHNÚKUR** Góða veðrið í gær var notað til þess að koma fyrir nákvæmum mælitækjum á Hvannadalshnjúki sem mæla með óyggjandi hætti hæð hæsta tinds landsins á Vatnajökli. Ýmsum tölum um hæð Hvannadalshnjúks hefur verið fram haldið, en landsmenn sennilega vanastir tölunni 2.119 metrar.

Landmælingar Íslands, Landhelgisgæslan og Jarðvísindastofnun tóku höndum saman við mælinguna. Mælitækin safna næsta tvo sólarhringa gögnum með hjálp gervitungla áður en hægt verður að staðfesta hæðina. Hún getur að vísu verið breytileg eftir snjóalögum og árstíma. Tveir mælipunktar á öskjunni sjálfri voru settir niður til að mæla hreyfingu á jarðskorpunni á Vatnajökli. Mjög gott veður var á tindinum þegar leiðangursmenn komu þangað. Skyggni var gott alla leið norður í Herðubreið, austur að Snæfelli, yfir í Kerlingarfjöll og vestur að Langjökli. Skyggni var hins vegar lítið sem ekkert til suðurs, skýjalög komu í veg fyrir það. ■

# Fimmtán milljarða aukning tekjuskatts

**Tekjur ríkisins vegna tekjuskatts einstaklinga hækka úr 130 milljörðum króna í 145 milljarða milli ára. Þetta jafngildi 11,5 prósenta hækkun. Ríkisskattstjóri segir hækkunina einkum skýrast af mikilli grósku í þjóðlífinu.**

**EFNAHAGSMÁL** „Álagning tekjuskatta í ár er um 145 milljarðar króna að útsvarinu meðtöldu. Barnabætur og vaxtabætur eru samtals um tíu milljarðar,“ segir Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri. Hann segir að sömu skattar hafi verið um 130 milljarðar á síðasta ári. Skatttekjur ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga hafi því aukist um fimmtán milljarða króna, eða 11,5 prósent, milli áranna 2003 og 2004.

Aðspurður um ástæður þessarar aukningar segir Indriði: „Þetta er hærra en í fyrra sem eðlilegt er því það hefur náttúrlega verið mikil gróska í þjóðlífinu. Laun hafa hækkað og þá hækka skattarnir af sjálfu sér. Þetta fylgist að.“

Indriði segir að stór hluti skattanna, aðallega skattar í staðgreiðslu og barnabætur, hafi verið greiddir fyrir fram þannig að lítill hluti þessara fjárhæðar komi til uppgjörs nú. Hann segir að nokkuð jöfn skipting sé á milli framteljenda sem ætti endurkröfu og útborganir til framteljenda.

„Hins vegar eru endurkröfur eða viðbótarálagning ekki mjög miklar þar sem staðgreiðslukerfið virkar mjög vel og tekur þetta samtímis,“ segir Indriði.

Skattstjórar leggja á morgun fram skrár með álagningu opinberra gjalda árið 2005.

-gag
- hb

Sala Símans:

## Úrslitin í dag

**EINKAVÆÐING** Seinnipartinn í dag verður ljóst hver býður hæsta verð í Símann og gengur til viðræðna við einkavæðingarnefnd um kaup á fyrirtækinu.

Þær viðræður eigi ekki að taka langan tíma að sögn Jóns Sveinssonar, formanns einkavæðingarnefndar. Drög að kaupsamningi liggi þegar fyrir og þeir sem skili inn bindandi tilboðum þurftu að vera búnir að samþykkja drögin í stórum dráttum í gærkvöldi. Því eigi að vera hægt að ljúka stærstu einkavæðingu á Íslandi fyrir lok sumars.

Tilboðin verða opnuð laust eftir hádegi í dag og ef minna en fimm prósenta munur er milli hæstu boða hafa menn frest til klukkan fimm að skila hærra tilboði. Það tilboð ræður þá hver kaupir Símann.

-bg/Sjá síðu 24

Innkaup fyrir verslunarmannahelgina:

# Hálfur milljarður í áfengi

**ÁFENGISVERSLUN** „Við spáum því að við munum selja um 700 þúsund lítra af áfengi fyrir verslunarmannahelgina,“ segir Höskuldur Jónsson, fráfarandi forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins.

Höskuldur hefur þann fyrirvara að um spá sé að ræða en gangi hún eftir, eins og margt bendir til, sé um tíu prósenta aukningu að ræða frá síðasta ári. Það verður þá mesta magn áfengis, í lítrum talið, sem ÁTVR hefur selt á einni viku og er söluandvirðið um 500 milljónir króna. Höskuldur segir að um nítíu prósent af þessu magni sé bjór.

Af þeim 700 þúsund lítrum sem búist er við að afgreiða fyrir helgi fari um 100 þúsund lítrar norður á Akureyri. „Ætli við fjórföldum ekki birgðarnar miðað við venjulega viku,“ segir Ólafur Þorsteinsson í Vínbúðinni á Akureyri. Í Reykjavík er mest selt af áfengi í vínbúðunum í Holtagörðum, Kringlunni og Heiðrúnu en á landsbyggðinni taka mest til sín, auk Akureyrar, vínbúðirnar á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum.

-bs /Sjá síðu 12.




Nýtt Hagkaupsblað
fylgir Fréttablaðinu í dag*
*á völdum svæðum



## SPURNING DAGSINS

*Lárus, hannarðu þína eigin netaboli?*

„Nei, ég kaupi þá bara.“

Lárus Þór Pálmason netagerðarmeistari ætlar að stofna alþjóðlegan skóla í veiðafæragerð. Hann segir netagerð ekki ósvipaða vinnu klæðskera.

Lyfjaútgjöld Tryggingastofnunar aukast um milljarð:

# Kostnaður við geðlyf eykst um 357 milljónir króna

**HEILBRIGÐISMÁL** Kostnaður Tryggingastofnunar vegna tauga- og geðlyfja jókst um 212 milljónir á síðasta ári, um 357 milljónir frá árinu 2002, en það er alls 23 prósenta hækkun á tveimur árum. Lyfjaútgjöld stofnunarinnar jukust alls um 8,1 prósent eða um 481 milljón á síðasta ári meðan notkunin tauga- og gefðlyfja jókst um 5,5 prósent. Lyfjaútgjöld Tryggingastofnunar hafa alls hækkað um milljarð á tveimur árum og um þriðjungur af þeirri hækkun er vegna tauga- og geðlyfja.

Kostnaður vegna tauga- og geðlyfja jókst um þrettán prósent frá síðasta ári en notkun þeirra jókst þó aðeins um fjögur prósent. Kostnaður jókst mest vegna ofvirknilyfsins Concerta sem hefur verið að leysa ritalín af hólmi, eða um 51 milljón.

Aukning varð í notkun allra lyfjaflokka á árinu og er aukin lyfjanotkun fyrst og fremst rakin til þess að hlutfall eldri borgara á Íslandi hefur hækkað. Einnig hefur kostnaður hækkað vegna nýrra og dýrari lyfjagerða. **- grs**

| Lyfjaflokkur | 2002 | 2003 | 2004 | breyting frá 2004 kr. | breyting frá 2004 hlutf. |
|---|---|---|---|---|---|
| Blóðlyf | 49 | 61 | 71 | 10 | 17% |
| Sýkingalyf | 60 | 60 | 69 | 8 | 14% |
| Tauga- og geðlyf | 1.500 | 1.645 | 1.857 | 212 | 13% |
| Öndunarfæralyf | 632 | 661 | 727 | 66 | 10% |
| Æxlishemjandi og ónæmistemprandi lyf | 240 | 272 | 300 | 28 | 10% |
| Önnur hormónalyf | 78 | 76 | 84 | 8 | 10% |
| Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormóna | 237 | 237 | 254 | 17 | 7% |
| Vöðvasjúkdóma og beinagrindarlyf | 276 | 312 | 330 | 18 | 6% |
| Sníklalyf | 4 | 4 | 4 | 0 | 6% |
| Meltingarf. - og efnask.lyf | 917 | 977 | 1.028 | 51 | 5% |
| Augn- og eyrnalyf | 153 | 165 | 173 | 7 | 4% |
| Hjarta- og æðasjúkd.lyf | 1.180 | 1.344 | 1.389 | 45 | 3% |
| Önnur lyf | 5 | 8 | 10 | 2 | 26% |
| **Samtals** | **5.441** | **5.940** | **6.422** | **481** | **8%** |

*Tölur eru í milljónum króna

**LYFJAÚTGJÖLD TRYGGINGASTOFNUNAR 2002-2004** Kostnaður Tryggingastofnunar vegna lyfjakostnaðar hefur hækkað jafnt og þétt á síðustu árum. Tauga- og geðlyf eru ekki að hækka hlutfallslega mest en það munar langmest um þau.

Fíkniefnasmyglari:

# Gæsluvarðhald staðfest

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti á mánudaginn gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem héraðsdómur hafði dæmt í sex og hálfs árs fangelsi fyrir að flytja inn tæp átta kíló af amfetamíni og tvö þúsund skammta af lýsergíði. Einnig virðist maðurinn hafa átt fjögur þúsund skammta í íbúð sinn í Hollandi.

Maðurinn áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar og kærði úrskurð þess efnis að hann ætti að sæta gæsluvarðhaldi þar til málsmeðferðinni væri lokið. **- grs**

Kolmunnaveiðar:

# Kvótinn niður um fimmtung

**KOLMUNNI** Sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að íslenskum fiskiskipum verði heimilt að veiða alls 590 þúsund tonn af kolmunna. Þetta er 123 þúsund tonnum minna en heimilt var að veiða í fyrra.

Sjávarútvegsráðuneytið segir að tekið sé mið af ráðleggingum Alþjóðahafrannsóknaráðsins um mikilvægi þess að draga úr kolmunnaveiðum.

Norðmenn bönnuðu kolmunnaveiðar fyrir sitt leyti í maí. Þeir hafa nú aflétt banninu en ekkert veitt enn sem komið er.

Ríki innan Norðaustur Atlantshafsráðsins hafa ekki náð samkomulagi um skiptingu kolmunnakvótans. Brýnt er talið að þau geri tilslakanir og semji um veiðar úr stofninum. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**STÚLKA VARÐ FYRIR BÍL**
Tveggja ára stúlka varð fyrir bíl í Garði í gærmorgun þegar hún hljóp í veg fyrir hann. Bíllinn var ekki á mikilli ferð. Stúlkan slasaðist ekki alvarlega.



MYND/HJALTI STEFÁNSSON

**TJALDBÚÐIRNAR TEKNAR NIÐUR** Mótmælendurnir sem hafa hafst við í tjaldbúðum við Kárahnjúka yfirgáfu svæðið í gær. Þeir eru nú komnir á land bóndans á Vaði í Skriðdal en um 90 mínútna akstur er þaðan til Kárahnjúka.

# Mótmælendur setja upp nýjar tjaldbúðir

**Um tuttugu lögregluþjónar voru við Kárahnjúka um hádegi í gær þegar mótmælendum hafði verið gert að yfirgefa tjaldbúðir sínar. Þeir hafa sett upp nýjar tjaldbúðir sem eru töluvert langt frá virkjanasvæðinu.**

**MÓTMÆLI** Um tuttugu lögregluþjónar voru staddir á Kárahnjúkum um hádegisbilið í gær en þá rann út fresturinn sem mótmælendur höfðu til þess að ganga frá og taka saman föggur sínar að sögn Helga Jenssonar, fulltrúa sýslumannsins á Seyðisfirði. Síðasta tjaldið féll hins vegar ekki fyrr en síðdegis án þess þó að til átaka kæmi milli mótmælenda og lögreglu.

Lögregla skildi við mótmælendurna um leið og þeir komu í hlaðið á Vaði í Skriðdal hjá Guðmundi Árnasyni bónda og formanns Félags um verndun hálendis Austurlands.

„Það var nú eiginlega bara af mannúðarástæðum sem ég bauð þeim að koma til mín,“ segir Guðmundur. „Kirkjan var búin hrekja þau í burtu sem samrýmist nú ekki kenningum biblíunnar. Þannig að ég ákvað að bjóða þeim að vera hérna á túninu hjá mér.“

Um níutíu mínútna akstur er frá Vaði til Kárahnúka.

Áfram verður hert löggæsla við Kárahnjúka að sögn Helga en lögreglumönnum á Egilsstöðum hefur borist liðsstyrkur frá Ríkislögreglustjóra. Þá komu lögregluþjónar frá Eskifirði að löggæslunni við Kárahnjúka í gær.

Þremur Bretum, sem handteknir voru í átökunum við Kárahnjúka aðfaranótt þriðjudags, var sleppt í fyrrakvöld eftir að í ljós kom að Útlendingastofnun taldi ekki ástæðu til þess að vísa þeim úr landi. Fólkið fór aftur að Kárahnjúkum eftir að þeim var sleppt að sögn Gísla M. Auðbergssonar, sem skipaður hefur verið verjandi þeirra.

Gísli fór að Kárahnjúkum í gær og fundaði með mótmælendum sem hann telur hafa verið þrjátíu til fjörutíu talsins. „Ég fór yfir lögfræðilega hlið málsins með hópnum,“ segir Gísli.

Mótmælendahópurinn samanstendur að mestu af Englendingum og Skotum en auk þess voru á svæðinu nokkrir Íslendingar. Ekki er um skipulögð samtök að ræða að sögn Birgittu heldur einstaklingsframtak hvers og eins.

**helgat@frettabladid.is**
**grs@frettabladid.is**

Átök við Kárahnjúka:

# Impregilo kærir

**MÓTMÆLI** Ítalska verktakafyrirtækið Impregilo hefur sent Sýslumanninum á Seyðisfirði kæru vegna eignaspjalla af völdum mótmælenda Kárahnjúkavirkjunar að sögn Ómars R. Valdimarssonar, upplýsingafulltrúa fyrirtækisins.

Þá kærði einn yfirmanna Impregilo líkamsárás að sögn Ómars. Yfirmaðurinn hafi verið að taka myndir af mótmælendum þegar veist var að honum og hann sleginn.

Landsvirkjun hefur ekki lagt fram formlega kæru vegna eignaspjalla mótmælenda. **- ht**



**ÚTKROTAÐ SKILTI** Mótmælendurnir krotuðu á skilti, hús og vinnuvélar.

Mótmælandi á hálendinu:

# Gagnrýnir brottvísun

**MÓTMÆLI** „Aðferðir Prestssetrasjóðs lýsa ekki kristilegu hugarfari,“ segir Benóný Ægisson, einn mótmælenda við Kárahnjúka sem staddur er í Reykjavík.

Benóný er ósáttur við að hópi mótmælenda var vísað frá tjaldbúðum sínum í landi Valþjófsstaða við Kárahnjúkavirkjun. „Þau skilyrði sem sett voru í upphafi, að ganga vel um landið, hafa ekki verið brotin,“ segir Benóný. Þá gagnrýnir Benóný stuttan frest sem tjaldbúar fengu til þess að yfirgefa búðirnar. **- ht**






Veðurspáin fyrir Verslunarmannahelgina:

# Spáð er vætu víða um land

**VEÐURFAR** „Við gerum ráð fyrir góðu veðri á föstudag víðast hvar á landinu en næstu þrjá daga á eftir verður það eitthvað síðra,“ segir Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, um veðurspá helgarinnar.

„Á föstudag verður víða léttskýjað en það verður skýjað vesturlands og þar með talið í Reykjavík og ef til vill smá súld. Á laugardag er gert ráð fyrir sunnanátt með rigningu og síðan skúrum en lítil úrkoma verður norðaustan til á landinu en við gerum ekki ráð fyrir samfelldri rigningu allan daginn. Á sunnudag er svo gert ráð fyrir hægviðri eða hægri vestlægri átt. Lítilsháttar skúrir verða víða um land en líklega bjartviðri á Austurlandi þar sem ætti að verða hlýjast,“ segir Haraldur.

Á mánudag segir Haraldur að gert sé ráð fyrir austanátt með rigningu, einkum sunnanlands en það geti þó breyst enda sé sú spá nokkuð langt fram í tímann. „Ef sú spá gengur eftir er um að ræða frekar blautan dag en það á eftir að koma í ljós þegar nær dregur,“ segir Haraldur. **-hb**



**FRÁ AKUREYRI** Buslað í sjónum í veðurblíðunni. Hætt er við að vætusamt verði víða um land um helgina.



Síminn
0 kr í þrjá vini
Þú getur talað fyrir 0 kr. úr GSM hjá Símanum við:
- GSM vin í 1.200 mínútur og sent 600 SMS á mánuði
- Heimasímavin í 1.200 mínútur og sent 600 SMS á mánuði
- Útlandavin í 120 mínútur á mánuði.
Afslættir í GSM og heimasíma gilda innan kerfis Símans. Afsláttur í útlandavin gildir í heimasíma í þeim löndum sem Íslendingar hringja mest til. Tilboðið gildir fyrir GSM áskrifendur og þá sem fylla á Frelsi með kreditkorti í gegnum Mitt Frelsi. Mánaðargjald í GSM áskrift er 600 kr. á mánuði.
Sony Ericsson T630
og þráðlaust heyrnartól
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
2.980 Léttkaups-útborgun
og 1000 kr. á mánuði
í 12 mánuði
Verð aðeins 14.980 kr.
Sony Ericsson K700
Einungis fyrir GSM-kort frá Símanum
2.980 Léttkaups-útborgun
og 1.250 kr. á mánuði
í 12 mánuði
Verð aðeins 17.980 kr.
Með öllum GSM tilboðum
fylgja grúví símalínuskautar
á 2.000 kr.*
Hlífar fylgja með.
2.000 KALL
*Tilboð gildir meðan birgðir endast.
800 7000 - siminn.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,52 | 64,85 |
| Sterlingspund | GBP | 112,52 | 113,10 |
| Evra | EUR | 77,70 | 78,17 |
| Dönsk króna | DKK | 10,41 | 10,48 |
| Norsk króna | NOK | 9,80 | 9,86 |
| Sænsk króna | SEK | 8,23 | 8,27 |
| Japanskt jen | JPY | 0,57 | 0,58 |
| SDR | XDR | 92,28 | 92,90 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,28**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Minni fiskverkun innanlands og meira flutt út í gámum:

# Mestur samdráttur á Vesturlandi

**SJÁVARÚTVEGUR** Mestur varð samdráttur á vinnslu sjávarafla á Vesturlandi fyrstu fjóra mánuði ársins samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar. Í krónum talið nemur hann um 37 prósentum miðað við sama tímabil í fyrra. Einnig varð nokkur samdráttur á Vestfjörðum og Suðurnesjum. Aftur á móti jókst vinnsluverðmætið um fjórðung á Suðurlandi og einnig jókst vinnsla í höfuðborginni.

Um átján prósenta aukning varð fyrstu fjóra mánuði ársins á útflutningi ferskfisks í gámum miðað við sama tímabil í fyrra. Á sama tímabili varð fimm prósenta samdráttur á sölu afla á mörkuðum innanlands.

Aflaverðmæti fyrstu fjóra mánuði ársins var liðlega fjórum prósentum meira en á sama tímabili í fyrra eða 25,9 milljarðar króna.

Verulegur samdráttur varð á verðmæti rækjuafla og annarra krabbadýra og nokkur samdráttur varð í verðmæti þorskaflans. Aftur á móti jókst verðmæti ýsuaflans um 28 prósent frá fyrstu fjórum mánuðum síðasta árs. Verðmæti loðnu- og kolmunna afla jókst umtalsvert fyrstu fjóra mánuði þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra. - jh



**MISJAFNT GENGI EFTIR LANDSHLUTUM** Fiskvinnslan skreppur verulega saman á Vesturlandi fyrstu fjóra mánuði ársins. Útflutningur á ferskfiski í gámum eykst.



**LÖGREGLA VIÐ MÆLINGAR** Um tuttugu lögreglubílar verða með stafrænan búnað sem hljóð- og myndritar samskipti lögreglumanna og ökumanna.

Verslunarmannahelgin:

## Umferðareftirlit aukið

**VERSLUNARMANNAHELGIN** Umferðareftirlit verður aukið verulega um verslunarmannahelgina. Kominn er nýr búnaður í 35 lögreglubíla sem mælir hraða ökutækja óháð akstursstefnu lögreglubílsins. Gert er ráð fyrir því að um áttatíu ökutæki frá lögreglunni verði á ferðinni og einhver þeirra ómerkt, án þess að dregið verði úr löggæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Löggæsla verður aukin í flestum umdæmum um helgina og sérstaklega þar sem útisamkomur verða. Viðbótarlöggæslu á vegum Ríkislögreglustjóra verður beint á þá staði þar sem þörfin þykir mest hverju sinni. - grs

Aldrei meiri rigning:

## Bombay lömuð

**INDLAND, AP** Aldrei hafa mælst jafnmiklar rigningar í Indlandi og síðustu tvo daga. Þar sem mest er hefur regnið mælst 97 sentimetrar á þriðjudaginn. Fjármálahöfuðborgin Bombay hefur verið algerlega lömuð vegna flóðanna. Yfir tvö hundruð hafa fundist látnir og þar af yfir áttatíu í Bombay og búist er við því að margir finnist til viðbótar á næstu dögum, en flóðin eru nú í rénun.

Alvanalegt er að miklar rigningar og flóð séu í landinu á þessum árstíma, en svo mikil rigning er einsdæmi. ■

# Meintur hryðjuverkamaður handtekinn í Birmingham

**Breska lögreglan handtók mann í Birmingham í gærmorgun sem fjölmiðlar fullyrða að sé einn hinna meintu sprengjutilræðismanna. Fleiri handtökur voru einnig gerðar í tengslum við málið í gær. Alls eru níu manns í haldi lögreglunnar í tengslum við rannsókn hryðjuverkaárásanna í London.**

**BRETLAND, AP** Breska lögreglan réðst til inngöngu í hús í Birmingham fyrir dögun í gærmorgun og beitti rafbyssu til að yfirbuga mann sem að sögn vitnis og fjölmiðla er sagður vera Yasin Hassan Omar, einn þeirra fjögurra sem stóð að sprengjutilræðunum í jarðlestum og strætisvagni í Lundúnum fyrir viku.

Sprengjusérfæðingar lögreglunnar, sumir í brynklæðum, sáust fara inn í bygginguna eftir að lögregla hafði rekið fólk úr um hundrað nærliggjandi húsum. Húsið þar sem handtakan fór fram er í friðsælu hverfi þar sem fólk af ýmsum uppruna býr.





**YASIN HASSAN OMAR** Þessa mynd úr eftirlitsmyndavél birti Lundúnalögreglan af manninum sem reyndi að sprengja sprengju í jarðlest við Warren Street-stöðina síðastliðinn fimmtudag. Hann er sagður hafa verið handtekinn í Birmingham í gærmorgun.

Þrír aðrir menn voru handteknir í áhlaupi lögreglu á annað hús í Birmingham í gærmorgun. Engum skotum var hleypt af.

Þá var einn maður handtekinn á Luton-flugvelli nærri Lundúnum, í nafni hryðjuverkavarnalaga. Maðurinn var á leið til Frakklands. Lögregla vildi ekkert segja um hvers vegna maðurinn var handtekinn, en samkvæmt heimildum fjölmiðla líktist hann einum hinna eftirlýstu.

Lögreglan vildi heldur ekki staðfesta fregnir fjölmiðla um að sá sem fyrstur var handtekinn í Birmingham væri Omar. Að minnsta kosti eitt vitni sagði hinn handtekna líkjast mjög myndinni af Omar, sem er 24 ára að aldri og fluttist ungur til Bretlands frá Sómalíu.

Lundúnalögreglan leitaði líka í tveimur íbúðum í norðurhluta borgarinnar í gær, í hverfunum Finchley og Enfield. Enginn var handtekinn í þeim en vettvangsrannsóknargögnun var safnað, að sögn talsmanns lögreglunnar.

Með handtökunum í Birmingham eru nú alls níu manns í haldi lögreglu í tengslum við rannsókn sprengjutilræðanna 21. júlí.

Auk þess voru tveir menn handteknir í lest á leiðinni frá Newcastle til Lundúna seint í fyrrakvöld. Handtökurnar fóru einnig fram í nafni hryðjuverkavarnalaga, en ekki var upplýst frekar hvort þær tengdust rannsókninni á Lundúnaárásunum.

audunn@frettabladid.is

MYND/AP



**BRYNKLÆDDUR SPRENGJUSÉRFRÆÐINGUR** Sprengjusérfræðingur gengur inni í húsið þar sem Hassan Omar dvaldi. Húsið er í friðsælu hverfi í Birmingham.





## VEÐRIÐ Í DAG

**FRAMUNDAN ER STÓR FERÐAHELGI** Já framundan er ein stærsta ferðahelgi ársins, fyrsta helgin í ágúst. Eins og staðan er nú er útlit fyrir hið þokkalegasta veður þó ef til vill verði ekki skínandi sól alla helgina. Það er helst að sjá í kortunum nú að það verði suðlægar og síðar suðaustlægar áttir. Yfirleitt fremur hægar, síst kannski allra vestast. Horfur eru á úrkomulitlu veðri, í það minnsta framan af. Á sunnudag gæti þó farið að rigna við austur- og suðausturströndina.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi





### Á morgun





Hæglætisveður.

### Fimmtudagur





Strekkingur með ströndum sunnan og austan til, annars hægari.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C | heiðskírt | París | 30°C | heiðskírt | Alicante | 31°C | heiðskírt |
| Osló | 22°C | heiðskírt | Berlín | 30°C | alskýjað | Milano | 34°C | heiðskírt |
| Stokkhólmur | 18°C | hálfskýjað | Frankfurt | 30°C | heiðskírt | New York | 26°C | alskýjað |
| Helsinki | 14°C | skúrir | Madrid | 34°C | skúrir | San Francisco | 20°C | hálfskýjað |
| London | 20°C | hálfskýjað | Barcelona | 32°C | heiðskírt | Orlando/Florida | 31°C | hálfskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




Himinn og haf / SÍA / 9050533

# SPRON Námskort – bankaþjónusta fyrir allar tegundir námsmanna

## Nýjung í Námskortinu



- Frítt EGO-kreditkort með 5000 kr. ferðaávísun og 2000 kr. bensíninneign hjá EGO-bensínstöðvunum*
- Tilboð á fartölvum hjá TASK og Hp-búðinni og frí fartölvutrygging
- Frítt Einkaklúbbskort
- 25% afsláttur af mánaðaráskrift hjá tonlist.is
- Ekkert árgjald . . .






. . . auk þess fylgja kortinu, námsstyrkir, bókastyrkir, tölvukaupalán, greiðsluþjónusta, ferðalán, frír GSM-banki og heimabanki, bankaábyrgð á LÍN, framfærslulán LÍN í erlendri mynt o.fl.

**Coldplay-tónleikar í USA!**

Notaðu Námskortið fyrir 10. sept. og taktu þátt í leik á spron.is – þú gætir unnið miða á Coldplay í USA, Ipod með 50 laga inneign á tónlist.is, árskort í bíó og margt fleira.

spron – *fyrir allt sem þú ert*

*Gildir til 17. september –
bensíninneignin verður endurgreidd inn á kortið mánaðamótin september/október

**www.spron.is • Sími 550-1200**



## KJÖRKASSINN

*Styður þú málstað mótmælendanna við Kárahnjúka?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 31% |
| Nei | 69% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlarðu í útilegu um verslunarmannahelgina?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Fyrsta verk geimfaranna á Discovery var að kanna hvort einhverjar skemmdir hefðu orðið í flugtaki:

# Tveir hlutir losnuðu af geimskutlunni

**GEIMSKOT** Geimfararnir á bandarísku geimskutlunni Discovery hófu fyrsta vinnudag sinn úti í geimnum í gær með því að kanna vandlega hvort nokkrar skemmdir hefðu orðið á nefi og vængjum skutlunnar í flugtaki í fyrradag.

Fjögurra sentimetra löng einangrunarflís losnaði af maga skutlunnar þegar hún tókst á loft en auk þess virtist sem stærri hlutur, sem sagður er vera úr einangrun skutlunnar, hafi brotnað frá utanáliggjandi eldsneytistanki á skutlunni.

Talsmenn geimferðarstofnunarinnar NASA sögðu í gær að enn væri of snemmt að segja til um hvort stykkin sem losnuðu hefðu valdið skemmdum á skutlunni.

Flugtak skutlunnar hefur ekki gengið áfallalaust fyrir sig því fresta þurfti áætluðu flugtaki, sem átti að fara fram fyrir um hálfum mánuði, vegna bilunar í eldsneytismæli. Ekki tókst að lagfæra bilunina en flauginni var samt sem áður skotið á loft.

Þetta er fyrsta ferð bandarískrar geimskutlu frá því að Columbia fórst í aðflugi fyrir um tveimur árum en þá vissu sérfræðingar NASA af bilun sem var til staðar í búnaði Columbiu.

- sda



**DISCOVERY TEKST Á LOFT** Skutlunni var skotið út í geim í fyrradag.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON.** Forsætisráðherra fer til Kanada í dag.

Forsætisráðherra:

## Halldór í vesturheim

**STJÓRNSÝSLA** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra og Sigurjóna Sigurðardóttir, eiginkona hans, halda í opinbera heimsókn til Kanada í dag. Halldór hittir meðal annarra forsætisráðherra Kanada Paul Martin auk þess sem hann heldur hátíðarræðu og tekur þátt í hátíðarhöldum á Íslendingadeginum í Gimli í Manitoba. Þá heimsækir Halldór Manitoba-háskóla í Winnipeg og Íslendingabyggðir í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum.

-hb

Mannekla hjá Strætó:

## Aukaferðum sleppt

**ALMENNINGSSAMGÖNGUR** Næstu þrjá daga frá og með deginum í dag verða aukaferðir strætó eftir stofnleiðum á álagstímunum felldar niður. Ekki verður því ekið á tíu mínútna fresti, en að öðru leyti gildir leiðabókin. Á laugardaginn verður ekið á hálftíma fresti.

Hjá Strætó bs. fengust þær skýringar að ástæðan væri fyrst og fremst mannekla. Stöðugildum vagnstjóra hefði fjölgað við tilkomu nýja leiðakerfisins og ekki hefði tekist að ráða nógu marga afleysingamenn vegna sumarleyfa.

- grs

# Um þúsund manns komin á Þjóðhátíð

**Verslunarmannahelgin er að bresta á. Víða um land verða skipulagðar hátíðir. Veðurblíðan undanfarið hefur auðveldað mótshöldurum lífið. Þegar er uppselt í Herjólf nema í næturferðir. Húkkaraballið í Vestmannaeyjum er í kvöld.**

**ÚTIHÁTÍÐIR** Tæplega þúsund manns eru þegar komnir til Vestmannaeyja þótt Þjóðhátíð hefjist ekki formlega fyrr en á föstudaginn. „Hér gengur allt saman eins og best verður á kosið," segir Páll Scheving, framkvæmdastjóri ÍBV, en félagið hefur umsjón með framkvæmd Þjóðhátíðarinnar í Vestmanneyjum. Í dag verður lögð lokahönd á undirbúninginn enda verður húkkaraballið svokallaða í kvöld.

Veðurblíðan undanfarna daga hefur auðveldað allan undirbúning hjá mótshöldurum víða um land.

„Það er miklu auðveldara að fá fólk til að aðstoða og vinna sjálfboðaliðavinnu þegar svona viðrar. Þetta gengur eins og í sögu. Hér voru um sjö til átta þúsund manns í fyrra og við búumst við fleiri gestum í ár enda er þegar orðið uppselt í Herjólf nema í næturferðirnar," segir Páll.

Á Akureyri er fjölskylduhátíðin Ein með öllu haldin í fimmta skiptið í ár.

„Við erum búnir að gera góðan samning við veðurguðina og það er stærsti samningurinn sem við gerum. Annars verður nóg af afþreyingu fyrir alla aldurshópa enda er þetta hátíð fyrir alla fjölskylduna," segir Bragi Bergmann á Akureyri. Hann ætlar að milli sextán og sautján þúsund manns hafi lagt leið sína til Akureyrar síðastu verslunarmannahelgi og býst við svipuðum fjölda í ár.

Í Galtalæk fer fram Bindindismót í 45. skipti.



**FJÖR Í DALNUM** Víst er að stemning verður í Herjólfsdal um helgina líkt og Verslunarmannahelgina í fyrra. Þegar er fjöldi fólks kominn til Vestmannaeyja.

„Það er gaman að skemmta sér edrú og fyrir það stöndum við. Þetta er hátíð fjölskyldunnar og þeirra sem vilja skemmta sér án vímuefna. Hér er nóg um að vera, mikið af leiktækjum fyrir krakka og afþreying fyrir alla aldurshópa," segir Sævar Finnbogason, sem er í undirbúningsnefnd mótsins. Hann segir að um fjögur þúsund manns hafi lagt leið sína í Galtalæk í fyrra og vonast eftir fleira fólki í ár.

Á Neskaupstað fer fram útihátíðin Neistaflug.

„Þetta hefur verið undirbúningsvinna frá því í maí. Allt er á ætlun og nú er verið að leggja lokahönd á undirbúninginn. Samanlagt má ætla að með heimamönnum hafi verið hér milli þrjú og fjögur þúsund manns og þar af eru því tæplega tvö þúsund gestir. Við hlökkum mikið til hér á Neskaupstað," sagði Höskuldur Björgúlfsson.

hjalmar@frettabladid.is



**GRÁTIÐ VIÐ RÉTTARSALINN** Ónefnd kona grætur fyrir utan réttarsalinn í Angers þar sem réttarhöldin yfir barnaníðingunum fóru fram.

Réttarhöld yfir barnaníðingum:

## Tveir fengu 28 ára dóm

**FRAKKLAND, AP** Franskur dómstóll sakfelldi í gær 62 einstaklinga fyrir þátttöku þeirra í hring þar sem börn voru með kerfisbundnum hætti misnotuð, þeim nauðgað og sett í vændi. Málið er það stærsta af þessu tagi sem hefur komið upp í Frakklandi. Tveir sakborninganna voru dæmdir í 28 ára fangelsi.

Börnin voru á aldrinum sex mánaða til fjórtán ára. Þau voru misnotuð af foreldrum eða fósturforeldrum og vinafólki þeirra, stundum í skiptum fyrir áfengi, tóbak, mat eða sígarettur.

Þrír voru sýknaðir. ■

Voru í Baath-flokknum:

## Vilja reka dómara Saddams

**ÍRAK, AP** Sautján af starfsmönnum réttarins, sem undirbýr nú réttarhöldin yfir Saddam Hussein, gætu misst störf sín þar sem þeir voru félagsmenn í Baath-flokki Saddams Hussein. Íraska þingið greiðir atkvæði um þetta um helgina, en einhver andstaða er þó við það innan þingsins.

Einn þeirra sem kann að missa vinnuna er aðalrannsóknardómarinn Raid Juhi, en myndband af honum að yfirheyra Saddam hefur birst í sjónvarpi víða um heim. ■




SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580


Fasteignaverð í Reykjavík og á Akureyri:

# Verðmunur aukist síðustu ár

**AKUREYRI** Verðbilið á fasteignum í Reykjavík og Akureyri hefur aukist verulega á fimm til tíu árum.

Gísli Gunnlaugsson, sölumaður á Framtíðareign á Akureyri, segir að á venjulegri blokkaríbúð hafi verðmunurinn verið 10-15 prósent fyrir nokkrum árum en bilið hafi aukist nú og sé 30-35 prósent.

„Við tökum alltaf aðeins seinna við okkur hérna því við viljum sjá hvort háa verðið haldi fyrir sunnan. Það gæti verið hluti af skýringunni. Skortur á lóðum, vaxalækkun og auknir lánamöguleikar hafa valdið stórum hluta af verðhækkuninni fyrir sunnan. Ég hef á tilfinningunni að sú hækkun eigi eftir að skila sér hér á Akureyri," segir hann.

Gísli telur að húsnæði á Akureyri eigi eftir að hækka um 10-20 prósent til viðbótar við þá 20 prósenta hækkun sem þegar hefur átt sér stað á þessu ári. „Það er frekar óvenjulegt því að undanfarin ár hefur heldur aukist bilið milli íbúðaverðs í Reykjavík og á Akureyri," segir hann.

-ghs



**GÍSLI GUNNLAUGSSON** Sölumaður á Framtíðareign telur að fasteignaverð eigi eftir að hækka um 10-20 prósent á Akureyri á næstunni.

# Ég fer í fríið




**Frábært verð á samlokum**
- gildir aðeins út laugardag

TILBOÐ **128** kr/stk
Verð áður 228,-




40% afsláttur við kassa

Kryddlegnar **svínakótilettur** m/beini

TILBOÐ **935** kr/kg
Merkt verð 1.559,-




15% afsláttur

Nýslátrað og ferskt **lambalæri og hryggir**

Slátrun 2005




TILBOÐ **149** kr/pk
Verð áður 199,-

**Pagen** kanilsnúðar
- ómissandi í útileguna eða ferðalagið



TILBOÐ **299** kr/stk
Verð áður 325,-

**Möndlukaka**
- við öll tækifæri




TILBOÐ **169** kr/stk
Verð áður 259,-

**Lays** snakk
- 4 tegundir




20% afsláttur við kassa

**Cadburys** og **Burtons** kex
- fjöldi spennandi tegunda




20% afsláttur við kassa

**Svali** 250 ml. 7 tegundir




TILBOÐ **279** kr/stk
Verð áður 349,-

**Kettle chips** hágæða ekta kartöfluflögur

Gildir til 1. ágúst eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**Kodak EasyShare C300**

- 3,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1,5" skjár
- Tekur video
- Auðveld í notkun
- Verð: 9.900 kr




SUMARTILBOÐ

**Kodak EasyShare LS755**

- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5" skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tökustillingar
- Verð: 34.900 kr
- Verð áður ~~39.900~~ kr




**Kodak EasyShare LS743**

- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett
- Verð: 24.900 kr




www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN

Kodak EXPRESS

* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða


Átaki gegn nauðgunum hrint úr vör:

# Vilja breyta hugsunarhætti

**NAUÐGANIR** „Tilgangur átaksins er að fá karla til þess að velta fyrir sér eðli og alvarleika nauðgana," segir Arnar Gíslason, meðlimur í Karlahóp Femínistafélagsins. Hópurinn ýtti átakinu „Karlmenn segja nei við nauðgunum" úr vör í gær.

„Karlmenn eru í lykilstöðu til þess að breyta þessu máli," segir Arnar. „Það hefur lengi verið litið á nauðganir sem vandamál kvenna en því viljum við breyta."

Arnar segir erfitt að segja til um árangur af átakinu strax, þar sem tilgangur þess sé fyrst og fremst að breyta hugsunarhætti fólks. „Við vonumst þó til þess að með tímanum skili þetta sér í meiri virðingu karla fyrir konum og komi þannig í veg fyrir nauðganir."

Átakinu er hrint í framkvæmd nú fyrir verslunarmannahelgina, þegar umræða um nauðganir er oft áberandi. „Við viljum þó leggja áherslu á það að nauðganir eru vandamál allan ársins hring, ekki bara um verslunarmannahelgina," segir Arnar. **- ht**



**GEGN NAUÐGUNUM** Karlahópur Femínistafélagsins og V-dags samtökin kynntu stefnu sína og baráttumál gegn nauðgunum í Hljómskálagarðinum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR



**ÁRNI SIGFÚSSON OG VIÐAR MÁR AÐALSTEINSSON** Bæjarstjórinn og framkvæmdastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs í nýju Tjarnarhverfi í Reykjanesbæ.

# Undrandi á fjölgun í Reykjanesbæ

**Fleiri en þúsund nýjar íbúðir eru annað hvort í byggingu eða í undirbúningi í Reykjanesbæ. Þrátt fyrir að nær enginn sé enn fluttur inn í nýju hverfin hefur íbúum bæjarins fjölgað um meira en 2,3 prósent frá áramótum.**

**REYKJANESBÆR** Íbúum í Reykjanesbæ hefur fjölgað um meira en 2,3 prósent frá áramótum og er íbúafjöldi bæjarins kominn yfir 11.200 manns. Þetta er þrátt fyrir að nýtt Tjarnarhverfi sé enn í byggingu og þangað séu fáir fluttir inn.

Þegar Tjarnarhverfið verður fullbyggt verða þar 550 nýjar íbúðir sem gera má ráð fyrir að hýsi í kringum 1.500 manns. Árni Sigfússon bæjarstjóri í Reykjanesbæ segist vera undrandi á þessari fjölgun og vart átta sig á því hvernig á henni standi. Hann segir þetta vera athyglisverðan árangur, ekki síst í ljósi þess að nær enginn sé fluttur inn í nýju íbúðirnar í Tjarnarhverfinu.

Í nýja hverfinu er nú unnið að byggingu nýs skóla og leikskóla og segir Árni áhersluna vera á að þær stofnanir verði komnar í gagnið áður en þorri fólks flytji inn í hverfið. Árni segist búast við því að skólastarf hefjist í hverfinu nú í haust og íbúarnir flytji inn á haustmánuðum og eitthvað fram yfir áramót. Fyrstu íbúðirnar í hverfinu, við Skólabraut, voru fullbúnar nú í júlí og er fólk flutt inn í hluta þeirra.

Austan Tjarnarhverfis stendur svo til að byggja annað hverfi, Dalshverfi, sem fullbúið rúmar álíka margar íbúðir og Tjarnarhverfið. Því er ljóst að ef allt gengur eftir fjölgar íbúum Reykjanesbæjar um tvö til þrjú þúsund á allra næstu árum. Nú þegar hafa yfir hundrað umsóknir borist um byggingarlóðir í Dalshverfinu.

Aðspurður hvort atvinnuástandið á svæðinu sé til þess fallið að taka við hinni miklu fjölgun segist Árni síður en svo hafa áhyggjur af því. Hann segir að nóg sé að gera, sérstaklega í byggingariðnaðinum. „Það þarf marga í verkin og sérstaklega vantar iðnaðarmenn jafnt sem óbreytta til að vinna við að reisa nýju hverfin," segir Árni.

Eins segir Árni að fólk hafi vantað í margs konar störf í bænum undanfarið, til dæmis í iðnað, verslun og skrifstofustörf.

**oddur@frettabladid.is**

Viðræður um kjarnavopnaáætlun Norður-Kóreu:

# Beina kröfum til Bandaríkjamanna

**NORÐUR-KÓREA** Fulltrúar Norður-Kóreustjórnar sögðu í gær að hún myndi þá aðeins hætta við kjarnavopnaáætlun sína ef sú ógn sem hún teldi Kóreuskaganum stafa af bandarískum kjarnavopnum yrði fjarlægð og samskipti við Bandaríkjastjórn færð í eðlilegt horf. Frá þessu greindi suður-kóreska fréttastofan Yonhap.

Norður-Kóreumenn krefjast þess enn fremur að Bandaríkjastjórn hverfi frá öllum áformum um að steypa kommúnistastjórninni í Pyongyang, að hún komi á kerfi sem geri friðsamlega sambúð mögulega og lofi því að beita ekki kjarnorkuvopnum. Að því er fullyrt er í frétt Yonhap er þetta haft eftir formanni viðræðunefndar Norður-Kóreustjórnar, varautanríkisráðherranum Kim Kye Gwan, á öðrum degi nýrrar lotu sex ríkja viðræðnanna svonefndu, sem fram fara í Kína. Hlé hafði verið á viðræðunum frá því í júní 2004. Að þeim koma fulltrúar Norður- og Suður-Kóreu, Kína, Japans, Rússlands og Bandaríkjanna. **- aa**



**ÁRÓÐRI HÆTT** Suður-kóreskir hermenn taka niður hátalara sem notaðir voru til að útvarpa áróðri til Norður-Kóreu. Ríkin tvö hafa samið um að hætta slíkum áróðri til að draga úr spennu.

# BÍLAÞING HEKLU

*Númer eitt í notuðum bílum*




## KLETTHÁLSI OG LAUGAVEGI

**BÍLAÞING HEKLU** verður framvegis á tveimur stöðum. Að Laugavegi 174 og í nýjum og glæsilegum húsakynnum að Klettháls 11.




# ÓMÓTSTÆÐILEG OPNUNARTILBOÐ!

Í tilefni af opnun nýja Bílaþingsins bjóðum við sérstök vildarkjör og 100% fjármögnun á völdum bílum til mánaðamóta eða á meðan birgðir endast.



**Ford Mondeo**
Skráður 24.9.98, ek. 105 þ. km
2 l bensín beinsk.
Ásett verð: 790.000
**Tilboðsverð: 590.000**



**MMC Space Star**
Skráður 5.6.02, ek. 65 þ. km
1,6 l bensín sjálfsk.
Ásett verð: 1.090.000
**Tilboðsverð: 850.000**



**VW Caddy**
Skráður 18.8.00, ek. 79 þ. km
1,6 l bensín beinsk.
Ásett verð: 690.000
**Tilboðsverð: 490.000**



**VW Passat Basicline**
Skáður 4.4.97, ek.120 þ. km
1,6 l bensín beinsk.
Ásett verð: 670.000
**Tilboðsverð: 480.000**



**VW Polo**
Skráður 26.2.02, ek. 44 þ. km
1,4 l bensín beinsk.
Ásett verð: 990.000
**Tilboðsverð: 820.000**



**Suzuki Baleno**
Skráður 3.6.99, ek. 87 þ. km
1,6 l bensín beinsk.
Ásett verð: 590.000
**Tilboðsverð: 350.000**



**Skoda Octavia 4x4**
Skráður 20.3.02, ek. 166 þ. km
2 l bensín beinsk.
Ásett verð: 1.050.000
**Tilboðsverð: 780.000**



**VW Passat AT**
Skráður 2.11.01, ek. 91 þ. km
2 l bensín sjálfsk.
Ásett verð: 1.590.000
**Tilboðsverð: 1.390.000**



**Opel Zafira**
Skráður 26.6.00, ek. 81 þ. km
1,8 l bensín beinsk.
Ásett verð: 1.230.000
**Tilboðsverð: 990.000**



**Skoda Octavia**
Skráður 30.5.03, ek. 59 þ. km
1,6 l bensín beinsk.
Ásett verð: 1.420.000
**Tilboðsverð: 1.270.000**



**MMC Pajero Sport 33"**
Skráður 27.3.01, ek. 73 þ. km
2,5 l dísil beinsk.
Ásett verð: 2.490.000
**Tilboðsverð: 2.150.000**



**MMC Pajero Sport**
Skráður 11.12.01, ek. 55 þ. km
3 l bensín sjálfsk.
Ásett verð: 2.490.000
**Tilboðsverð 2.250.000**



**Nissan Terrano II**
Skráður 4.12.98, ek. 175 þ. km
2,7 l dísil sjálfsk.
Ásett verð: 1.430.000
**Tilboðsverð: 1.180.000**



**MMC Pajero Pinin**
Skráður 20.6.02, ek. 57.000 km
1,8 l bensín beinsk.
Ásett verð: 1.390.000
**Tilboðsverð: 1.050.000**



**Land Rover Freelander V6**
Skráður 25.6.02, ek. 44 þ. km
2,5 l bensín sjálfsk.
Ásett verð: 2.240.000
**Tilboðsverð: 1.980.000**

HEKLA
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

**100%**
**fjármögnun í boði**

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

Kletthálsi 11
Laugavegi 174
Sími: 590 5040

HVITA HUSID / SÍA - 3294




Ráðherra veldur hneykslan:

# Sagði íslam ekki siðmenningu

**ÍTALÍA, AP** Ummæli ráðherra í ítölsku ríkisstjórninni, þess efnis að íslam væri ekki siðmenning, hefur valdið mikilli hneykslan á Ítalíu. Hafa talsmenn stjórnar- og stjórnarandstöðuflokka fordæmt ummælin og lagt áherslu á að samræður við hófsama múslima séu lykillinn að baráttunni gegn hryðjuverkum.

Roberto Calderoli, ráðherra kerfisumbóta, lét þau orð falla á þriðjudag að nýjustu hryðjuverkaárásirnar væru afleiðing „áreksturs milli siðmenningar og ekki-siðmenningar“. „Að skilgreina íslam sem siðmenningu væri ofrausn,“ sagði Calderoli, en hann kemur úr Norðurbandalaginu, hægriflokki á Norður-Ítalíu sem hefur beitt sér mjög fyrir takmörkunum á innflytjendastraumi og róttækum ráðstöfunum gegn hryðjuverkaógninni.

En Calderoli á sér augsýnilega ófá skoðanasystkin. Í síðustu viku kom út þriðja bók ítalska rithöfundarins Oriana Fallaci, þar sem hún skrifar um ógnina sem Evrópu og vestrænni menningu stafar af múslimum. Fyrri bækur hennar um efnið hlutu metsölu. - aa


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**UMMÆLI FORDÆMD** Romano Prodi, leiðtogi ítölsku stjórnarandstöðunnar, fordæmdi orð ráðherrans Calderoli um að íslam væri ekki siðmenning.

Erlendur tékkafalsari:

## Í varðhaldi fram á haust

**DÓMSMÁL** Kona á þrítugsaldri sem segist vera frá Líberíu en framvísaði fölsuðu bresku vegabréfi við komu til landsins í maí hefur verið dæmd í gæsluvarðhald til 14. október.

Konan framseldi falsaða tékka hér á landi að andvirði rúmrar milljónar króna en neitar að sér hafi verið kunnugt um að þeir væru falsaðir. Hún var sýknuð af að hafa staðið í skjalafalsi og stórfelldum auðgunarbrotum í slagtogi við annan mann, en sá var sakfelldur og hlaut fimmtán mánaða fangelsisdóm. Maðurinn kveðst vera frá Nígeríu en rannsókn lögreglu á því hver kærða er í raun heldur áfram. - ht



**ÍSLENSKUR REFUR** Sveitarfélög á Vestfjörðum og víðar eru farin að draga úr veiðum á tófu og mink vegna aukins kostnaðar.

# Minna veitt af minki

**Sveitarfélögum ber samkvæmt lögum að eyða grenjum en sökum minnkandi þátttöku ríkisins í kostnaði við veiðar er víða misbrestur á því, einkum í fámennum sveitarfélögum með mikið landsvæði.**

**UMHVERFISMÁL** „Ég hef verið að fá fleiri minka í vor en dæmi eru um án þess að hafa aukið sóknina,“ segir Guðbrandur Sverrisson, sem eyðir dýrum fyrir þrjú sveitarfélög á Vestfjörðum. Hann segist lengst af hafa verið að fá um hundrað dýr á ári en hafi fengið 170 í fyrra og ef fram heldur sem horfir nær hann yfir tvö hundruð dýrum í ár. „Samt virðist þeim fjölga á svæðinu.“

Samkvæmt lögum ber sveitarfélögum að eyða tófu- og minkagrenjum og lengi vel skiptist kostnaður jafnt á milli ríkis og sveitarfélaga. Þótt sama upphæð hafi árum saman verið eyrnarmerkt veiðunum á fjárlögum hefur aukafjárveiting jafnan verið samþykkt fyrir því sem upp á hefur vantað, þar til fyrir þremur árum. Nú er hlutfall ríkisins komið undir þrjátíu prósent.

Þá benda margir sveitarstjórnarmenn á að sveitarfélög geti ekki nýtt virðisaukaskatt sem þeir greiði veiðimönnum, sér til lækkunar. Því sé hlutur ríkisins í veiðunum ekki mikið hærri en það sem þeir borgi í skatt til ríkisins vegna veiðanna.

Hjá Ísafjarðarbæ fengust þær upplýsingar að á tæplega 700 kílómetra strandlengju séu einu minkaveiðarnar fólgnar í því að 12-14 æðarvörp séu vöktuð. Bærinn greiðir ekki öðrum en ráðnum veiðimönnum fyrir veiðar og þær standi aðeins yfir í þrjá mánuði á ári. Í Súðavíkurhreppi, með 250 kílómetra strandlengju í Ísafjarðardjúpi er minki eytt skipulega en ekki er gengið á tófugreni, heldur aðeins sinnt útköllum frá bændum.

„Okkur er ekki vel við refinn en gerum þetta til að leggja áherslu á misvægið,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri. „Við bindum miklar vonir við að ríkið komi meira að þessu og geri okkur kleift að sinna þessu með jafnmiklum sóma og áður fyrr.“

Ómar segir kostnað sveitarfélagsins við veiðar nema tíu þúsund krónum á hvern íbúa. „Það jafngildir því að Reykjavík setti rúman milljarð í að eyða meindýrum.“

grs@frettabladid.is

Álver í Reyðarfirði:

## Risakrani rís við höfnina

**ÁLVERSFRAMKVÆMDIR** Verið er að reisa nýjan hafnarkrana Samskipa við álvershöfnina í Reyðarfirði en kraninn er 400 tonn á þyngd. Kraninn verður notaður við höfnina á meðan á byggingarframkvæmdum álversins stendur. Undirstaða kranans sem vegur 100 tonn hefur þegar verið sett saman ásamt stjórnklefanum og 60 tonna mastri. Á næstu dögum verður bóma sett á mastrið auk hífibúnaðar.

Bechtel hefur gert samning við Samskip um að ferma og afferma skip við höfnina á meðan á byggingarframkvæmdum álversins stendur. ■



**ÁLVERSHÖFNIN Í REYÐARFIRÐI** Mastur nýja kranans gnæfir við himin.



## Framtíðarstarf og sumarafleysingar

**AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum á lyftara og í lagerstörf.**

Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar. Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnu-aðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraft-miklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is upplýsingar gefur Trausti í síma 693-5602.

AÐFÖNG



**ÁSTÞÓR MAGNÚSSON OG NATALÍA WIUM** Ástþór hefur kært DV fyrir meiðyrði.

Ástþór Magnússon:

## Kærir DV fyrir rógburð

**RÓGBURÐUR** Ástþór Magnússon hefur kært ritstjórn DV fyrir meiðyrði vegna greinar sem birtist í blaðinu á þriðjudaginn var. Á forsíðu blaðsins var fyrirsögnin: „Ástþór Magnússon: Blindfullur í miðbænum“. Í greininni sjálfri var svo sagt að Ástþór hefði verið í fylgd óþekktrar kærustu og að hann hefði gert sig líklegan til slagsmála.

Ástþór vísar í fréttatilkynningu söguþögnum DV á bug og segir atburðarásina sem lýst er í DV uppspuna. Einnig áréttar hann að þau Natalía Wium séu enn gift og vilji vinna úr sínum einkamálum án afskipta DV. - oá

Erlendir ferðamenn:

## Veltu jeppa eftir árekstur

**BÍLVELTA** Jeppi valt eftir árekstur við fólksbíl á gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar laust eftir klukkan átta í gærmorgun.

Miklar umferðartafir urðu í kjölfar óhappsins en draga þurfti báða bílana burt. Þrír farþegar voru í jeppanum auk ökumanns, allt erlendir ferðamenn. Ökumaðurinn kvartaði undan eymslum í læri en taldi ekki ástæðu til að leita læknis að svo stöddu. Ökumaður fólksbílsins slapp ómeiddur. - ht

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SIGLT UPP Í FJÖRU** Smábátur strandaði fyrir neðan bæinn Setberg á Grundarfirði í gærmorgun eftir að honum var siglt upp í fjöru. Tveir menn voru í bátnum og sakaði þá ekki. Naut lögregla aðstoðar björgunarsveita við að draga bátinn aftur á flot en skemmdir á honum eru taldar óverulegar.

**VALT EFTIR ÁREKSTUR VIÐ VÖRUBIFREIÐ** Fólksbifreið var dregin af vettvangi eftir árekstur við vörubifreið á Reykjanesbraut við Álftanesveg á níunda tímanum í gærmorgun. Ökumenn beggja bifreiða voru fluttir á slysadeild til athugunar en meiðsl þeirra voru talin minniháttar.


Átt þú von
á glaðningi frá
skattinum?
Um þessar mundir fá fjölmargir Íslendingar endurgreiðslu frá Ríkisskattstjóra. Ef þú ert í þeim hópi getur verið skynsamlegt að leggja upphæðina fyrir. KB banki býður upp á frábærar sparnaðarleiðir. Framlengdu ánægjuna og leggðu endurgreiðsluna í sparnað.
Nánari upplýsingar á kbbanki.is, í þjónustuveri í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.
**Markaðsreikningur:** Vextir eru 5,0-8,15% stighækkandi eftir upphæð.
**Kostabók:** Vextir eru 5,0-8,15% stighækkandi eftir sparnaðartíma.
KB BANKI
– kraftur til þín!

## „ORÐRÉTT“

*„Mér hefur verið stungið í steininn af og til og við vorum bönnuð á Nýja Sjálandi um tíma en það er allt í góðu núna.“*

**JIM ROSE** SIRKUSSTJÓRI Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Ég kastaði einu sinni John Travolta út þar sem allt var fullt á hótelinu þegar hann kom en ég myndi ekki gera það í dag.“*

**STEINÞÓR JÓNSSON** HÓTELSTJÓRI Í KEFLAVÍK Í DV.

nær og fjær

# tilveran

**HALTUR LEIÐIR BLINDAN:** PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## *Kýrnar í Langadal hrifnar af Bjarka*

Sólin skín á okkur hér á Norðurlandi þar sem við göngum frá Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu að Laugabakka. Það hefur viðrað svo vel á okkur að allt sem stendur út úr fötunum er orðið nærri svart og ef við förum úr þeim erum við köflóttir.



Við vorum boðnir í grillveislu á þriðjudagskvöld hjá Valgarði Hilmarssyni, forseta bæjarstjórnar Blönduóss. Að sjálfsögðu var boðið upp á lamb enda er eins og Guðbrandur segir: „Lambið best fyrir göngumenn“.

Það fjölgaði um heilan helling í aðdáendahópi Bjarka um daginn þegar við gengum um Langadal en þá hlupu með okkur kýr dágóðan spotta. Þær voru einstaklega hrifnar af Bjarka en líklega hefur nytin eitthvað dottið niður við öll þessi hlaup.

Við höfum nú gengið um merkar hrossaræktarsýslur og oft var Guðbrandur að því kominn að beisla einn klárinn og fara ríðandi það sem eftir var leiðar. Hinir í hópnum voru þó ekki eins spenntir fyrir þeirri hugmynd. Guðbrandur hlakkar þó mjög til föstudagsins. Þá á að taka daginn snemma til að losna við umferðina, sem að öllum líkindum verður svakaleg fyrir helgina. Stefnan er að fara norður á Strandir, um áttatíu kílómetra leið að Broddanesi þar sem Guðbrandur er fæddur og uppalinn, og háfa lunda. Auðvitað ætlum við að gæða okkur á veiðinni um kvöldið.

Kær kveðja frá sólbrúnum gönguhrólfum.

## SJÓNARHÓLL

**MÓTMÆLENDUR REKNIR FRÁ KÁRAHNJÚKUM**



**MARTEINN S. BJÖRNSSON BIFREIÐARSTJÓRI.**

### *Þetta fólk er til skammar*

Mótmælendum við Kárahnjúka hefur verið gert að yfirgefa tjaldbúðir sínar við Kárahnjúka í kjölfar harðra átaka við lögreglu, þar sem þrír Bretar voru handteknir. Fulltrúi sýslumanns á Seyðisfirði segir mótmælendur hafa sýnt af sér gróft ofbeldi, en mótmælendur segja hins vegar að mótmælin hafi farið friðsamlega fram þar til lögregla mætti á staðinn.

„Mér finnst að það eigi að senda þetta lið úr landi,“ segir Marteinn S. Björnsson bifreiðarstjóri og á þar við erlenda mótmælendur við Kárahnjúka. „Svo vill til að Marteinn var staddur í sumarfríi við Kárahnjúka í fyrradag og sá verksummerki mótmælanna. „Það er til skammar hvernig þetta fólk hagaði sér. Ég kann engan veginn að meta svona framkomu.“ Marteinn telur að það verði að efla löggæslu við Kárahnjúka, að minnsta kosti um stundarsakir, til að stöðva mótmælendur sem láti ófriðlega. „Það er ótækt að fólk sé að sprauta málningu yfir eigur annarra og valda skemmdum,“ segir Marteinn, sem telur fólk gera málstað sínum lítinn greiða með svona framkomu.

# Drykkjumet slegið um helgina

**Ljóst er að margir ætla að fá sér í staupinu um verslunarmannahelgina. Búist er við að landsmenn kaupi í vikunni um 700 þúsund lítra af áfengi fyrir hálfan milljarð króna sem er met. Akureyringar fjórfalda birgðirnar fyrir helgina og vínbúðirnar á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum taka líka mikið til sín.**

Við spáum því að við seljum samtals um 700 þúsund lítra af áfengi fyrir verslunarmannahelgi,“ segir Höskuldur Jónsson, fráfarandi forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. „Yfirgnæfandi hluti, eða um 90 prósent, af þessu er bjór,“ bætir hann við. Það þýðir að um 630 þúsund lítrar af bjór verði seldir í vikunni.



**HÖSKULDUR JÓNSSON**

Höskuldur segist gera ráð fyrir um tíu prósenta aukningu í áfengisverslun miðað við sama tíma í fyrra og verður það þá mesta magn sem ÁTVR hefur selt á einni viku, en andvirðið hljóðar upp á 500 milljónir króna.

Það er því óhætt að fullyrða að Íslendingar stefni á að setja drykkjumet um helgina, en þeir hafa reyndar gert svo á hverri verslunarmannahelgi undanfarin ár. Höskuldur vonar þó auðvitað að fólk gangi hægt inn um gleðinnar dyr þó það fái sér dálitla brjóstbirtu.

Af þeim 700 þúsund lítrum sem gert er ráð fyrir að landsmenn kaupi fyrir helgina fara um 100 þúsund lítrar til Akureyrar. „Ætli við fjórföldum ekki birgðirnar miðað við venjulega viku,“ segir Ólafur Þorsteinsson í Vínbúðinni á Akureyri. „Straumurinn í búðina byrjaði fyrir alvöru í gær og ég geri ráð fyrir að hann aukist jafnt og þétt eftir því sem nær dregur helgi.“

Svipaða sögu er að segja af Egilsstöðum og Vestmannaeyjum. „Það er alveg magnað hvað fólk virðist geta drukkið mikið,“ segir Edda Sigrún Svavarsdóttir í Vínbúðinni í Vestmannaeyjum. „Það er troðið hús hjá okkur og ég hef varla séð annað eins.“ Edda segir það misjafnt hvort þjóðhátíðargestir komi með eigin veigar af meginlandinu eða versli í Vestmannaeyjum. „Fólk sem kemur fyrir föstudaginn kaupir oftar en ekki vínið sitt hjá okkur, en þeir sem koma eftir hádegi á föstudag þurfa að bjarga sér sjálfir,“ bendir Edda á. Við höfum nefnilega þá reglu í hér í Eyjum að loka vínbúðinni klukkan eitt föstudaginn fyrir verslunarmannahelgi.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

### HVAÐ DREKKUM VIÐ MIKIÐ?

Íslendingar sem mega samkvæmt lögum neyta áfengis, það er 20 ára og eldri, eru tæplega 207 þúsund samkvæmt vef Hagstofunnar. Miðað við söluspá ÁTVR drekkur hver Íslendingur yfir tvítugu að jafnaði um 3,4 lítra af áfengi fyrir og um verslunarmannahelgina. Ef aðeins er litið til bjórsins, sem telur um 90 prósent af áfengisversluninni fyrir helgina, má gera ráð fyrir að allir Íslendingar yfir tvítugu drekki um þrjá lítra af bjór fyrir og um helgina. Það samsvarar um níu bjórum í 350 millilítra umbúðum.





FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**LAGER ÁTVR** Lagerstarfsmenn vinna myrkranna á milli til að sjá vínbúðum fyrir birgðum svo landsmenn geti slökkt þorstann.







Það er gott að „pulsa“ sig upp fyrir verslunarmannahelgina!

íslendingar borða SS pylsur

GOTT FÓLK McCANN

# hollt fyrir buddun

## velbek




**1.999** kr.kg.
SS púrtvínslegið lambafille
verð áður 2.898 kr.kg.



**40%**
**1.259** kr.kg.
Þurrkryddaðar lærissneiðar
verð áður 2.099 kr.kg.



**salsa veisla!**
**50%** afsl. v. kassa
Ísfugl Salsa vængir




**89** kr.pk.
Pepsi 2 ltr.

**BBQ þrenna**




**30%** afsl. v. kassa
Old West BBQ grísarif




**389** kr.kg.
Íslandsfugl kjúklingaleggir
magnpakkning




**nýtt á Íslandi**
Danefrost BBQ franskar og bátar

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 28. til 31. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi


a... fr bært í fríið
omme!
bomba
299 kr.pk.
Bautabúrs hamborgarar
verð áður 528 kr.pk.
59 kr.pk.
Gott hrásalat og kartöflusalat
350 gr.
983 kr.kg.
Borgarnes villikryddað hátíðar lambalæri
verð áður 1.639 kr.kg.
gott að blanda saman
50% afsl.
Goða vínarpylsur 10 stk.
249 kr.stk.
Appolo lakkrís 400 gr.
189 kr.stk.
Góu rúsínurfkúlur 300 gr.
frábærar vörur
desert!
frábært verð
199 kr.stk.
Myllu skú ukaka m. lakkrís og karamellu
verð áður 299 kr.stk.
799 kr.stk.
Bláberja ostakaka
verð áður 989 kr.stk.
fyrir alla
netto

## MEST SELDU BÍLARNIR 2005*

*1. jan – 22. júl 2005

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Toyota | 2834 |
| 2. | Hyundai | 873 |
| 3. | Volkswagen | 859 |
| 4. | Ford | 768 |
| 5. | Honda | 746 |
| 6. | Skoda | 624 |
| 7. | Subaru | 491 |
| 8. | Suzuki | 479 |
| 9. | Nissan | 481 |
| 10. | Mitsubishi | 417 |

# neytendur

*hagur heimilanna*

ÚTSÖLUR Í KRINGLUNNI OG SMÁRALIND:

## *Verðmerkingar til fyrirmyndar*

Verðmerkingar á útsölum í Kringlunni og Smáralind voru til fyrirmyndar í flesta staði samkvæmt úttekt Fréttablaðsins sem gerð var fyrir helgina. Samkeppnislög kveða á um að útsöluvörur megi aðeins auglýsa sé um raunverulega lækkun að ræða og þess vegna skuli gæta þess að upprunalegt verð vörunnar sé greinilega merkt. Reyndist svo vera í meirihluta tilfella á báðum stöðum og hverjum viðskiptavini því í flestum tilvikum ljóst hversu mikil lækkun hverrar vöru var. Í nokkrum tilfellum var vara merkt upprunalegu verði en auglýsingaspjöld kynntu afslætti yfir línuna. Þannig voru allar vörur hjá Boss í Kringlunni á 50 prósenta afslætti og auðvelt að draga helming frá uppgefnu verði. Málið vandaðist aðeins þegar um minni eða meiri afslætti var að ræða. Hjá Ice in the Bucket í Kringlunni var 30 prósenta afsláttur af öllum vörum en þar sem hugarreikningur getur reynst fólki miserfiður verður að gefa versluninni mínus fyrir það.

Aðeins í einu tilviki í Hagkaupum í Kringlunni reyndist útsöluverð ekki rétt við afgreiðslukassa. Hefur verslunin tekið virðisaukaskatt af útsöluvörum sínum en sú lækkun hafði ekki skilað sér á kassa verslunarinnar í Kringlunni á fimmtudaginn var. -aöe




FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



## » Tryggingar í skugga hryðjuverka

Margir reiða sig orðið á ferðatryggingar þær er kortafyrirtækin bjóða sé ferðalag greitt að öllu eða hluta til með kortum. Með tilvísun í hryðjuverkaárásirnar í London og ógnina um fleiri slíkar víða um heim næstu árin er vert að hafa í huga að tryggingar kortafyrirtækjanna, Visa og Mastercard, taka ekki til alls þess tjóns sem ferðalangar geta orðið fyrir.

**Líkamstjón:** Korthafar eru ferðaslysatryggðir vegna líkamstjóns af völdum hryðjuverka **nema** um sé að ræða hryðjuverk þar sem við sögu koma kjarnavopn, efnavopn eða líffræðileg vopn. Af því leiðir að korthafi sem varð fyrir líkamlegu tjóni í árásunum í London, Madrid eða New York á rétt á bótum vegna sjúkrakostnaðar og líkamstjóns.

**Breytt ferðatilhögun:** Neyðist korthafi til að breyta ferðatilhögun sinni vegna hryðjuverka eða ógnarinnar um slík grimmdarverk fæst slíkt **ekki** bætt gegnum tryggingar korthafa. Gildir það sama hvort sem hætt er við ferð eða henni flýtt eða seinkað.

**Tafir:** Allar tafir á ferðum falla **ekki** undir bótasvið ferðatrygginga kortafyrirtækjanna og því fást engar bætur fyrir verði röskun á ferð viðskiptavina. Gildir þá einu hvort um er að ræða flugsamgöngur, almenningssamgöngur eða aðrar leiðir.




# Ekki allt gott undir sólinni

**Íslendingar eru engir eftirbátar nágrannaþjóðanna þegar kemur að almennri sóldýrkun. Þeir eru heldur engir eftirbátar þegar kemur að sívaxandi fjölda einstaklinga sem greinast með húðkrabbamein af einhverju tagi.**

**NEYTENDUR** Sumarið er víst tíminn en stutt er það og því ekki óeðlilegt að Íslendingar eyði upp til hópa eins miklum tíma utan dyra og hægt er þegar veður leyfir. Sé íslenska sumarið manni ekki að skapi er lítið mál að bregða sér bæjarleið til útlanda og liggja utanveltu á hvítum sandi í viku eða tvær. Koma til baka með sólbrún og sælleg og mögulega með auknar líkur á húðkrabbameini.

Rannsóknir hafa sýnt að sólbruni snemma á lífsleiðinni, sérstaklega hjá börnum, getur þýtt að viðkomandi er í mun meiri hættu síðar á lífsleiðinni að fá húðkrabbamein. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur staðfest þetta enda talið sannað að UV-geislar sólarinnar hafi áhrif á ónæmiskerfi líkamans og geri okkur viðkvæmari gagnvart sortuæxlum og húðkrabbameini.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**AÐGÁT SKAL HÖFÐ** Börn eru sérstaklega viðkvæm fyrir sólbruna en færðar hafa verið sönnur á að slíkur bruni getur komið fram síðar á lífsleiðinni sem húðkrabbamein.

Íslendingar eru engir eftirbátar nágrannaþjóðanna. Alls staðar hefur tíðni húðkrabbameina margfaldast og hér á Íslandi greinast árlega vel yfir hundrað einstaklingar með húðkrabbamein af einhverju tagi. Fyrir fjörutíu árum síðan greindust tuttugu manns árlega en vitanlega er eftirlit og almenn vitneskja um hætturnar meiri nú en þá.

Vegna þess að sólskaði kemur ekki fram fyrr en löngu síðar er mikilvægt að fylgjast með öllum breytingum á líkamanum og fara strax til læknis verði vart grunsamlegra bletta sem ekki voru þar áður sem hafa stækkað eða breytt um lit.

Forvarnir eru þó allra bestar. Nota skal drjúgt af sólarvörn, hvort sem legið er á ströndum á Spáni eða Ströndum fyrir vestan. Nota skal háa vörn fyrstu vikuna erlendis og minnka vörnina eftir það. Læknar segja þjóðráð að dvelja í skugganum þegar sól er hvað hæst á lofti um hádegisbil og mælast til að fólk sé klætt í bol með hatt og sólgleraugu. Gæta skal þess vandlega að brenna ekki og fylgjast sérstaklega með börnum.

albert@frettabladid.is

### STAÐREYNDIR UM SÓLSKIN:

**GOTT:**
- UV-geislar sólarinnar er meginuppspretta D-vítamíns fyrir mannfólkið. D-vítamín er nauðsynlegt beinum, vöðvum og ónæmiskerfinu.
- D-vítamín er einnig talið hafa hamlandi áhrif á krabbameinsvaldandi æxli.
- Sólskin hefur áhrif á starfsemi heilans. Hann framleiðir þá svokölluð tryptómín, sem bæta skap okkar.

**VONT:**
- Leiðandi orsakavaldur húðkrabbameins.
- Fimm sinnum líklegra en ekki að verða fyrir starblindu í augum.
- Sólbruni getur breytt dreifingu og eðli hvítra blóðkorna í líkama okkar og skemmt erfðafræðaefni hvers og eins.

Bílaöryggisprófanir EuroNCAP:

# Fáir með toppeinkunn

**NEYTENDUR** Á þeim átta árum sem liðin eru síðan öryggisprófunarsamtökin EuroNCAP hófu prófanir sínar á bifreiðum hafa aðeins 26 tegundir fengið fimm stjörnu einkunn þegar kemur að öryggi fullorðinna.

Einkunnir eru gefnar fyrir öryggi gagnvart fullorðnum, fyrir börn í bílnum og gagnvart gangandi vegfarendum. Hér er þó aðeins litið á tölurnar gagnvart fullorðnum en samtökin gefa hæst fimm stjörnur fyrir öryggi en miðað er við árekstur tveggja bíla á 64 kílómetra hraða en rannsóknir hafa sýnt að það er sá hraði sem algengastur er þegar slys og umferðaróhöpp eiga sér stað í þéttbýli.

Eins og sést á töflunni standa franskir bílar sig með ágætum þegar að prófinu kemur. Renault, Citroën og Peugeot eiga öll fleiri en eina tegund bíla á listanum meðan Audi og Ford eiga aðeins einn.

Þó ber að hafa í huga að EuroNCAP hafa ekki framkvæmt prófanir á öllum tegundum og útskýrir það að hluta fjarveru bandarískra og japanskra bíla á listanum. Prófin sjálf eru þó að hluta til þróuð í Bandaríkjunum og notast við svipaða staðla.

Fimm stjörnur þýða að viðkomandi bíll veitir bílstjóra og farþegum meiri vörn við árekstur en aðrir sem minni einkunn hljóta. -aöe



MYND/GETTY

### Fimm stjörnu bílar ★★★★★

| | |
|---|---|
| Opel Zafira | 2005 |
| Opel Astra | 2004 |
| Renault Scenic | 2003 |
| Renault Laguna | 2003 |
| Renault Mégane | 2003 |
| Renault Clio | 2005 |
| VW Touran | 2003 |
| VW Touareg | 2004 |
| VW Golf | 2005 |
| Peugeot 807 | 2003 |
| Peugeot 407 | 2004 |
| Peugeot 1007 | 2005 |
| BMW X5 | 2003 |
| BMW 3-series | 2005 |
| BMW 1-series | 2004 |
| Volvo XC90 | 2003 |
| Volvo S40 | 2004 |
| Audi A6 | 2004 |
| Lexus GS300 | 2005 |
| Saab 9-5 | 2003 |
| Saab 9-3 | 2003 |
| Citroën C5 | 2004 |
| Citroën C4 | 2004 |
| Mercedes C-class | 2001 |
| Mercedes A-class | 2005 |
| Toyota Avensis | 2003 |
| Ford Focus | 2004 |

* með tilliti til öryggis fullorðinna

# Ódýrt í skólann




**9 kr/stk**

College **stílabók A4**
m/gormum,
80 bls. línustrikaðar



**669 kr/stk**

**Pennaveski**




**298 kr/stk**

**Spiderman** ritfangasett



**595 kr/stk**

**Princess** pennastandur



**669 kr/stk**

**Pennaveski**




**298 kr/stk**

**Spiderman** stílabók A5




**298 kr/stk**

**Princess** stílabók A5

## Úrval af skólatöskum verð frá 599kr




Gildir á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# skoðun

SJÓNARMIÐ
BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Tilboð í Símann verða opnuð í dag.

## Stærsta einkavæðing Íslandssögunnar

Einkavæðingarnefnd opnar tilboð í Símann í viðurvist fjölmiðlafólks og bjóðenda í dag. Í kjölfarið verður gengið til viðræðna við hæstbjóðendur. Þær viðræður eiga að ganga fljótt fyrir sig þar sem drög að kaupsamningi liggja þegar fyrir. Eru því allar líkur á því að Landssími Íslands verði kominn úr höndum ríkisins í lok ágúst.

Sala Símans er stærsta einstaka einkavæðingin í sögu íslensku þjóðarinnar. Aldrei hefur verðmætara opinbert fyrirtæki verið selt í einu lagi. Frá því að Sjálfstæðisflokkurinn settist í ríkisstjórn, undir forsæti Davíðs Oddssonar árið 1991, hefur markvisst verið unnið að því að minnka umsvif ríkisins og koma opinberum fyrirtækjum í hendur einkaaðila. Frá árinu 1999 hefur söluvirði seldra hlutabréfa í eigu ríkisins numið 55 milljörðum króna. Umfangsmesta einkavæðingin á þessum tíma hefur verið sala Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbankans og Landsbankans.

*Eins og Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, greindi frá í Markaðnum í maí hefur mikil áhersla verið lögð á að ferlið sé faglegt, gagnsætt og trúverðugt. Það hefur gengið eftir og ræður í því samhengi miklu að hæstbjóðandi kaupir Símann.*

Í dag mun liggja fyrir hve verðmætur Síminn er í augum fjárfesta, sem hafa undanfarnar vikur yfirfarið ítarleg gögn um rekstur fyrirtækisins. Árið 2001 var verðmæti Símans metið á 45 milljarða króna. Sérfræðingar telja hann meira virði í dag í ljósi þess að hægt sé að hagræða í rekstrinum. Til samanburðar var tæpur helmingshlutur í hvorum ríkisbankanum, Búnaðarbankanum og Landsbankanum, seldur á rúmlega tólf milljarða á árunum 2002 og 2003.

Umfjöllun Fréttablaðsins um einkavæðingu bankanna í byrjun sumars sýnir hversu snúið getur verið að selja ríkisfyrirtæki án þess að nokkur geti gert ferlið tortryggilegt. Eftir að söluferli Símans var kynnt 4. apríl síðastliðinn hefur fátt farið úrskeiðis þótt sumir hafi komið með gagnlegar ábendingar. Eins og Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, greindi frá í Markaðnum í maí hefur mikil áhersla verið lögð á að ferlið sé faglegt, gagnsætt og trúverðugt. Það hefur gengið eftir og ræður í því samhengi miklu að hæstbjóðandi kaupir Símann. Við slíkar aðstæður er lítið svigrúm fyrir geðþóttaákvarðanir þegar tilboð eru metin.

Breska fjármálafyrirtækið Morgan Stanley hefur verið einkavæðingarnefnd til ráðgjafar og hefur nefndin í stórum atriðum farið að ráðgjöf bankans. Þó var ekki hlustað á þær ábendingar að selja Símann í heilu lagi án skilyrða. Farin var sú leið að takmarka eignarhlut hvers aðila eða tengdra aðila við 45 prósent. Það er pólitísk ákvörðun til að mæta þeim sjónarmiðum að Síminn eigi ekki að vera á einni hendi. Hins vegar hefur það flækt söluferlið og ef til vill fælt erlenda fjárfesta frá.

Eftir að greitt verður fyrir hlut ríkisins í Símanum er mikilvægt að stjórnmálamenn ráðstafi andvirðinu þannig að það nýtist öllum landsmönnum og komandi kynslóðum. Ein leið til þess er að lækka skuldir ríkissjóðs og greiða niður lífeyrisskuldbindingar. Vilji ríkisstjórnin eyða peningunum í einhver gæluverkefni, eins og jarðgöng milli fámennra byggðarlaga, ætti hún að hafa dug í sér til að skera niður vaxandi ríkisútgjöld til að mæta þeim kostnaði.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hæstu greiðendur

Ekki eru allir sammála þeirri skoðun að sjálfsagt sé að halda í þá hefð að birta opinberlega lista með nöfnum hæstu skattgreiðenda í hverju umdæmi og upphæð þeirra gjalda sem þeim er ætlað að greiða. Í Vefþjóðviljanum í gær er sagt að með öllu sé óljóst hvaða heimild starfsmenn skattstjóra hafi til að gera þetta. „Aðspurðir viðurkenna einhverjir þeirra að fyrir þessari atlögu þeirra að einkalífi ákveðinna manna hafi þeir enga sérstaka heimild en ekkert banni þeim þetta heldur".

### Brot í starfi?



Vefþjóðviljinn bendir í þessu sambandi á 117. grein skattalaganna þar sem segir „Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila."

### Einkennilegt

Í Vefþjóðviljanum segir enn fremur: „Í síðustu viku sendu sýslumenn og tollstjórinn í Reykjavík vinnuveitendum upplýsingar um hvað launþegar þeirra skulda skattinum vegna ársins 2004 eða það sem kallað er „krafa vegna opinberra gjalda". Launþegarnir sjálfir fá þessar upplýsingar ekki fyrr en á morgun. Samkvæmt lögum skal launagreiðandi innheimta þessa kröfu um opinber gjöld. Vanræki hann það ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þessara gjalda, sem eru honum algerlega óviðkomandi. Það er einkennilegt að blanda launagreiðendum með þessum hætti í fortíðarvanda launþega sinna."

### Ekki ósk vinnuveitenda

Vefþjóðviljinn lýkur umfjöllun sinni með því að segja að skuldir einstaklings við hið opinbera, sem geti verið bæði tekjuskattur, meðlag og fleira, komi vinnuveitanda hans ekki við „frekar en ógreiddar afborganir af bílaláni eða önnur fjármál launþegans". Vinnuveitendur kæri sig sjálfsagt heldur ekki um að vera settir með þessum hætti inni í fjármál launþega, auk þess sem þessari kröfu hins opinbera fylgi nokkuð umstang og þar með kostnaður.

gm@frettabladid.is

# Bankar og völd

Það er engin tilviljun, að vesturevrópskir einkabankar hafa undangengin ár eignazt talsverðan og sums staðar ráðandi hlut í viðskiptabönkum í Mið- og Austur-Evrópu. Bankarekstur kommúnista í austanverðri Evrópu átti lítið skylt við bankastarfsemi í frjálsum markaðsbúskaparlöndum. Bankastjórarnir voru handbendi valdastéttarinnar. Ákvarðanir um lánveitingar og vexti voru í höndum manna, sem báru enga virðingu fyrir verðmætum umfram eigin völd. Bankarnir voru valdatæki óhæfrar stjórnmálastéttar, sem notaði lánveitingarvaldið til að hlaða undir eigin hagsmuni og kæfa öndverða krafta. Af þessu leiddi mikla sóun og spillingu, þar eð sparifé almennings rataði ekki í hendur þeirra fyrirtækja, sem hefðu kunnað bezt með féð að fara. Slík fyrirtæki voru að vísu fá, þar eð nær allur atvinnurekstur var með líku lagi reistur á grautfúnum stjórnmálaforsendum. Sparifjáreigendur áttu ekki í önnur hús að venda. Ekkert hagkerfi fær til lengdar staðizt svo óhagfellt fyrirkomulag atvinnulífs og bankamála, enda varð raunin sú, að hagkerfi kommúnistalandanna hrundu til grunna undan eigin þunga af þessum ástæðum og ýmsum öðrum. Þegar uppi var staðið, stóð ekki steinn yfir steini þarna austur frá.

Í DAG
BANKAMÁL HÉR OG ÞAR



ÞORVALDUR GYLFASON

*Þegar múrarnir hrundu fyrir austan, var engri nothæfri þekkingu á hagkvæmum og heilbrigðum bankarekstri til að dreifa þar um slóðir.*

Þegar múrarnir hrundu fyrir austan, var engri nothæfri þekkingu á hagkvæmum og heilbrigðum bankarekstri til að dreifa þar um slóðir. Ríkisstjórnum umbótamanna í þessum löndum reið því mjög á því að flýta einkavæðingu viðskiptabankanna og laða erlenda sérþekkingu að innlendri bankastarfsemi. Um það leyti sem einkavæðing viðskiptabankanna hófst hér heima laust fyrir aldamótin, var frívæðingu efnahagslífsins að mestu lokið í flestum kommúnistalandanna og þá um leið einkavæðingu bankanna þar. Drátturinn hér heima stafaði einkum af ófýsi margra stjórnmálamanna til að sleppa hendinni af efnahagslífinu og bönkunum, því að fyrirtækin og bankarnir voru mikilvæg valdatæki hér líkt og þar. Hjálpfúsir sérfræðingar lögðu hönd á plóg: mér er minnisstætt sérfræðiálit tveggja háskólakennara, sem sáu ýmis tormerki á einkavæðingu viðskiptabankanna og hvöttu stjórnvöld til að halda að sér höndum (annar þeirra tók nokkru síðar sæti í bankaráði Landsbankans).

Hér heima var hlustað á slíkar úrtölur, en ekki fyrir austan. Þar var sú leið farin víðast hvar að bjóða erlendum bönkum innlenda banka til kaups eða innlendum mönnum með erlendri þátttöku. Og þetta var leiðin, sem ríkisstjórnin hér heima markaði í byrjun, þegar einkavæðing bankanna komst loksins á dagskrá. Þetta var skynsamleg stefna, enda bar ástand bankamálanna hér ýmis merki austurevrópskrar óhagkvæmni og hafði gert það frá fyrstu tíð. Í samræmi við þennan ásetning sendi ríkisstjórnin frá sér ásamt kaupendum fréttatilkynningu 16. janúar 2003 undir svohljóðandi fyrirsögn: „Þýskur banki í hópi nýrra eigenda Búnaðarbanka Íslands hf." Aðild þýzka bankans var sem sagt aðalatriði málsins. Síðan hefur komið á daginn, að þýzki bankinn er smábanki, miklu minni en gamli Búnaðarbankinn, og fékk meira að segja lán í Landsbankanum til að fjármagna kaupin og seldi hlut sinn í Búnaðarbankanum skömmu síðar og hvarf af vettvangi. Eftir sitja nokkrir framsóknarmenn með fullar hendur fjár – marga milljarða. Og eftir stendur spurningin um það, hvaða lögvörnum eigandi gamla Búnaðarbankans, fólkið í landinu, getur við komið við þessar aðstæður. Lögfræðingar virðast undarlega áhugalausir um málið.

Valdsmenn hafa gegnum tíðina farið frjálslega með ýmsar eigur almennings. Þeir hafa skenkt vinum sínum ríkisjarðir rétt fyrir kosningar, gefið listaverk úr opinberum söfnum og svo framvegis, en það eru smámunir hjá því, sem nú tíðkast. Umfang upptökunnar hefur margfaldazt: tíðarandinn leyfir engin vettlingatök. Í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins hefur álitlegum hópi manna að því er virðist tekizt að auðgast umtalsvert á stjórnmálaafskiptum og stjórnmálatengslum. Stjórnmálaflokkarnir hafa með hiki dregið sig út úr bankarekstri, rétt er það, og þó ekki, þar eð trúnaðarmenn ríkisstjórnarflokkanna eiga enn hvor sinn fulltrúann í bankaráðum tveggja stærstu bankanna. Skaðabæturnar fyrir valdamissinn skömmtuðu menn sér sjálfir í Búnaðarbankanum. Enn er minna vitað um ýmsa þætti einkavæðingar Landsbankans. ■





Bergstaðastræti 74a,101 Reykjavík er til sölu
Húsið var heimili og vinnustofa mikilla listamanna s. s. Jóns Stefánssonar, Gunnlaugs Scheving og Karls Kvaran. Húsið er steinsteypt, tveggja hæða 190 m2. Efri hæð hefur mikla lofthæð með einstaka birtu og næmleik en þar var vinnustofa áðurnefndra listamanna. Húsið verður til sýnis á morgun föstudaginn 29. júlí frá kl. 18:00 til 19:00.
Nánari upplýsingar á vef habil.is.




LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



# Það vill þá enginn

**– ALLRA SÍST MÓÐIR NÁTTÚRA**



**Sígarettustubbar eru 20 ár að eyðast í náttúrunni**
**– Setjum þá á sinn stað!**

FERÐAMÁLARÁÐ ÍSLANDS

www.ferdalag.is

ÁSPRENT STÍLL

# LANDSINS M

# ACER




## ACER 9104WLMi 2.0GHz CENTRINO DOTHAN 760

**SJÓNVARPSKORT**
Með þægilegri fjarstýringu sem geymist í PCMCIA rauf tölvunnar þegar hún er ekki í notkun

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD +/- SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**RADEON X600**
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infrared Bluetooth, TV út, kortalesari o.fl.

**ÞYNGD AÐEINS 2.9KG**
Acer 9104WLMi fartölvan er 2.9kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3 tíma

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **2.0GHz Pentium M Dothan760**<br>Intel Centrino er með 2MB cache |
| Vinnsluminni | **512MB 333MHz DDR**<br>Stækkanlegt í 2 GB |
| Harðdiskur | **80GB Ultra ATA100**<br>4200 RPM hraður og hljóðlátur |
| DVD Skrifari | **8xDVD±RW Dual Layer skrifari**<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Skjár | **15,4" WXGA WideScreen skjár**<br>Breiðstjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | **128MB ATI Radeon X600**<br>Sjálfstætt minni, TV-út og TV-inn |
| Hátalarar | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum**<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Netkort | **Gigabit 10/100/1000**<br>Einnig 56K módem innbyggt |
| Þráðlaust | **54Mbps þráðlaust netkort**<br>Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g |
| Stýrikerfi | **Windows XP Home**<br>Á íslensku eða ensku |
| Kortalesari | **3 in 1 minnis-kortalesari**<br>Innbyggður kortalesari fyrir flest kort |

## VERÐ 179.900

### ASPIRE 3022WLMi




1.6GHz Mobile AMD Sempron örgjörvi með Hyper Transport 512MB DDR333 minni • 60GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 64MB ATI Radeon X600 PCI Express skjákort • Gigabit netkort og þráðlaust netkort Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 107.900**

### ASPIRE 3023WLMi




1.8GHz Mobile AMD Sempron örgjörvi með Hyper Transport 512MB DDR333 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 128MB ATI Radeon X700 PCI Express skjákort • Gigabit netkort og þráðlaust netkort Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 119.900**

### HP NX6110 - C

FÁÐU hp Á BETRA VERÐI

1.4Ghz Intel Celeron M • 256MB minni 40GB harðdiskur • Combodrif 15" XGA skjár • Intel Extreme II skjákort • 24x Skrifari Windows XP home á íslensku eða ensku

**VERÐ 79.900**

### HP NX6110 - 2

FÁÐU hp Á BETRA VERÐI

VL12 • Samtals kr. 113.763 9.158

1.6GHz Pentium M Dothan með 2MB cache • 512MB minni • 40GB harðdiskur • Combodrif • 15" XGA skjár Intel Extreme II skjákort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 109.900**

### HP NX8220

FÁÐU hp Á BETRA VERÐI

1.86 GHz Pentium M Dothan örgjörvi 512MB DDR2 minni • 60GB harðdiskur DVD+/-RW skrifari • 15.4" WSXGA skjár 64MB RADEON X600 • þráðlaust netkort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 169.900**

### IBM THINKPAD R52

FÁÐU IBM Á BETRA VERÐI

1.73Ghz Pentium M Dothan örgjörvi 512MB DDR2 minni • 40GB harðdiskur Combodrif • 15" XGA TFT LCD skjár 128MB Intel GMA900 skjákort Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

Tilboð meðan birgðir endast

VL frá 166
Á tilboði með tölvu - Internet Security 2005
**VERÐ 2.990**

2GB download 4MB tenging
HiveLite
kr. 3.990* á mánuði
*M.v 12 mánaða samning á kreditkort eða með greiðsluseðli

Sennheiser RS110 þráðlaus heyrnatól
**VERÐ 4.990**

Canon iP4000 litaprentari Prentar beint á geisladiska
**VERÐ 17.900**

256MB,USB 2,0 minnislykill frá Sandisk Cruzer Micro
**VERÐ 2.990**

Kworld sjónvarpskort með FM útvarpi
**VERÐ 7.990**

256MB MP3 spilari frá MSI með heyrnatólum
**VERÐ 8.990**

17" ACER 1715S LCD skjár 500:1 í skerpu og 12ms
**VERÐ 24.900**

VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR

# TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐU

# ESTA ÚRVAL

# ACE SE

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **3500+ Athlon64 -90nm 939** 640K flýtiminni, 1600MHz FSB+HT |
| **Móðurborð** | **MSI K8N NEO4 F - nForce4** PCI-Express 16x, 4xPCI, 8xUSB2 |
| **Minni** | **1 GB DDR 400MHz Corsair** Corsair minni með lífstíðarábyrgð |
| **Harðdiskur** | **250GB WD SE 8MB - SATA II** SATA2 300, 7200RPM og 8MB buffer |
| **Skjákort** | **256MB GeForce6 NX6600** MSI PCI-Ex16, Viftulaust, TV-inn&út |
| **Skjár** | **17" LCD Acer 1715s flatskjár** 500:1 í skerpu og 12ms viðbragðstími |
| **Skrifari** | **16x DVD± DL skrifari** Skrifar og les DVD og CD diska |
| **Hljóðkort** | **7.1 Dolby Digital DTS - EAX2** Frábært hljóðkort í leiki og myndir |
| **Hátalarar** | **2.1 Pulse385 - hljóðkerfi** 2 öflugir hátalarar og bassabox |
| **Netkort** | **Gigabit 10/100/1000** Vandað og hraðvirkt netkort |
| **Stýrikerfi** | **Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku |

**64BITA KRAFTUR**
Leiðandi inn í framtíðina með frammúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB

**VIFTULAUST**
Alvöru viftulaust og hljóðlaust 256MB GeForce6 NX6600 PCI-Express 16x skjákort

**250GB SATA II 8MB**
Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari, áreiðanlegri og allt að 100% hraðvirkari

**2.1 HÁTALARKERFI**
Einstaklega nett og öflugt hátalarakerfi með góðu bassaboxi og fjarstýringu

ACE

VL15
* Samtals kr. 155.169
9.993

## VERÐ 149.900

## K8 - TILBOÐ - 5

ACE

3500+ Athlon64 örgjörvi með 640K flýtiminni 1GB DDR minni • 250GB SATA II harðdiskur með16MB buffer 16xDVD±/DL skrifari • 17" LCD Acer skjár • SLI, 2 stk. MSI Geforce6 NX6600GT skjákort • 7.1 hljóðkerfi • 400W Fortron aflgjafi með einni 120mm viftu • Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**VERÐ 199.900**

## P4 TILBOÐ - 7

ACE

VL12
* Samtals kr. 206.926
16.658

Intel PD 820 DualCore EM64 örgjörvi með 2x1MB flýtiminni 1GB DDR2 minni • 250GB SATA II harðdiskur með 16MB buffer 16xDVD±/DL 4x skrifari • 17" LCD Acer skjár • SLI, 2 stk. MSI Geforce6 NX6600GT skjákort • Innbyggt Gigabit netkort 400W Fortron aflgjafi • Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**VERÐ 199.900**

## ACE K7 TILBOÐ 1

ACE

1.8 GHz AMD Duron örgjörvi • 128MB DDR minni • 40GB harður diskur 52x hraða geisladrif • 17" CRT skjár 64MB S3 Unichrome skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 49.900**

## ACE K7 TILBOÐ 4

ACE

VL12
* Samtals kr. 103.411
8.325

3000+AMD Sempron örgjörvi 512MB DDR400 minni • 200GB harðdiskur • 16xDVD±/DL • 17" LCD skjár • 128MB Geforce skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 99.900**

## ACE P4 TILBOÐ 4

ACE

VL15
* Samtals kr. 134.466
8.660

3.0 GHz Intel P4 540 Prescott örgjörvi 512MB minni • 250GB SATA II harðdiskur 17" LCD skjár • DVD skrifari • 256MB GeForce NX6600 skjákort • hátalarakerfi Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

## ACE P4 TILBOÐ 6

ACE

VL18
* Samtals kr. 186.223
9.994

3.4 GHz Intel P4 550 Prescott örgjörvi 1GB DUAL DDR2 minni • 250GB SATA II harðdiskur • DVD skrifari • 7.1 hljóðkerfi 17" LCD skjár • 256MB GeForce6 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 179.900**

Logitech MX518 Gaming Grade Optical Mús
**VERÐ 5.990**

Logitech Webcam Messenger vefmyndavél
**VERÐ 4.990**

16x DVD MSI skrifari með Nero hugbúnaði
**VERÐ 6.990**

Hágæða minniskort frá Sandisk fyrir allar Digital myndavélar á frábæru verði

512MB DDR400 MHz minni, lífstíðarábyrgð
**VERÐ 4.990**

200GB Western Digital Special Edition harðdiskur
**VERÐ 8.990**

Glæsileg utanáliggjandi harðdiska hýsing
**VERÐ 4.990**

Ótrúlega smá 40GB hýsing frá Western Digital
**VERÐ 9.990**

Vaxtalaust tilboð er miðað við 12 til 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

# TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17 Sími 562 6730

**AKUREYRI** Glerárgötu 36 Sími 464 7400

**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90 Sími 534 7400

# Þurfum sterk einkarekin fyrirtæki

**JÓN JARL ÞORGRÍMSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI
SKRIFAR UM SAMKEPPNI VIÐ RÍKIÐ

Það er ömurlegt að þurfa að keppa við ríkisfyrirtæki vegna þess að þau njóta sjálfkrafa forgjafar og sérstöðu vegna eiganda síns. Öll jafnræðis- og samkeppnissjónarmið mega sín einskis vegna þess að valdhafarnir hafa ákveðið að viðkomandi fyrirtæki skuli vera í rekstri á kostnað og áhættu skattborgarana sama hvað það kostar og hafa jafnvel breytt lögum til að þau henti ríkisfyrirtækjum betur!

Valdhafar og ríkisfyrirtæki hafa margoft orðið uppvís að því að misnota stöðu sína og beita sér af fullu afli eins og um einkafyrirtæki sé að ræða en ekki opinber þar sem gæta skal hófs vegna forgjafar og sérstöðu eigandans. Bendi ég sérstaklega á RÚV, Símann og Póstinn. Hér skal tekið dæmi af Póstinum. Fyrir nokkrum árum rak undirritaður lítið fyrirtæki í samkeppni við Póstinn, í dreifingu á fjölpósti, sem starfaði á þeim 5% hluta markaðarins sem ekki var háður einkarétti ríkisins, sem ríkisfyrirtækinu Póstinum var úthlutað, og var sú þjónusta virðisaukaskattsskyld. Fljótlega varð okkur ljóst að Pósturinn var ekki að skila virðisaukaskatti og hafði ekki gert árum saman. En allir vita að ef þjónusta er veitt sem ber að innheimta virðisaukaskatt af skal skila skattinum hvort sem viðkomandi fyrirtæki innheimtir hann sérstaklega eða ekki. Vöktum við athygli skattayfirvalda á þessum umfangsmiklu „skattsvikum" Póstsins, en þau aðhöfðust ekkert. Þegar við sáum að ekkert yrði aðhafst ákváðum við að senda stjórnsýslukæru á Ríkisskattstjóra fyrir að sinna ekki embættisskyldum sínum sem og viðgerðum. Og loksins fór eitthvað að gerast, en ekki alveg það sem við bjuggumst við, Ríkisskattstjóri ákvað að taka okkur í skattrannsókn, ekki Póstinn! Var okkur tjáð að um rökstuddan grun væri að ræða fyrir rannsókninni og ógnað á annan hátt. Þessi rannsókn fór þannig að bókhaldinu var haldið í um átta mánuði og síðan skilað athugasemdalaust. Skilaboðin frá valdhöfunum voru augljós. En við höfðum rétt fyrir okkur varðandi virðisaukaskattinn og sannaðist það þegar Halldór Blöndal, þá samgöngumálaráðherra, gekkst nokkrum mánuðum síðar fyrir lagabreytingu á Alþingi þannig að öll póstdreifing varð undanþegin virðisaukaskatti. Lög eru aldrei afturvirk en samt var Póstinum aldrei gert að greiða vangoldinn virðisaukaskatt.

*Ég tel það augljóst að fyrirtæki í eigu ríkisins muni alltaf njóta þess að valdhafarnir eru þeirra megin og að valdhafarnir muni alltaf misnota völd sín „sínum" fyrirtækjum til framdráttar. Öfunda ég ekki þá aðila sem standa í rekstri á sviðum þar sem ríkisfyrirtæki eru sterk, eins og t.d. í sjónvarpi og útvarpi.*

Við vitum öll hvað gerst hefði ef einkafyrirtæki hefði ekki skilað virðisaukaskatti uppá hundruð milljóna króna. Ég tel það augljóst að fyrirtæki í eigu ríkisins muni alltaf njóta þess að valdhafarnir eru þeirra megin og að valdhafarnir muni alltaf misnota völd sín „sínum" fyrirtækjum til framdráttar. Öfunda ég ekki þá aðila sem standa í rekstri á sviðum þar sem ríkisfyrirtæki eru sterk eins og t.d. í sjónvarpi og útvarpi. Við þurfum sterk einkarekin fyrirtæki til að keppa við ríkisfyrirtækin, veita þeim aðhald og þrýsta á framþróun og samkeppnisúrbætur. Lengi lifi Baugur Group og öll þessi frábæru fyrirtæki í einkaeign sem þora.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Ótrúlegu búðanna.* ■

# Það sem bælt er leitar út

**UMRÆÐAN**
KYNLÍF



**ÓLAFUR GUÐSTEINN KRISTJÁNSSON**
BÓKMENNTAFRÆÐINGUR

Ég hefi undanfarið fylgst með umræðunni um klám eða kynlífsvæðinguna svokölluðu á síðum blaðanna og á internetinu. Hefir mér fundist hún skiptast í tvo hópa sem eru á öndverðum meiði. Annar lítur á nekt (það að tína af sér spjarirnar á þar til gerðu sviði við taktfasta tóna) og kynlífstengda þjónustu sem misnotkun. Hinum hópnum finnst það vera val hvers og eins hvort einhver noti líkama sinn sér til framdráttar og lítur á kynlíf og klám sem hverja aðra söluvöru. Báðir þessir hópar falla í gryfju einfaldana. Fyrri hópurinn gerir sig sekan um að horfa framhjá því að mannskepnan hefir margvíslegar „afbrigðilegar" tilhneigingar. Tilhneigingar sem veita fólki fullnægju sem aðrir en innvígðir eiga e.t.v. erfitt með, eða reyna ekki, að skilja. Við skulum orða það þannig að hugsanlega eru ekki allir sem nota líkama sinn sér til fjárhagslegs uppihalds fórnarlömb. Hugsanlega líkar þeim að falbjóða líkama sinn þeim er borga vill. Fólk hefir víst eins fjölbreyttan smekk og það er margt. Seinni hópurinn gerir full lítið úr því að manneskjan hefir ekki alltaf töglin og hagldirnar í lífi sínu. Stundum eru völdin tekin af henni í formi kynlífsþrælkunar og stundum taka aðstæðurnar völdin í sínar hendur og kippa undan henni fótunum, eins og gerist er fólk veikist af tiltölulega samfélagslegum sjúkdómum; alkóhólisma, spilafíkn eða kynlífsfíkn. Nú er ég ekki beint að leggja kynlífsvæðinguna að jöfnu við þessa sjúkdóma heldur það að máski liggur eitthvað annað að baki því að gerast nektardansari (eða taka þátt í kynlífsvæðingunni) en einskær gleði yfir því að geta glatt áhorfendur með list sinni eða þjónustað kynlífsþurfandi einstaklinga. Auðvitað á hver og einn að fá að hafa sínar „perversjónir" í friði svo framarlega sem þær skaða ekki aðra. Einnig er það alkunna að of mikil bæling, hvort sem það lýtur að líkamsbirtingum eða öðru, er ekki til góðs. Það sem bælt er leitar alltaf út á einn eða annan hátt.

Aftur á móti verður svo að vara sig á þeim skilaboðum sem kynlífsvæðingin felur í sér, því hún klárlega hampar ekki öllum líkamsformum heldur býr til frámunalega líkamsstaðla og hlutgerir fólk, þá einkum og sér í lagi kvenfólk.

Og hversu langt má svo kynlífsvæðingin ganga? Á hún að fá að ganga svo langt að það verði eðlilegt fyrir foreldra að svara, aðspurðir hvað barnið þeirra geri, „krakkinn minn...hann dansar nakinn uppi á sviði og eru nærbuxur hans stútfullar af peningum eftir hvern dans." Og hvað með andstæðingana? Hversu langt vilja þeir ganga? Á að meina fólki að hafa „perversjónir" sem ekki eru taldar kórréttar? Perversjónir sem hugsanlega veita fólki gleði og ánægju? Hér eru engin svör veitt en því hafnað að mannskepnan sé jafn einföld og oftlega er gert ráð fyrir. ■

# *Það flókna og það einfalda*

**Í DAG**
UMRÆÐA UM HRYÐJUVERK



**JÓN ORMUR HALLDÓRSSON**

Fáir vestan Úralfjalla hefðu séð svipmót með okkur Gunther. Við vorum tíðir gestir á bókasafni austur í heimi eitt misseri og alltaf var sama konan þar við afgreiðslu. Hending ein réði því hvort konan kallaði mig Gunther eða Jón. Við vorum ekki óáþekkir að vaxtarlagi, með líkt hár og báðir með gleraugu en að öðru leyti svipaði okkur ekki frekar saman en tveimur mönnum teknum með slembiúrtaki úr þjóðskrá. En eins og menn vita austur í heim þá eru allir Vesturlandabúar eins og einungis á færi kunnáttumanna um útlendinga að þekkja þá í sundur.

Þessi vandræði okkar Gunthers hafa stundum rifjast upp þegar ég fylgist með umræðu um fjarlæga staði, öðru vísi fólk, lítt þekkta trú og framandi menningu. Fjöldamorðin í London og Írak kalla auðvitað á sterk viðbrögð, djúpa andúð og einfaldar skoðanir. Gallinn við einfaldar skoðanir á flóknum málum er hins vegar sá að þær gefa ekki góða mynd af veruleikanum.

Stóra einkennið á umræðu á Íslandi er að hlutir eru ræddir í samhengisleysi og með tilviljanakenndum áherslum á aukaatriði og tæknileg málsatvik. Í umræðunni um hryðjuverkin í London og Miðausturlöndum er hins vegar öllu blandað saman og það oft af sömu ástæðu og kínverskum bókasafnsverði sýndist við Gunther vera tvífarar. Menn tala til að mynda um múslima eins og þar sé um að ræða hóp manna sem sé svona en ekki hinsseginn og um Arabaheiminn eins og þar sé um að ræða eitt land með líku fólki.

Þegar IRA sprengdi sem mest í London töluðu menn hins vegar ekki um kaþólska hryðjuverkamenn, né töluðu menn um kristna hryðjuverkamenn í Bosníu eða um dauðasveitir kristinna manna í Mið-Ameríku eða í Líbanon. Hryðjuverk og fjöldamorð kristinna manna í nafni kristinna samfélaga segja okkur auðvitað ekkert um kristna trú en menn láta hins vegar eins og fólk úr brengluðustu afkimum sértrúarsafnaða innan islam séu skýrar heimildir um trúarbrögð milljarðs manna.

*Hryðjuverk og fjöldamorð kristinna manna í nafni kristinna samfélaga segja okkur auðvitað ekkert um kristna trú en menn láta hins vegar eins og fólk úr brengluðustu afkimum sértrúarsafnaða innan islam séu skýrar heimildir um trúarbrögð milljarðs manna.*

Í þessari súpu verður minnsti afkimi lýsandi fyrir ímyndaða heild. Margbrotin menning ólíkustu samfélaga verður að auðskilinni flatneskju og óraflókin átök fara að passa oní íslenskar skotgrafir. Súpan er hins vegar ekki sett í neitt ytra samhengi. Menn segja að sjálfsmorðsárásir megi skýra með sérkennum islamskrar trúar. Hvað með Tamíla á Sri Lanka sem ganga í opinn dauðann og hafa blásýruhylki með sér til frekari tryggingar? Eða japönsku kamikaze-flugmennina? Eða búddamunkana í Víetnam sem kveiktu í sér til að mótmæla bandarísku leppstjórninni þar í landi? Eða hvað um alla þessa ungu menn sem þúsundum saman hafa gengið í opinn dauðann í hefðbundnari stríðum á síðustu áratugum?

Sumir segja að sú vel þekkta staðreynd að hryðjuverkamenn eru yfirleitt betur menntaðir en foreldrar þeirra og sjaldnast atvinnulausir hnekki þeirri kenningu að hryðjuverk eigi sér rætur í fátækt og vonleysi. Með sama hætti mætti segja að upprisa kommúnismans á sínum tíma hafi ekkert haft með fátækt og misrétti að gera úr því að Karl Marx hafði það fínt í London og leiðtogar kommúnistahreyfinga voru menntaðir millistéttamenn.

Ein vitlausasta kenningin um hryðjuverk síðustu ára er þó líklega sú að þau séu vegna andúðar múslima á lýðræði Vesturlanda. Sú kenning er í rauninni spegilmynd af kenningum Osama bin Laden um stríð okkar Gunthers og annarra Vesturlandabúa gegn islam. Hún er byggð á sams konar einfeldni og samhengisleysi og leiðir því til slæmra viðbragða.

Ef eitthvað er einfalt í þessu eru það tvær staðreyndir. Önnur er sú að alls staðar eru til öfgamenn sem eru skeytingarlausir um líf samborgara sinna. Hin er sú að slíkir menn fá yfirleitt ekki marga til fylgis við sig og eru því til lítilla vandræða. Aðstæður í Írak og víðar hafa hins vegar á síðustu árum verið sniðnar að þörfum slíkra manna og uppskera þeirra því ríkuleg. Tilraun til skilnings á þeim aðstæðum sem færa vondum mönnum fylgi til voðaverka er ekki stuðningur við þá eða samúð með málstað þeirra. Þvert á móti. Þetta er eina leiðin til að berjast gegn vonskunni. ■

Nýjasta Engjaþykknið
er komið í verslanir
Er vinningur
í lokinu?
Engjaþykkni með perum,
karamellu og morgunkorni
– gómsæt máltíð fyrir unga sem aldna.
Þú sérð strax
hvort það leynist óvæntur
glaðningur í Engjaþykkninu
þínu!
Engjaþykkni Sumarleikur


ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL
www.ms.is
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# HELGARTILBOÐ Í FJARÐARKAUPUM

FK FJARÐARKAUP



FJALLALAMB - LANGSKORIÐ GRILLLÆRI 1298kr.kg



MATFUGL - KJÚKLINGABRINGUR 1998 kr.kg



LAMBA "RIB EYE" 1998 kr.kg



FERSK LAXAFLÖK 898 kr.kg



FJALLALAMB GRILLSNEIÐAR 798.kr.kg



FJALLALAMB GLÓÐARSTEIK FRAMPARTUR 1148.kr.kg



S.S GRAND ORANGE 1263.kr.kg



KJARNAFÆÐI BRATWURST PYLSUR 700.kr.kg



EGILS PEPSI MAX 2L. 119.kr | 7 UP 2L. 99.kr | APPELSÍN 2L. 159.kr



COKE 4 X 2L OG FÓTBOLTI 756.kr.



SÓMI SAMLOKUR 129.kr.stk



FK SALÖT 320 g. HRÁSALAT | KARTÖFLUSALAT 88.kr.pk

## VELKOMIN Í FJARÐARKAUP

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:30, lokað laugardag og sunnudag um Verslunarmannah.

einstök

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.286 **+0,22%**

**Fjöldi viðskipta:** 276
**Velta:** 2.083 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Össur** | +3,13% | **Síminn** | -5,66% |
| **Landsbankinn** | +2,19% | **Kögun** | -1,02% |
| **Og Vodafone** | +1,70% | **Marel** | -0,85% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,40 +0,73% ... Bakkavör 38,60 +0,26%... Burðarás 16,30 -0,31%... FL Group 14,50 -0,68% ... Flaga 4,72 +0,00% ...HB Grandi 8,50 +0,00% ... Íslandsbanki 14,05 +1,08% ... Jarðboranir 21,60 +0,47% ... KB banki 556,00 -0,71% ... Kögun 58,40 -1,02% ... Landsbankinn 18,70 +2,19% ... Marel 58,40 -0,85% ... SÍF 4,83 +0,63 ...Straumur 12,60 +0,40% ... Össur 82,50 +3,13%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Ráðið í göngulagið

Íslandsbanki skilaði uppgjöri yfir væntingum og voru forsvarsmenn bankans að vonum ánægðir með niðurstöðuna. Greinilegt er að bankinn er aftur að finna fjölina sína eftir dulitla tilvistarkreppu. Tekjusviðin virðast öll að braggast og búið að sigla Sjóvá í aðra höfn. Auk þess hefur bankanum orðið vel ágengt við að fjármagna sig erlendis og unnið markvisst að þeim málum. Nú er spennan með uppgjör hinna viðskiptabankanna sem birta uppgjör sín í dag. Spákaupmenn reyna að ráða í hvað kemur upp úr kössunum og meðal þess sem gárungar segja óbrigðult er að ráða í göngulag stjórnenda skömmu fyrir uppgjör. Þannig eru Landsbankamenn sagðir ganga hnarreistir þessa dagana, en göngulag KB manna er óræðara. Markaðurinn býst þó við góðum uppgjörum og margir þeirra skoðunar að báðir bankarnir komi með uppgjör yfir spám greiningardeilda.



### Meiri göngulagsgreining

Ef göngulagsgreiningu hefur verið beitt er ljóst að göngulag Jóns Sigurðssonar í Össuri er ákveðið og hnarreist þessa dagana þar sem bréf Össurar hafa hækkað síðustu daga eins og bréf Landsbankans. Össur birtir einnig uppgjör sitt í dag og eru margir spenntir að fylgjast með því hvernig framleiðslufyrirtækjunum með kostnaði í krónum gengur að glíma við erfiðar ytri aðstæður. Síðustu uppgjör Marel, Össurar og Actavis hafa bent til þess að menn hafi náð nokkuð vel að glíma við styrk krónunnar og spennandi að sjá hvernig til tekst nú. Að vísu er vandinn mismikill milli fyrirtækjanna og ljóst að núverandi staða krónunnar hvetur menn ekki beinlínis til að auka starfsemi sína hér á landi. Ef bara er tekið tillit til ytri aðstæðna eru stjórnendur fjármálafyrirtækja léttari í spori þessa dagana en stjórnendur framleiðslufyrirtækja.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Boeing skilaði betra uppgjöri á öðrum ársfjórðungi en spáð hafði verið. Hagnaður félagsins var 70 sent á hvern hlut sem er tíu sentum meira en markaðurinn hafði gert ráð fyrir. Tekjur félagsins hækkuðu um fimmtán prósent á milli ára og numu fimmtán milljörðum Bandaríkjadala. Virði hlutabréfa í Boeing hefur ekki verið hærra í fjögur ár.

Úrvalsvísitalan hækkar enn og sló fyrra met þegar hún endaði í 4.287 stigum. Mest hækkuðu bréf í Össuri og Landsbankanum yfir tvö prósent. Og fjarskipti og Íslandsbanki hækkuðu einnig um meira en eitt prósent.

Japönsk hlutabréf hækkuðu í gær vegna styrkingar Bandaríkjadals gagnvart jeninu. Sterkari dalur eykur tekjur japanskra útflutningsfyrirtækja eins og Honda og Canon.

# OMX leitar hófanna

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir að OMX-kauphallarhópurinn hafi haft frumkvæði að því að bjóða Kauphöll Íslands og norsku kauphöllinni að ganga til liðs við samstæðuna með sama hætti og þeirri dönsku á sínum tíma. Að OMX standa kauphallirnar í Helsinki, Kaupmannahöfn, Riga, Stokkhólmi, Tallinn og Vilnius.

„Við erum alls ekki búin að taka ákvörðun og engar viðræður eru í gangi við OMX. Það þarf að fara gaumgæfilega yfir kosti og galla þess að fara inn í OMX,“ segir Þórður. Hann bendir á að Kauphöllin sé í mikilli sókn og ekkert liggi á.

Kauphöllin svarar tilboði OMX í haust hvort áhugi sé fyrir því að hefja aðildarviðræður. - eþa


**Rauði kross Íslands**
Reykjavíkurdeild

**Reykjavíkurdeild**
**Rauða kross Íslands**

auglýsir eftir starfsmanni á skrifstofu.

Um er að ræða 80% starfshlutfall sem felst m.a. í :

Símvörslu
almennum skrifstofustörfum
umsjón með kaffistofu

Nánari upplýsingar veitir Katla Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri í síma 545-0400.
Umsóknum skal **skila fyrir 5. ágúst nk.** á skrifstofu Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands, Laugavegi 120, 4. hæð eða með tölvupósti á netfangið ***katla@redcross.is***


# Bjóðendur samþykkja drög að kaupsamningi

**Þegar ljóst verður í dag hver býður hæst í Símann líður ekki langur tími þangað til kaupsamningur verður undirritaður. Drög að samningnum liggja þegar fyrir og hafa bjóðendur samþykkt hann í stórum dráttum.**



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON OG BRYNJÓLFUR BJARNASON** Fjárfestingafélag sem Lýður og Ágúst Guðmundssynir ráða yfir, Exista, er meðal bjóðenda í Símann. Hér er Lýður með Brynjólfi Bjarnasyni forstjóra Símans, en talið er að staða stjórnenda Símans verði tryggð kaupi Exista og félagar fyrirtækið.

Seinnipartinn í dag verður ljóst hver býður hæsta verð í Símann og gengur til viðræðna við einkavæðingarnefnd um kaup á fyrirtækinu. Þær viðræður eiga ekki að taka langan tíma að sögn Jóns Sveinssonar, formanns einkavæðingarnefndar. Drög að kaupsamningi liggur þegar fyrir og þeir sem skila inn bindandi tilboðum þurftu að vera búnir að samþykkja drögin í stórum dráttum í gærkvöldi. Því eigi að vera hægt að ljúka stærstu einkavæðingu á Íslandi fyrir lok sumars.

Tólf hópar, sem í voru 35 innlendir og erlendir fjárfestar, uppfylltu skilyrði einkavæðingarnefndar til að skila inn bindandi tilboðum í dag. Síðustu vikurnar hafa þessir aðilar fengið aðgang að ítarlegum upplýsingum um rekstur Símans og stjórnendur fyrirtækisins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa erlendu fjárfestarnir heltst úr lestinni og allt útlit fyrir að enginn þeirra skili inn bindandi tilboði. Þegar leitað er skýringa á því eru tvær ástæður helst nefndar; verðhugmyndir um Símann séu of háar miðað við sambærileg fyrirtæki í Evrópu og mikil gengisáhætta vegna íslensku krónunnar. Erfitt sé að verja sig fyrir gengissveiflum þegar um svo stórar upphæðir sé að ræða.

Verði þetta raunin skila aðeins þrír innlendir hópar fjárfesta inn tilboði í Símann. Erfitt er að fullyrða hvort færri bjóðendur leiði til lækkun tilboða. Árið 2001, þegar upphaflega stóð til að selja Símann, kom fram að eigið fé var verðmetið á um 45 milljarða króna. Það er svipuð upphæð og greiningardeildir bankanna hafa verðmetið fyrirtækið á, ef þær nota hefðbundnar aðferðir. Hins vegar telja sérfræðingar að Síminn sé meira virði því hægt sé að hagræða í rekstrinum. Það er því ljóst að hér er um stærstu einkavæðingu að ræða á Íslandi.

bjorgvin@frettabladid.is









**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** TM hagnaðist um rúmar 200 milljónir króna á sama tíma í fyrra.

# Spá mikilli hagnaðaraukningu

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur

Leiðist barninu í bílnum? Bækur á cd-diskum fást á www.hljodbok.is og í b.búðum.

Barnareiðhjól með hjálpardekkjum til sölu. Blátt Trek drengjahjól. Sími 557 1843.

## Dýrahald



Croft léttbúr fyrir hunda. Dýrabær, Hlíðasmára 9 kóp. Opið mán - föst 11:30-18:00, laugardaga 11-15:00. Sími 553 3062.



Enskir Bulldog hvolpar til sölu. Uppl. í s. 691 5000.

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Allt í hund og kött. Afrikan Gray ungi til sölu. Uppl. í síma 482 4366.

**Íslendingur þarf gott heimili**
Tæplega ársgmalan íslenskan rakka vantar þegar gott heimli. Hann er ljósbrúnn, fremur smár og geltir minna en margir frændur hans. Ættbókafærður og mjög fallegur. Uppl. gefur María í s. 565 7643 & 899 7643.

## Ýmislegt



Heitir pottar. Síðasta sending sumarsins. 8 manna pottar á frábæru verði, 85.000 stgr. S. 822 4200.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Sjóstangaveiði og hvalaskoðun. Tilvalið fyrir vinahópa eða vinnufélaga. Farið frá Reykjavíkurhöfn. Duus Tours. S. 898 9511.

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Þú færð allt í veiðiferðina í Veiðideild Intersport Bildshöfða. Mikið úrval af beitu; maðk, makríl og sandsíli. Erum einnig með fallegar laxa- og silungaflugur, hnýttar af Dr. Jónasi Jónassyni (Dr. Frances). Yfirförum og smyrjum hjól að kostnaðarlausu og spólum uppá nýjar línur á meðan beðið er. Veiðideild Intersport Bildshöfða.

**Fluguveiði á fjöllum**
Kaldakvísl, Tungnaá, Þórisvatn, Fellsendavatn, Kvíslárveitur, gisting Versalir. Veiðileyfi: Hálendismiðstöðin Hrauneyjar.




www.sportvorugerdin.is




www.sportvorugerdin.is






6 Byssu skápur á 19.900 kr. Sportbúð Títan www.sportbud.is S. 517 8810 Krókháls 5g.

## Ferðaþjónusta



Sumarfrí við Eyjafjörð. Allt sem til þarf í gott sumarfrí: Gisting - grill - hestar - reiðhjól - kanó - golf - sund - hvalaskoðun - veiði - gönguferðir - nálægð við vinsæla ferðamannastaði. Gistiheimilið Árgerði við Dalvík. Sími 555 4212 og 862 2109 www.argerdi.com

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Íbúð til leigu á Hverfisgötu, 101 Rvk. Björt og falleg 3ja herbergja (samliggjandi stofur og tvö svefnherbergi) 90.000 á mán. Leigist til eins árs. Upplýsingar í síma 694 3901.

Til leigu einstaklingsíbúð á góðum stað í Kópavogi, leigist til áramóta. Laus nú þegar. Sími 847 7060.

Lítil stúdíóíbúð til leigu í Kópavogi, sérinngangur. Aðeins reyklaus og reglusamur aðili kemur til greina. Uppl. í síma 554 4595.

3ja herb. 87 fm. íbúð til leigu í Grafarvogi. Laus strax. Uppl. í s. 895 0383.

3ja herbergja 75 fm íbúð í Kópavogi til leigu frá ca 1. september '05. Reglusemi, reykleysi og skilvísi skilyrði. Upplýsingar í síma 660 0088 og siximus@hotmail.com

Fallegt hús á svæði 101 til leigu 294fm. Laust. Einnig stúdíó íbúð á 4. hæð 109 fm mjög falleg. Uppl. í síma 846 0751.

Notaleg 2ja herb. kjallaraíbúð í gamla Vesturbænum til leigu. 60 þús á mán. Reyklaus. S. 699 5652.

Til afhendingar strax, 2 herbergja íbúð á Kjalarnesi og í Þorlákshöfn. S. 517 3440 www.leigulidar.is

Til sölu eða leigu 110 fm blokkaríbúð við Skaftahlíð 105 Rvk. Leiguverð 100 þús. með rafm., hita og hússjóði. Söluverð 20 millj. Opið hús fyrir áhugasama föstudaginn 29. júlí kl. 20-21 og upplýsingar gefur Dagrún í síma 568 4668 & 869 1758.

## Húsnæði óskast

Barnlaust par, sem þegar hefur hlaupið af sér hornin, óskar eftir 2-3ja herb. íbúð í miðbænum eða í göngufæri við hann. Eru bæði í fastri og góðri atvinnu, reglusöm og áreiðanleg. Uppl. veita Silja í s. 698 8868 & Vilhjálmur í s. 862 9040.

31 árs gamall karlmaður óskar eftir stúdíóíbúð eða 2ja herb. íbúð. Reglusemi og skilvísi heitið. Uppl. í s. 869 1578. Þórður.

## Sumarbústaðir



70 fm heilsárshús til sölu. Tilbúið að utan og einangrað að innan. Uppítaka á nýlegum díseljeppa möguleg. 11 fm gestahús getur fylgt. S. 822 4200.

Til sölu nokkrar góðar sumarbústaðalóðir á góðum stað í Grímsnesi. S. 661 1121

Óska eftir kamínu í sumarbústað. Uppl. í síma 864 5920.

Til sölu eignarlóð hálfur hektari á góðum útsýnisstað í landi Kerhraun, Grímsnesi. Uppl. í s. 698 9915.

## Atvinnuhúsnæði

Vantar 70-100 fm atvinnuhúsnæði, helst í Hfj., en ekki skilyrði. Ath. til leigu eða kaups. S. 555 3672, 690 3672 eða jakob@internet.is

Óska eftir að kaupa ódýrt lítið iðnaðarhúsnæði eða bílskúr ca 50 fm á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 861 4115.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vantar starfsmann sem fyrst**
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.**

**Afgreiðslustörf í boði Framtíðarstarf**
Bakarí og kaffihús hjá Jóa Fel Smáralind óskar eftir starfsfólki í fullt starf.
**Áhugasamir hafið samband við Önnu Hjá Jóa Fel í s. 844 7817.**

**Aðstoð í eldhúsi**
Óska eftir að ráða starfsmann í aðstoð í eldhúsi sem allra fyrst.
**Upplýsingar í síma eða á staðnum.**
**Cafe Victor. Sími 697 9001 & 561 9555.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s. 462 3002 & 471 2002.

Óskum eftir að ráða vana menn í eftirfarandi stöður á Sæberg SH 424 sem er 140brl gert út á dragnót: Stýrimaður (þarf að vera vanur netamaður), Matsveinn og Vélavörð. Nánari upplýsingar í síma 840 0840.

**Pizza Höllin Dalbraut**
Óskar eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgar vinnu. Vinnu tími 17.30-22.30. Uppl. í s. 568 6868 Helgi.

Hótel Valhöll, Þingvöllum leitar að einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í skemmtilegu umhverfi. Ath: aðeins 20 ára og eldri. Umsóknum skal skilað á hotelvalholl@hotelvalholl.is fyrir 04/08 nk. Óskað er eftir áreiðanlegu fólki í framtíðarstörf. Nánari uppl. í síma 480 7100 (Aníta/Kristbjörg)

Óska eftir röskum manni á hjólbarðaverkstæði Nýbarða Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600.

**Hrói Höttur Hafnarfj.**
Óskum eftir matreiðslumanni og metnaðarfullu starfsfólki í pizzugerð, 100 % störf, einnig bílstjórum á okkar bíla, full vaktarvinna og starfsfólk í sal og uppvask kvöld og helgar. Lágm.aldur 18 ár. Uppl. á staðnum Hjallahrauni 13, Hfj og í s. 565 2525, Örn.

**Háseta**
Vantar háseta helst vönum beitningar vél í línu bát sem gerður er út á Snæfellsnesi. Uppl. s 864 8403

**Vélavörður**
Traust útgerðarfélag á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir vélaverði á skip sitt frá 3.-31. ágúst. Uppl. gefur Ragnar í s. 898 4855.

**Starf í mötuneyti**
Starfsmenn óskast til afgreiðslustarfa í mötuneyti. 2 störf í boði, eitt 100% starf og annað 50% starf. Reynsla skilyrði. Uppl. í síma 515 6629 milli kl. 8.00 og 19.00.

Barngóð Au pair óskast til hálf íslenskrar fjölskyldu á rólegum og öruggum stað í Ísrael. Uppl. í síma 867 4891.

Bókabúð, starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa í 6 vikur, frá 10. ágúst. Umsóknir sendist á bej@internet.is

**Málarar**
Málarar eða menn vanir málningarvinnu óskast. Áferð ehf. Uppl. í síma 696 5656.

**Skemmtileg vinna í vetur!!!**
Vantar fólk í vinnu, bæði um að ræða fullt starf og hlutstörf. Vaktavinna, sveiganlegur vinnutími. Umsóknir á Subwaystöðunum og á netinu subway.is.

## Atvinna óskast

Ég er 32ja hugguleg kona sem óska eftir afgreiðslu í fataverslun á höfuðborgarsvæðinu. Er kurteis, samviskusöm og kem vel fyrir. Uppl. í síma 846 8949.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Giftingahringur týndist á ferðalagi um Þjórsárdal um síðustu helgi. Breiðar, allur mynstraður. Fundarlaun. S. 554 6405 & 869 5781.

## Ýmislegt

Varst þú á Hríseyjarhátíð. Er að leita af dömu sem er ljóshærð, grannvaxin var í ljósri felulita flíspeysu, með barn í kerru, hjálpaði mér að bera konu út af dansgólfinu á laugardagskvöldinu. Ef þú kannast við hana vilt þú biðja hana að hafa samband við mig, á netfang, abs1004@simnet.is

# upp í Bónus!

Ef þið þekkið þessa frú, vinsmlegast bendið henni á að hún hafi lent í rauða hringnum og að nú sé hún orðin kajakeigandi. Hún er beðin um að hafa samband við skrifstofu Bónuss að Skútuvogi 13 í Reykjavík.



GLAÐNINGUR frá Bugt og Bónus

Er ævintýri í sigtinu?

## Lambarifjur

KF LAMBARIFJUR
269 kg KR.
10% afsláttur við kassann
Merkt verð 299kr.

## Hvítlauksmarineraður LAX Á GRILLIÐ

HVÍTLAUKS MARINERAÐUR LAX
779 kg KR.
35% afsláttur við kassann
Merkt verð 1198kr.

ÍSLENSKT SJÁVARFANG

Red Devil
79 KR.
250 ml

99 KR.
25 stykki

VELJIÐ SJÁLF!
25 bollar,
25 diskar,
25 hnífar,
25 teskeiðar,
25 skeiðar
eða 25 gafflar

## Mataráhöld í sveitina

## Kolagrill

EINNOTA GRILL
89 KR.

Pipar sósa / Hvítlauks sósa
139 KR.
270g

# Tilboð í tugatali

ALI úrb. hnakki og kótelettur
1049 kg KR.
30% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1498kr.

BBQ/HVÍTLAUKS
359 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 599kr.

BBQ

40% afsláttur við kassann

## Kjúklingalæri

BBQ KRYDDLEGIN HVÍTLAUKS

Hvít lauks

## Kjúklingalæri

HÁLFÚRBEINUÐ HOLTA

HÁLFÚRBEINUÐ LÆRI
697 kg KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 995kr.

30% afsláttur við kassann

## Grandsalat

FERSKT OG ÍSLENSKT Í POTTI
139 KR.
GRAND í potti

SOÐIN LAMBASVIÐ FRÁ KF
599 kg KR.

## Soðin svið

LAMBASVIÐ FRÁ KJARNAFÆÐI

SOÐIÐ OG KLÁRT Í FERÐALAG

## Hangikjöt

SOÐIÐ HANGIKJÖT
1599 kg KR.

KJARNAFÆÐI

## ALI grillkótelettur og úrbeinaður hnakki

HÁLFUR LÍTRI
59 KR.
STÓR DÓS

BÓNUS SAMLOKA
98 KR.

BÓNUS
## Samlokur
FRÁBÆRAR Í FERÐALAGIÐ

12 LÍTRA POTTUR - KLÁR Í HANGIKJÖTIÐ!
2999 KR.

12 lítra

SERVÓ VERSLANIR

EKKERT BRUDL

HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
699 kg KR.

FRAMPARTUR Í BITUM MEÐ BEINI
## Hangikjötið

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




ÞEKKIRÐU MANNINN?

Það getur verið ævintýri að lenda í rauða hringnum okkar. Þessi maður getur örugglega tekið hraustlega á árinni og væntanlega fá vinir og vandamenn að vera vitni að glæstum tilburðum. Ef þú þekkir hann, vinsamlegast bentu honum á að hafa samband við skrifstofu Bónuss að Skútuvogi 13 í Rvík.

EKKERT BRUÐL

# ARIETE kaffivél

## Supréme DELUXE

Ítalir þekkja sitt kaffi. Ariete byggir á ítölskum kaffihefðum við framleiðslu á vönduðum og góðum expressó kaffivélum fyrir kröfuharða.

**Fullkomin 2,2l EXPRESSÓ kaffivél með kaffikvörn**

- * Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- * Hægt að stilla hve fín mölunin er
- * Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- * Cappuccino kerfi - blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappuccino
- * Innbyggður bollahitari



EXPRESSÓ VÉL MEÐ KAFFIKVÖRN
29.900 KR.

FRÁBÆRT Á SUMARKVÖLDUM




SETT FYRIR FJÓRA
999 KR.

SERVÖRU VERSLANIR



EINS LÍTRA KANNA
999 KR.

## Hitakanna



3 FÍNIR POTTAR MEÐ GLERLOKI
1799 KR.

3 LÉTTIR OG GÓÐIR POTTAR MEÐ LOKI

20 HLUTA MATARSTELL




EINFALT, LÉTT OG GOTT FYRIR FJÓRA

20 HLUTA SETT FYRIR FJÓRA
1599 KR.

EKKERT BRUÐL

## Schou heilsugrill

SHOU SAMLOKUGRILL
998 KR.




## Schou samlokugrill

SHOU HEILSUGRILL
2999 KR.

Komið aftur!




BAKKI FYRIR FITU



SHOU VÖFFLUJÁRN
1599 KR.

## Schou vöfflujárn

EKKERT BRUÐL

KÖKUBAKKI Ö 28 sm
399 KR.



## Kökubakki með loki

# Afgreiðslutími um verslunarmannahelgina

EKKERT BRUÐL

Opið fimmtudag og föstudag frá 10.00 til 20.00
Laugardag er opið frá 10.00 til 18.00
Sunnudag er opið í sunnudagsbúðum 12.00 til 18.00

BÓNUS VERSLANIR UM LANDIÐ:
- HVERAGERÐI: Sunnumörk
- SELFOSS: Austurvegur
- BORGARNES: Digranesgata
- STYKKISHÓLMUR: Borgarbraut
- ÍSAFJÖRÐUR: Ljónið
- AKUREYRI: Langholt
- EGILSSTAÐIR: Miðvangur
- REYKJANESBÆR: Fitjar

BÓNUS VERSLANIR HÖFUÐBORGARSVÆÐI

REYKJAVÍK:
- Faxafen 14
- Kringlan 3
- Laugavegur 59
- Skútuvogur 13
- Iðufell 14
- Tindasel 3
- Spöngin
- Holtagarðar
- Hraunbær

SELTJARNARNES:
- Suðurströnd 2

KÓPAVOGUR:
- Smiðjuvegur 2
- Smáratorg

HAFNARFJÖRÐUR:
- Helluhraun 16 - 18

MOSFELLSBÆR:
- Þverholt 2




# Lokað mánudag, frídag verslunarmanna

Sama verð um allt land

Tilboðin gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast

EKKERT BRUÐL
BÓNUS

# Burðarás eykur fjárfestingar

## Félagið á orðið í tíu sænskum félögum.

Burðarás hefur aukið fjárfestingar sínar enn frekar í Svíþjóð með kaupum á bréfum í fimm félögum. Félögin sem um ræðir eru Broström, Observer, Pricer, SCA og Tele 2. Andvirði kaupanna er um tveir milljarðar króna. Eftir kaupin er Burðarás fjórði stærsti hluthafinn í Broström og Observer.

Burðarás hefur fjárfest grimmt í Svíþjóð á undanförnum misserum. Stærstu fjárfestingarnar eru í Carnegie og Skandia en þar að auki á fyrirtækið bréf í Cherryföretagen, Intrum Jusitia og Scribona.

Friðrik Jóhannsson, forstjóri Burðaráss, segir að félagið leiti að fjárfestingartækifærum í góðum félögum sem eru vanmetin. Geta Burðaráss til frekari fjárfestinga sé um 130 milljarðar króna.



**FRIÐRIK JÓHANNSSON HJÁ BURÐARÁSI** Félagið eykur fjárfestingar sínar í Svíþjóð með kaupum í fimm félögum. Það hefur burði til fjárfestinga fyrir 130 milljarða króna.

Dagens Industri segir frá því að einn helsti ráðgjafi Burðaráss sé Fredrik Danielsson, sonur Eriks Danielsson - stofnanda Pricer og næststærsta hluthafans. - eþa

**NÝIR EIGNARHLUTIR BURÐARÁSS Í SVÍÞJÓÐ**

| Fyrirtæki | Starfssvið | Verðmæti hlutar* |
|---|---|---|
| Bromström | Flutningastarfsemi | 812 |
| Observer | Markaðsrannsóknir | 509 |
| Pricer | Hugbúnaðarlausnir | 49 |
| SCA | Pappírsframleiðsla | 418 |
| Tele 2 | Símafélag | 287 |

* Í milljónum króna

# 365 fá 136 milljóna endurgreiðslu

365 ljósvakamiðlar eiga von á 136,1 milljóna króna endurgreiðslu úr ríkissjóði vegna endurálagningar ríkisskattstjóra á félagið á árunum 1997 og 1998, kemur fram í tilkynningu á vef Kauphallarinnar.

Segir í tilkynningunni að yfirskattanefnd hafi fallist á kröfu 365 ljósvakamiðla, sem áður hét Íslenska útvarpsfélagið, um að félaginu hafi verið heimilt að nýta sér yfirfæranlegt tap vegna rekstrar Íslenskrar margmiðlunnar að fullu og tap Sjónvarpsmarkaðarins að hluta. -jsk

**365 LJÓSVAKAMIÐLAR** 365 hefur nú fengið 136,1 milljón króna endurgreiðslu úr ríkissjóði vegna endurálagningar ríkisskattstjóra á félagið á árunum 1997 til 1998.

# KB banka uppgjör í dag

KB banki birtir uppgjör sitt fyrir annan ársfjórðung í dag en bankanum er spáð rúmlega 11 milljarða króna hagnaði. Á sama tíma í fyrra hagnaðist bankinn um 3,5 milljarða og mun því vera mikil hagnaðaraukning milli ára. Gaman verður að sjá hvort KB banki slær út hagnaðarmet Burðaráss en félagið hagnaðist um 24,5 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Hagnaður KB banka var tæpir 11,5 milljarða á fyrsta ársfjórðungi og ef spár ganga eftir verður hagnaður bankans á fyrstu sex mánuðum ársins 23 milljarðar króna. -dh



**SIGURÐUR EINARSSON**

**AFKOMA KB BANKA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI - Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 11.495 |
| Spá Landsbankans | 11.265 |
| **Meðaltal:** | **11.380** |

# Spáð rúmum 3,5 milljörðum í hagnað

Landsbankanum er spáð rúmlega 3,5 milljarða króna hagnaði á öðrum ársfjórðungi. Er það nokkur aukning frá sama tímabili árið 2004 en þá var hagnaður bankans tæpir 1,8 milljarðar.

Hagnaður bankans var rúmir sex milljarðar á fyrsta ársfjórðungi sem var umfram væntingar greiningardeilda bankanna.

Breska verðbréfafyrirtækið Teather & Greenwood kemur inn í afkomu Landsbankans frá og með öðrum ársfjórðungi. -dh

**AFKOMA LANDSBANKANS Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 3.567 |
| Spá KB banka | 3.700 |
| **Meðaltal:** | **3.634** |

# Össur birtir í dag

Össur birtir afkomutölur fyrir annan ársfjórðung í dag. Búist er við tæpum 300 milljóna króna hagnaði á tímabilinu en á sama tíma í fyrra var hagnaður félagsins 284 milljónir króna. Þá hafði hagnaðurinn tvöfaldast milli ára og var yfir væntingum.

Spennandi verður að sjá niðurstöður annars ársfjórðungs vegna þess að afkoman á fyrsta ársfjórðungi var undir spám greiningardeilda bankanna. Þá hafði salan aukist óverulega milli ársfjórðunga og dróst salan á Evrópumarkaði saman. -dh

**AFKOMA ÖSSURAR Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 286 |
| Spá KB banka | 295 |
| Spá Landsbankans | 241 |
| **Meðaltal:** | **274** |


Staðreyndirnar tala
– byggingavörur á betra verði





| BYGGINGAVÖRUR | MÚRBÚÐIN | Byko | Húsasmiðjan | Mismunur á hæsta og lægsta verði |
|---|---|---|---|---|
| Innimálning 10 ltr 7 % glans | 2.690 kr. Dekacryl | Ekki til | 4.590 kr. Jötun | 71% |
| Útimálning 10 ltr | 2.990 kr. Alfacryl | 4.390 kr. Byko | 5.490 kr. Húsasmiðjan | 83% |
| Terpentína 1 ltr | 219 kr. Deka | 314 kr. Málning | 445 kr. Jötun | 103% |
| Vatnsþynnt epoxy pr kg | 896 kr. Deka Topp | 2.179 kr. Málning | 1.585 kr. Sigural | 143% |
| Loftamálning 10 ltr | 2.394 kr. Deka | 3.980 kr. Sadolin | 3.990 kr. Jötun | 67% |
| Fylligrunnur 10 ltr | 1.681 kr. Deka | 8.777 kr. Málning | Ekki til | 422% |
| Olíugrunnur pr ltr | 391 kr. Deka | 1.047 kr. Kill´z | 1.243 kr. Jotun | 218% |
| Hammer lakk pr ltr. | 838 kr. Deka | 1.607 kr. Granville | 2.327 kr. Hammerite | 178% |
| Parketlím 2ja þátta PU 13 kg | 7.133 kr. Bostik | Ekki til | Ekki til | |
| Waterplugg 5 kg | 1.688 kr. Deka | 2.718 kr. BM Vallá | 2.625 kr. Mapai | 61% |
| Múrblanda hraðharðnandi 25 kg | 1.988 kr. Deka | 2.041 kr. BM Vallá | 2.500 kr. BM Vallá | 26% |
| Akrílkítti | 119 kr. Deka | 259 kr. Sika | 348 kr. Soudal | 192% |
| Límkítti | 539 kr. Danalim | 721 kr. Sika | 695 kr. Soudal | 34% |
| Litaspray 400 ml | 295 kr. Technospray | 490 kr. Akso nobel | 695 kr. Duplicolor | 136% |
| Festifrauð 750 ml | 495 kr. Deka | 899 kr. Fischer | 899 kr. Soudal | 82% |
| Hjólbörur 100 ltr steypu | 8.591 kr. Danbören | Ekki til | 10.995 kr. Danbören | 28% |
| Filtbretti | 194 kr. Marshalltown | 299 kr. Nupride | 329 kr. | 70% |
| Múrfata 12 ltr | 294 kr. Jopa | 366 kr. | 845 kr. | 187% |
| Háþrýstidæla 100 bör | 5.900 kr. Einhell | 9.900 kr. Bosch | 8.995 kr. Sistema | 68% |
| Flísalímsglattari 10 x 10 mm | 198 kr. Ranatools | 803 kr. Lux | 1.025 kr. | 418% |
| Hræripinni fyrir 20 kg | 995 kr. Mako | Ekki til | 1.995 kr. Unimixer | 101% |
| Steypuskafa | 1.279 kr. Marshalltown | 3.776 kr. Kraft | 4.895 kr. | 283% |
| Álréttskeið 2,5 m m/dropa | 4.133 kr. Richter | Ekki til | Ekki til | |
| Tommustokkur 1 m, plast | 371 kr. Mako | 571 kr. | 495 kr. | 54% |
| Rafmagnshitablásari 9 kw | 26.673 kr. Sial | 49.900 kr. Sial | Ekki til | 87% |
| Rykgríma 1 stk | 261 kr. Mako | 312 kr. 3M | Ekki til | 20% |
| Vírbursti | 176 kr. KWB | 295 kr. Lux | 495 kr. | 181% |
| Demantsbolli 5" tvöfaldur | 6.990 kr. Dimo | Ekki til | 20.095 kr. | 187% |
| Hamar 450 gr | 1.998 kr. Bacho | 2.769 kr. Bacho | 1.998 kr. Bacho | 39% |
| Bogasög | 695 kr. Bacho 24" | 1.591 kr. Bacho 21,5" | 1.195 kr. | 129% |
| SDS bor 10 x 160 mm | 540 kr. KWB | 969 kr. Irwin | 745 kr. CD Jewel | 79% |
| Gluggaskafa | 569 kr. Mako | 965 kr. Soligen | 995 kr. Colorexpert | 75% |
| Malarskófla | 650 kr. Buffalo | 1.253 kr. Ames | 695 kr. | 92% |
| Strákústur 30 cm m/skafti | 769 kr. Uni | 672 kr. Lux | 475 kr. Takk | 62% |
| Hengilás 50 mm | 415 kr. Scandi Lock | 864 kr. Lux | 795 kr. | 108% |
| Járnsög 12" | 461 kr. Work it | 2.926 kr. Bacho | 1.595 kr. Cosmos | 535% |
| Blikkklippur | 436 kr. Ranatools | 2.783 kr. Stanley | 995 kr. | 538% |
| Skiptilykill 300 mm | 875 kr. KWB | 3.984 kr. Bacho | 3.929 kr. Padre | 355% |
| Rakavarnarplast 0,2 mm - pr m² | 59 kr. 4 x 25 m rúlla | 138 kr. 4 x 25 m rúlla | 98 kr. 4 x 50 m rúlla | 134% |
| Stálnaglar 2,0 x 30 100 stk | 127 kr. Bår | 105 kr. Bår | 132 kr. Bår | 26% |
| Stálnaglar 2,7 x 40 pr stk | 3,38 kr. Bår | 4,74 kr. Bår | 4,89 kr. Bierbach | 45% |
| Rekskrúfur 6 x 60 mm pr stk | 3,85 kr. | 3,7 kr. Alldubel | 7,63 kr. Alfa | 106% |
| Borðabolti 10 x 60 pr stk | 29 kr. Wurth | 25 kr. | 26 kr. | 16% |

Táknar lægsta verð

Könnunin var gerð þann 29. júní af starfsmönnum Múrbúðarinnar.
Leitast var við að bera saman vörur af sambærilegri gerð.
Könnunin er birt með fyrirvara um prentvillur.

Opið
mán. - fös. 8-18
laugardaga 9-17




hafðu það betra á enn betra verði!

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

Lægra verð á byggingavörum fyrir alla – ALLTAF!

MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



MAXIMILIEN ROBESPIERRE (1758-1794) lést þennan dag.

*„Konungurinn verður að deyja til þess að landið geti lifað.“*

*Maximilien Robespierre var einn af leiðtogum frönsku andspyrnuhreyfingarinnar. Hann sendi andstæðinga sína svo tugþúsundum skipti á höggstokkinn.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Hálf milljón ferst í jarðskjálfta

Hátt í hálf milljón manna lést þennan dag árið 1976 þegar jarðskjálfti sem mældist 8,3 á Richterskala reið yfir Kína. Skjálftinn gereyðilagði borgina Tangshan sem staðsett er norðaustur af Peking. Þúsundir létust þegar aðal sjúkrahúsið í borginni hrundi og mikill fjöldi námuverkamanna grófst undir en í borginni bjuggu 1,6 milljón manna.

Tangshan var staðsett mjög nálægt upptökum skjálftans og varð því verst úti. Skjálftans varð þó einnig vart í nálægum borgum og í Peking þar sem íbúum var ráðlagt að búa á götum úti þar er ekki þótti öruggt að vera inni í húsum.

Opinberar kínverskar tölur um fjölda látinna er 250 þúsund en nú er talið líklegra að um hálf milljón manna hafi látist í skjálftanum. Þar með er það mesta mannfjall í jarðskjálfta á 20 öld og skjálftinn sá öflugasti síðan í Alaska árið 1964 þegar skjálfti mældist 9,2 á Richter.

Uppbygging Tangshan hófst strax að loknum skjálftanum og að lokum var öll borgin endurbyggð. Hún er af þeim sökum kölluð Hin hugrakka borg Kína.

Fleiri létust af völdum jarðskjálfta á fyrstu tíu mánuðum ársins 1976 en síðustu sex ár á undan. Það ár var mikil hreyfing á jarðskorpunni allt frá Kína til Grikklands.



28. JÚLÍ 1976

## MERKISATBURÐIR

- **1662** Kópavogsfundurinn er haldinn. Helstu forystumenn þjóðarinnar undirrita skuldbindingarskjal sem miðar að einveldi Danakonungs hér á landi.
- **1750** Tónskáldið Jóhann Sebastian Bach andast í Leipzig.
- **1960** Norðurlandaráðsþing er haldið á Íslandi í fyrsta sinn.
- **1965** Johnson Bandaríkjaforseti ákveður að auka herafla Bandaríkjanna í Víetnam um 50 þúsund menn.
- **1974** Fjórðungur þjóðarinnar sækir þjóðhátíð á Þingvöllum til minningar um 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar.
- **2000** Síðustu föngunum úr Maze-fangelsinu í Írlandi er sleppt úr haldi.

## ANDLÁT

**Þorbjörg Guðný Aradóttir**, Akralandi 3, áður Þrándarlundi í Gnúpverjahreppi, lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 20. júlí.

**Sigurbjörg Ámundadóttir**, Kristnibraut 77, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 25. júlí.

**Svandís Guðmundsdóttir** frá Kleifastöðum, Norðurbrún 1, andaðist á líknardeild Landakotsspítala mánudaginn 25. júlí.

**Óskar Sigurður Guðjónsson**, Hjallavegi 21, Reykjavík, lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut þriðjudaginn 26. júlí.

## JARÐARFARIR

- 11.00 **Baldvin Jóhannesson** símvirki, Skúlagötu 40b, Reykjavík verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni.
- 13.00 **Ásta Jónsdóttir**, Háaleitisbraut 45, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.
- 13.00 **Hallfreður Örn Eiríksson**, Háaleitisbraut 56, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.
- 13.30 **Tryggvi Ingimar Kjartansson**, Brekkugötu 10, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.
- 14.00 **Guðrún Torfadóttir**, Miðtúni 12, Tálknafirði, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.
- 15.00 **Sigurgeir V. Snæbjörnsson**, Laugateigi 26, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI



**Ragnheiður Davíðsdóttir** forvarnafulltrúi er 51 árs.



**Pétur Ormslev** knattspyrnukappi er 47 ára.



**Jón Arnar Magnússon** frjálsíþróttamaður er 36 ára.



**Birgitta Haukdal** söngkona er 26 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



1866 **Beatrix Potter** barnabókahöfundur



1929 **Jacqueline Kennedy Onassis**



1945 **Jim Davis** höfundur Grettis

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Guðmundía Sigurey Sigurðardóttir**
Hringbraut 128g, Keflavík,

lést á Hjartadeild Landspítalans þriðjudaginn 19. júlí.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Fyrir hönd aðstandenda,

Guðrún Hólm Snorradóttir
Þuríður Árný Snorradóttir — Steinar Gunnbjörnsson
Erla Hrönn Snorradóttir — Jóhann Steinsson
Árni Ómar Snorrason — Sigurlaug Ingvarsdóttir
Bernódus Sigurðsson

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

**JÓHANN G. JÓHANNSSON** HEFUR SUNGIÐ, SPILAÐ OG SAMIÐ Í YFIR 40 ÁR

# Svipuð tilfinning að mála mynd og semja lag

„Minn ferill hófst uppi á Bifröst í Borgarfirði þegar ég byrjaði þar í skólahljómsveit sextán ára gamall,“ segir Jóhann G. Jóhannsson, myndlistar- og tónlistarmaður, sem hefur sungið, spilað og samið lög í yfir 40 ár.

Kjarninn úr þessu fyrsta bandi Jóhanns myndaði síðan hljómsveitina Strauma sem spilaði víða í Borgarfirði sumarið 1965 og Óðmenn urðu til ári síðar. „Þetta var skemmtilegur tími enda margt að gerast. Við vorum coverband en vorum samt að semja,“ segir Jóhann en bandið gaf út eina plötu. „Lagið Tonight is the end vakti mesta athygli af því það var sungið á ensku. Þeir voru ekki hrifnir af því á Þjóðviljanum,“ segir Jóhann og hlær.

Árið 1970 tók líf Jóhanns aðra stefnu en þá hættu Óðmenn í annað sinn. „Ég ákvað að taka hlé og byrjaði að mála,“ segir Jóhann, sem hefur síðan unnið jöfnum höndum í tónlist og myndlist. „Í tónlistarbransanum þarf maður að hafa samskipti við félagana og menn þurfa að koma sér saman um hlutina en í myndlistinni þarftu bara að eiga við sjálfan þig,“ segir Jóhann sem finnst hvort tveggja skemmtilegt. „Það er mjög svipuð tilfinning að mála mynd og þú ert ánægður með og að semja lag.“

Undanfarin ár hefur Jóhann lagt meira upp úr því að semja lög en spila. Á miðjum áttunda áratugnum fór hann að semja fyrir aðra. „Ég átti orðið svo mikið efni að ég hafði ekkert við allt þetta að gera,“ segir Jóhann sem hefur samið lög eins og Don't try to fool me sem hann söng sjálfur, Eina ósk sem Björgvin Halldórsson söng, Fljúgum hærra sem Grýlurnar tóku svo eftirminnilega og svo mætti lengi telja.

Þótt 40 ára tónlistarafmæli Jóhanns miðist í raun við árið 2003 vinnur hann enn að verkefnum í tilefni þess. Stefnan er að gefa út disk þar sem ýmsir þekktir flytjendur taka lög eftir Jóhann. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**MYNDLISTAR- OG TÓNLISTARMAÐUR** Jóhann stefnir að því að gefa út plötu á næstunni þar sem hann ætlar að fá þekkta flytjendur til að taka lög eftir sjálfan sig.

# Hafmeyjar í sandinum

Hvalir, skjaldbökur og hafmeyjar verða meðal þess sem fyrir augu ber á árlegri sandkastalakeppni sem haldin var í tíunda sinn á ljósu ströndinni við Holt í Önundarfirði á laugardaginn. Keppnin er ávallt haldin um verslunarmannahelgi og hefur ætíð notið mikilla vinsælda enda hafa allt upp í 500 manns látið sjá sig í fjörunni að sögn Guðmundar Björgvinssonar forsvarsmanns keppninnar.

„Það er nú best að vera að þessu í rigningu,“ segir Guðmundur en þátttaka sveiflast mjög eftir veðri og vindum. Alla aldursflokka má sjá berfætta á ströndinni að moka í fötur, vökva og móta sandinn. „Það verða allir að börnum þarna,“ segir Guðmundur léttur í lundu en yfirleitt rísa um sextíu til áttatíu skúlptúrar á ströndinni en mikill fjöldi fólks kemur einnig til að fylgjast með. Trébryggja er við ströndina þar sem áhorfendur geta fengið gott útsýni yfir listaverkin. Verkin eru þó ekki langlíf og standa einungis fram að næsta flóði. ■



MYND/GUÐMUNDUR SIGURÐSSON

**FLUGVÉL ÚR SANDI** Ýmis falleg listaverk gefur að líta í árlegri sandkastalakeppni í Önundarfirði á laugardag.


Útsala
25-40% afsláttur
af öllum útileguvörum
Svefnpoki
Ytra efni: 100% nylon
Innra efni: bómull og polyester
Fylling: 250g/m2 brynloft fiber
Stærð: 2330 x 80 x 50 cm
Þyngd: 1,4 kg
1.499kr
Verð áður 2.499-
Svefnpoki
Ytra efni: 100% nylon
Innra efni: bómull og polyester
Fylling: 300g/m2 monofiber, tvöfalt lag
Stærð: 2330 x 80 x 50 cm
Þyngd: 1,7 kg
1.799kr
Verð áður 2.999-
Barnasvefnpoki
Ytra efni: 100% nylon
Innra efni: bómull og polyester
Fylling: 300g/m2 monofiber
Stærð: 170 x 70 x 50 cm
Þyngd: 800 g
999kr
Verð áður 1.649-
749kr
Verð áður 999-
Útilegustóll
m/glasahaldara
2.999kr
Verð áður 5.999-
Ferðagasgrill
hitasteinar og þrýstijafnari fylgja
Gelert
2.249kr
Verð áður 2.999-
Gelert Monodome rúmgott 2ja manna tjald,
einfalt í uppsetningu, með flugnaneti
1.124kr
Verð áður 1.499-
Gelert
Vindsæng einföld
86 x 78 x 20 cm
Gelert
374kr
Verð áður 499-
Brauðrist
fyrir 4 brauðsneiðar
Gelert
1.649kr
Verð áður 2.199-
Útilegustóll
m/glasahöldum
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer
800 6680
sími
568 2255
HAGKAUPA



## Heyrst hefur ...

... að Reynir Leósson, varnarmaðurinn trausti hjá ÍA, sé hugsanlega að spila sitt síðasta tímabil með Skagaliðinu í bili. Reynir hyggur á nám erlendis en hann hefur spilað 81 af 83 leikjum Skagamanna í úrvalsdeildinni undanfarin fimm keppnistímabil og því er ljóst að ef af verður að það gæti orðið erfitt að fylla hans skarð í miðri Skagavörninni.

# sport

sport@frettabladid.is

**KNATTSPYRNUSAMBAND VENESÚELA:** HEFUR ÞEGAR TILKYNNT AÐ LEIKNUM HAFI VERIÐ AFLÝST

## *Leikurinn gegn Venúsúela í lausu lofti*



Knattspyrnusamband Venesúela segir á heimasíðu sinni að landsleik milli Íslands og Venesúela í knattspyrnu, sem fyrirhugaður var 17. ágúst, hafi verið aflýst.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri knattspyrnusambands Íslands, segir þessa tilkynningu ótímabæra. „Það hefur ekki verið staðfest við mig enn þá að áhugi fyrir því að landslið Venesúela leiki á Laugardalsvelli 17. ágúst sé ekki fyrir hendi. Þvert á móti hef ég fengið staðfest hjá umboðsmanni knattspyrnusambands Íslands í Argentínu, sem hefur verið okkar tengiliður í sambandi við þennan leik, að leikurinn fari fram. Þetta er líka svolítið einkennilegt þar sem ekki var búið að ganga frá lausum endum í sambandi við leikinn. Það átti eftir að ná samkomulagi um ferðatilhögun og ýmislegt fleira.“

Ásgeir Sigurvinsson, annar þjálfara íslenska landsliðsins, var áhyggjufullur þegar hann heyrði af þessu. „Það verða mikil vonbrigði ef ekki verður hægt að staðfesta leikinn 17. ágúst, því það er ekki mikill tími til þess að undirbúa annan leik á sama tíma. Við Logi Ólafsson erum þegar byrjaðir að búa okkur undir leikinn gegn Venesúela og getum ekki annað en vonast eftir því að leikurinn fari fram, eins og rætt hefur verið um.“

Fjölmiðlar í Venesúela hafa gagnrýnt för landsliðsins til Íslands og segja hana peningasóun. Á heimasíðu knattspyrnusambands Venesúela stendur jafnframt að í stað íslenska liðsins leiki Venesúela gegn landsliði Ekvador í borginni Loja, sem er í suðurhluta Ekvador.

Landslið Venesúela er sem stendur 24 sætum fyrir ofan hið íslenska, í 68. sæti, en Ísland er númer 92. Landslið Ekvador hefur hins vegar hækkað sig jafnt og þétt á listanum og er í sæti númer 33.

### > Við vonumst til ...



... að Keflvíkingar sýni sínar bestu hliðar á Laugardalsvellinum í kvöld og bæti besta árangur íslensks félagsliðs í Evrópukeppni félagsliða. Keflavík vann fyrri leikinn gegn Etzella 4–0 en ekkert íslenskt lið hefur unnið með meira ein sex mörkum samanlagt. Með góðum stuðningi og góðri stemningu í Dalnum gæti metið fallið á Þjóðarleikvanginum.

### > Við hrósum ...



.... Valsmönnum fyrir að halda enn í FH og sjá um leið fyrir einhverri spennu í toppbaráttu Landsbankadeildarinnar. Valsmenn hafa unnið 9 af 11 leikjum deildarinnar sem myndi duga í toppsætið á flestum tímabilum en ekki þó í ár.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

25 26 27 **28** 29 30 31

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 20.00 **Þór** og **KA** mætast á Akureyravelli í 1. deild karla.
- 20.00 **KS** tekur á móti **HK** á Siglufjarðarvelli í 1. deild karla.
- 20.00 **Völsungur** fær **Hauka** í heimsókn til Húsavíkur í 1. deild karla.

### SJÓNVARP

- 13.30 **HM í sundi** á RÚV.
- 17.35 **Chicago Fire - AC Milan** á Sýn.
- 19.15 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 19.40 **Einvígi í golfi. Sergio Garcia og Greg Norman** á Sýn
- 20.30 **Landsbankadeildin 7.-12. umferð** á Sýn.
- 22.00 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- 22.55 **Strandblak** á Sýn.
- 23.30 **HM í sundi** á Sýn.
- 23.50 **DC United - Chelsea** á Sýn.



**3 MÖRK Í SUMAR** Hafþór Ægir Vilhjálmsson hefur skorað 3 mörk fyrir ÍA í sumar.

Hafþór Vilhjálmsson hjá ÍA:

## Fer til reynslu í Danmörku

**FÓTBOLTI** Hafþór Ægir Vilhjálmsson, leikmaður meistaraflokks ÍA í knattspyrnu, heldur til Danmerkur um næstu helgi og verður þar til reynslu hjá danska úrvalsdeildarliðinu FC Midtjylland.

Frammistaða Hafþórs með ÍA í sumar hefur vakið athygli, en þetta er hans fyrsta tímabil með meistaraflokki félagsins. Hafþór leikur oftast vinstra megin á miðjunni, og hefur staðið sig vel í þeirri stöðu í sumar.

Hafþór er nítján ára gamall og hefur leikið með ÍA í öllum yngri flokkum. **-mh**

# Valsmenn gefa FH-ingum ekkert eftir

**Valsmenn minnkuðu forskot FH-inga á toppi Landsbankadeildarinnar í sex stig með 3-1 sigri á Fylki og náðu um leið átta stiga forskoti á liðið í 3. sæti. Fylkismenn töpuðu fyrsta útileik sumarsins.**

**Valur 3-1 Fylkir**

Valsvöllur, áhorf: 900 — Jóhannes Valgeirsson (5)

*1–0 Garðar Gunnlaugsson (35.)*
*2–0 Atli Sveinn Þórarinsson (48.)*
*2–1 Björgólfur Takefusa, víti (64.)*
*3–1 Sigþór Júlíusson (80.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 14–7 (5–3) |
| Varin skot | Kjartan 2 – Bjarni Þórður 2 |
| Horn | 4–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–9 |
| Rangstöður | 0–1 |

**FÓTBOLTI** Valsmenn héldu sigurgöngu sinni á heimavelli áfram í gær, en baráttuglatt lið Vals vann Fylki með þremur mörk gegn einu, í skemmtilegum leik að Hlíðarenda. Leikurinn fór fjörlega af stað og áttu bæði lið ágætis sóknir á upphafsmínútunum.

Þegar líða tók á fyrri hálfleikinn var Valsliðið sterkara, þó sóknir Fylkismanna hafi oft á tíðum skapað hættu upp við marka Valsmanna. Mikil barátta var einkennandi fyrir leikmenn beggja liða og áttu miðjumenn erfitt með að taka boltann niður og láta hann ganga milli manna, þar sem leikmenn gáfu ekkert eftir. Á 35. mínútu fengu Valsmenn hornspyrnu, en þeir höfðu verið með undirtökin mínúturnar á undan. Eftir ágæta sendingu Guðmundar Benediktssonar tókst Garðari Gunnlaugssyni að skalla boltann í netið.

Eftir markið voru Valsmenn miklu sterkari og hefðu hæglega getað bætt við marki. Valur hóf seinni hálfleikinn eins og oft áður í sumar með mikilli pressu og uppskáru mark strax í upphafi. Þá skoraði Atli Sveinn eftir hornspyrnu Guðmundar Benediktssonar.

Eftir þetta var róðurinn orðinn þungur hjá Fylki. Leikmenn liðsins voru óþolinmóðir og héldu boltanum illa innan liðsins, en það hefur stundum verið þeirra styrkleiki í sumar. Dugnaðurinn í miðjumönnum Vals, og þá sérstaklega í Stefáni Helga, gerði leikmönnum Fylkis erfitt fyrir og urðu þeir oftar en ekki að reyna langar sendingar fram á við. Á 64. mínútu tókst Björgólfi Takefusa að minnka muninn fyrir Fylki úr vítaspyrnu, en hún kom eftir að Peter Tranberg féll fimlega í teignum. Eftir markið sóttu Fylkismenn í sig í veðrið og pressuðu stíft á Valsvörnina. Valsmenn náðu þó að vinna sig inn í leikinn aftur með skynsömum leik. Á áttugustu mínútu tókst Valsmönnum að bæta við þriðja markinu, eftir skelfileg mistök Helga Vals Daníelssonar í vörn Fylkis. Sigþór Júlíusson stal boltanum af Helga Vali, sem var of lengi með boltann, og lagði hann laglega fram hjá Bjarna Þórði Halldórssyni markmanni Fylkis.

Stefán Helgi Jónsson átti góðan leik á miðjunni hjá Val, og stoppaði ófáar sóknirnar. „Við náum yfirleitt að spila vel á heimavelli. Við vorum þéttir í vörninni og náðum að brjóta niður sóknirnar hjá Fylki hátt á vellinum og það gefur okkur færi á hröðum og góðum sóknum. Vonandi höldum við þessari spilamennsku áfram,“ sagði Stefán við Fréttablaðið eftir leik. **-mh**



**TÍUNDA MARKIÐ HJÁ GARÐARI Í SUMAR** Garðar Gunnlaugsson hefur skorað tíu mörk fyrir Val í sumar, fjögur í Landsbankadeildinni og sex í VISA-bikarnum. Hér kemur hann Val í 1-0 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

| VALUR 4–4–2 | | FYLKIR 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Kjartan | 6 | Bjarni Þórður | 5 |
| Steinþór | 6 | Ragnar | 6 |
| Atli Sveinn | 7 | Valur Fannar | 7 |
| Grétar | 7 | Helgi Valur | 5 |
| Bjarni Ólafur | 6 | Gunnar Þór | 4 |
| Matthías | 7 | Guðni Rúnar | 5 |
| ***Stefán Helgi** | **7** | Tranberg | 5 |
| Sigurbjörn | 7 | Jón Björgvin | 5 |
| (88. Hálfdán | –) | (59. Hrafnkell | 5) |
| Sigþór | 6 | Viktor Bjarki | 6 |
| Guðmundur | 7 | Björgólfur | 7 |
| (74. Kristinn | –) | (83. Björn Viðar | –) |
| Garðar | 7 | Christiansen | 6 |
| (83. Sigurður | –) | (80. Eyjólfur | –) |

*MAÐUR LEIKSINS

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| VALUR–FYLKIR | 3–1 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 11 | 11 | 0 | 0 | 29–5 | 33 |
| **VALUR** | **11** | **9** | **0** | **2** | **24–6** | **27** |
| KEFLAVÍK | 12 | 5 | 4 | 3 | 21–24 | 19 |
| **FYLKIR** | **12** | **5** | **2** | **5** | **21–19** | **17** |
| ÍA | 11 | 5 | 2 | 4 | 12–12 | 17 |
| **KR** | **12** | **4** | **1** | **7** | **14–19** | **13** |
| FRAM | 12 | 3 | 2 | 7 | 11–18 | 11 |
| **ÍBV** | **12** | **3** | **1** | **8** | **10–24** | **10** |
| ÞRÓTTUR | 12 | 2 | 3 | 7 | 12–18 | 9 |
| **GRINDAVÍK** | **11** | **2** | **3** | **6** | **11–20** | **9** |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 9 |
| **Allan Borgvardt, FH** | **8** |
| Matthías Guðmundsson, Val | 7 |
| **Björgólfur Takefusa, Fylki** | **6** |
| Hörður Sveinsson, Keflavík | 6 |
| **Guðmundur Steinarsson, Keflavík** | **5** |

*1. deild karla:*

FJÖLNIR–BREIÐABLIK 2–3
0–1 Ellert Hreinsson (30.), 0–2 Olgeir Sigurgeirsson (43.), 0–3 Petr Podzemsky (52.), 1–3 Birgir Jóhannsson (57.), 2–3 Atli Guðnason (88.).

VÍKINGUR Ó.–VÍKINGUR R. 0–4
0–1 Björgvin Vilhjálmsson (9.), 0–2 Rannver Sigurjónsson (40.), 0–3 Egill Atlason (83.), 0–4 Hörður Bjarnason (88.)

Lið í Landsbankadeildinni styrkja sig áður en félagsskiptaglugganum lokar:

## Nýir útlendingar komnir til KR og ÍBV

**FÓTBOLTI** Seint í gærkvöldi komu hingað til lands tveir erlendir leikmenn sem spila með KR út sumarið. Það eru Dalibor Pauletic, 26 ára króatískur varnarmaður, og Erik Krzisnik, 31 árs miðjumaður. Mikið er um meiðsli í leikmannahópi KR og nú í síðasta leik meiddist Ágúst Gylfason á nýjan leik og verður frá í rúmlega hálfan mánuð. „Leikmannahópur okkar er ekki of stór og við viljum þétta hann fyrir lokaátökin. Þessir leikmenn sem við fáum hafa góð meðmæli frá mönnum sem þekkja vel íslenska knattspyrnu þannig að við bindum vonir við þá,“ sagði Sigurður Helgason, framkvæmdastjóri KR-Sports. Pauletic hefur spilað í efstu deild í heimalandinu en Krzisnik í næst efstu deild í Grikklandi, hann á að baki einn A-landsleik fyrir Slóveníu.

Christopher Vorenkamp, bandarískur miðjumaður, hefur fengið leikheimild með ÍBV. Hann er 24 ára og hefur leikið með Minnesota Thunder í heimalandinu að undanförnu. Hann fékk leikheimild með liðinu í gærkvöldi og verður sjötti erlendi leikmaðurinn til að leika með liðinu í Landsbankadeildinni í sumar. Eyjamenn eru nú staddir í Færeyjum þar sem þeir mæta B36 í Evrópukeppninni í kvöld, fyrri leikur liðanna endaði 1-1. **-egm**





HVAÐ ÞARF TIL AÐ STOPPA ÞIG?
AKTU ALDREI UNDIR ÁHRIFUM!
UMFERÐARSTOFA
VÍNBÚÐ

# SOS
## LÁTTU VITA AF ÞÉR

### SOS neyðarþjónusta

SOS er ný þjónusta frá Og Vodafone sem eykur öryggi þeirra sem eru með Og Vodafone Frelsi. Með SOS þarft þú ekki að örvænta þó að inneignin klárist því þú getur alltaf haft samband og látið vita af þér.

### SOS LÁN

LÁN

þegar inneignin klárast

Með því að senda skilaboðin **SOS LÁN** í símanúmerið **1400** fæst **100 kr. lán** sem gerir þér kleift að senda allt að 10 SMS eða tala í 10 mínútur innan kerfis Og Vodafone. Við næstu hleðslu á inneign dragast 100 kr. frá hleðslunni.

### SOS HRINGDU

HRINGDU

þegar þú þarft að láta hringja í þig

Sendu skilaboðin **SOS SÍMANÚMER** (þess sem á að hringja í þig) í **1400**. Viðkomandi fær SMS skilaboð um að þú óskir eftir símtali.

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

og vodafone

Heyrumst!


# STUÐ MILLI STRÍÐA | Ógleymanlegar stundir í Kerlingarfjöllum

**SÓLEY KALDAL** KANN AÐ SKEMMTA SÉR ÞÓ HÚN HAFI ALDREI FARIÐ Á ÚTIHÁTÍÐ.

MYND: HELGI SIGURÐSSON



Svo virðist sem ég sé ekki sannur Íslendingur því ég hef aldrei farið á útihátíð um verslunarmannahelgi. Þær upplýsingar fékk ég í gegnum auglýsingu fyrir einhverja útihátíðina sem ég heyrði í útvarpinu fyrir skemmstu. Hún var eitthvað á þessa leið: „Það hafa allir sannir Íslendingar komið á [ónafngreinda útihátíð] að minnsta kosti einu sinni. Þeir sem ekki hafa gert það vita ekki hvernig sannir Íslendingar skemmta sér.“

Ég verð að fá að vera ósammála þessari auglýsingu og þótt ég hafi aldrei farið á útihátíð hef ég svo sannarlega skemmt mér um verslunarmannahelgina.

Fyrstu þrettán ár ævi minnar eða svo fór ég nefnilega í Kerlingarfjöll þar sem pabbi minn, ásamt öðrum góðum mönnum, stóð fyrir árlegu Old Boys-móti á skíðum. Það var yndislegt að skíða allan daginn á stuttermabol í glampandi sól og slappa svo af í pottunum seinni partinn undir fögrum tónum Álfadrottningarinnar Unnar Eyfells.

Inn á milli þess skoppuðu krakkarnir á trampólínunum, mömmurnar löguðu fordrykki og pabbarnir grilluðu í skjólinu af Nípunum. Kvöldvökurnar, sem öll fjölskyldan fór saman á, voru alveg frábærar, jafnvel þótt starfsfólkið setti upp sömu grínþættina ár eftir ár.

Síðasta kvöldið var svo haldið á ball þar sem allir dönsuðu saman við lagið um „Stjána saxafón“ í boði húshljómsveitarinnar. Þetta var sko sönn fjölskylduskemmtun en því miður lögðust þessar ferðir af vegna hækkandi meðalaldurs og versnandi heilsu keppenda.

Mér finnst svolítið skrítið að kalla útihátíðir sanna skemmtun miðað við þær fréttir sem berast ár eftir ár af slagsmálum, ofurölvun og hrottafengnum nauðgunum.

Ferðir eins og þær sem voru farnar í Kerlingarfjöll eru það sem ég vil kalla sanna skemmtun og ég er viss um að minningar mínar um þær lifi mun lengur en þeirra sem muna varla hvað þeir heita undir lok útihátíðar.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



!

*Innipúkinn 2005 verður haldinn um helgina. Uppihitun fyrir hátíðina hefst á morgun í garðinum við 12 Tóna á Skólavörðustíg þar sem Stórsveit Nix Noltes kemur fram ásamt Þóri. Klukkan 22.00 verða svo aðrir upphitunartónleikar á Grand Rokk þar sem Jonathan Richman kemur fram og sér Þórir einnig um upphitun á þeim tónleikum. Innpúkinn hefst svo á laugardaginn klukkan 15.00 á NASA með tónleikum Donnu Mess og verður stanslaus dagskrá fram á rauða nótt bæði á laugardag og sunnudag þar sem ýmis erlend og íslensk bönd koma fram.*
*Miða á Innipúkann er hægt að nálgast í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg, í verslun Hive við Grensásveg og á midi.is.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Ættjarðarlög í nýju ljósi

Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson leika á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju í dag.
Tónleikarnir hefjast klukkan 12.00 og standa í um hálfa klukkustund. Á efnisskránni eru hefðbundin ættjarðarlög, Land míns föður eftir Þórarin Guðmundsson, Hver á sér fegra föðurland eftir Emil Thoroddsen og Lofsöngur Sveinbjörns Sveinbjörnssonar. Einnig leika þeir íslensk einsöngslög, Draumalandið eftir Sigfús Einarsson og Nótt (Nú ríkir kyrrð í djúpum dal) eftir Árna Thorsteinsson. Þá eru flutt dægurlög sem á síðari árum hafa fest sig í sessi sem ættjarðarlög, Ísland er land þitt eftir Magnús Þór Sigmundsson og Fylgd eftir Sigurð Rúnar Jónsson.
Öll er þessi lög að finna á hljómdiski sem kom út í fyrra með leik Sigurðar og Gunnars og nefnist Draumalandið.
Hann var hljóðritaður í Laugarneskirkju og tilnefndur til íslensku tónlistarverðlaunanna.



**SIGURÐUR FLOSASON OG GUNNAR GUNNARSSON** Leika ættjarðarlög á tónleikum í Hallgrímskirkju sem hefjast klukkan 12.00 í dag.

### EKKI MISSA AF…

...opnun sýningar **Sigga P.** í **Deiglunni** á Akureyri klukkan 17.00 í dag. Þar verða sýnd olíumálverk sem hann hefur málað í Hrísey.

...tónleikum hljómsveitarinnar **Snakebird** á **Kaffi Kúltúra** klukkan 21. Hljómsveitina skipa Þorvaldur Geirsson söngur/gítar, Númi Björnsson gítar og Hjörtur Geirsson bassi.

...sýningum hjónanna **Ásmundar Ásmundssonar** og **Gunnhildar Hauksdóttur** sem opna í **Kling og Bang galleríi** á morgun klukkan 17. Verkið hér að ofan er eftir Gunnhildi.



# Nýhil stendur í stórræðum

**Félagsskapurinn Nýhil stendur fyrir ljóðahátíð nú um helgina. Á sama tíma koma út tvær bækur á vegum Nýhil. Eiríkur Örn Norðdahl meðlimur í Nýhil segir að aldrei áður hafi verið haldin slík hátíð hér á landi.**



**EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL** Félagsskapurinn Nýhil stendur fyrir sinni fyrstu alþjóðlegu ljóðahátíð nú um helgina og segir Eiríkur, einn meðlima Nýhils, að mikill hugur sé í Nýhilistunum.

Á morgun og á laugardaginn fer fram Alljóðlega þjóðahátíðin, fyrsta alþjóðlega ljóðahátíð félagsskaparins Nýhils. Hátíðin fer fram í Norræna húsinu og Klink & Bank. Sex erlend ljóðskáld verða flutt inn til landsins af því tilefni, en þau eru Anna Hallberg (Svíþjóð), Christian Bök (Kanada), Catharina Gripenberg (Finnland), Billy Childish (Bretland), Jesse Ball (Bandaríkin), og Lone Hørslev (Danmörk). Fjölmörg íslensk skáld taka einnig þátt í hátíðinni.
Hátíðin verður sett með ávarpi Eiríks Arnar Norðdahl og Halldórs Arnar Úlfarssonar klukkan níu á föstudagskvöldið í Klink og Bank og eftir það tekur við hvert skáldið af öðru og fer með ljóð. Þeir sem stíga á svið eru meðal annars Haukur Ingvarsson, Þórdís Björnsdóttir og Billy Childish. Tónlistarmaðurinn Mugison treður einnig upp sem og hljómsveitin Reykjavík!.
„Þetta er alþjóðleg ljóðahátíð Nýhils og verðum við þarna með heljarinnar ljóðapartí og húllumhæ. Við í Nýhil höfum aldrei gert neitt svona stórt áður og ég er ekki viss um að eitthvað þessu líkt hafi verið gert áður á Íslandi því þessar bókmenntahátíðir sem eru haldnar hér á landi eru skáldsagnahátíðir en ekki ljóðahátíðir," segir Eiríkur.
Heiti félagsskaparins Nýhil er komið úr latínu en í því máli þýðir nihil ekkert og að sögn Eiríks kallar félagsskapurinn sig Nýhil til aðgreiningar frá latneska orðinu því um sé að ræða nýja leið til að öðlast tilgangsleysi í gegnum ljóð.

Um helgina koma einnig út tvær bækur frá Nýhil, annars vegar er það þriðja bók í flokki Afbóka Nýhils, Af ljóðum, en fyrstu tvær bækurnar voru Af stríði (2003) og Af okkur (2004) og hins vegar er það ástarljóðabók Nýhils, Ást æða varps.
Af ljóðum er 180 síðna bók en í henni eru greinar, ljóð og ljóðaþýðingar eftir innlenda og erlenda höfunda.
Ást æða varps inniheldur ástarljóð eftir nokkra Nýhilista: Eirík Örn Norðdahl, Hauk Má Helgason, Hildi Lilliendahl Viggósdóttur, Kristínu Eiríksdóttur, Ófeig Sigurðsson, Óttar Martin Norðfjörð og Val Brynjar Antonsson. Ritstjórar eru Ófeigur Sigurðsson og Haukur Már Helgason.
Hátíðin heldur svo áfram á laugardaginn og hefst dagskráin með tvískiptu málþingi í Norræna húsinu klukkan 12 þar sem annars vegar verður fjallað um íslenska samtímaljóðlist og hins vegar um avant-gardisma vs. jaðarmenningu.
Klukkan 21 verður svo dagskrá í Klink og Bank sem hefst klukkan 21. Þar koma fram meðal annarra Kanadamaðurin Christian Bök, sem Eiríkur segir stærsta nafnið á hátíðinni, Þórunn Valdimarsdóttir, Catharina Gripenberg og svo slær ísfirski trúbadorinn Skúli Þórðarson botn í uppákomuna ásamt hljómsveit sinni Sökudólgunum.
Eiríkur segir að ókeypis sé inn á hátíðina og að allir séu hjartanlega velkomnir. ■

# Raftónlistarveisla í kvöld

Sannkölluð raftónlistarveisla verður haldin í Klink og Bank í Brautarholti í kvöld. Fram koma Binaer frá Þýskalandi, Austurríkismaðurinn Pomassl, Product 8, Auxpan og hljómsveitin Reptilicus.



**BINAER** Þjóðverjinn Binaer mun þeyta skífum í Klink og Bank í kvöld.

Binaer er heitasti plötusnúður Vínarborgar um þessar mundir og Franz Pomassl hefur vakið mikla athygli með kraftmikilli framkomu. Auk þess að vera þekktur í raftónlistargeiranum er hann fyrrum ástmaður hinnar þekktu söngkonu Ninu Hagen.
Reptilicus kemur fram opinberlega á Íslandi í fyrsta skiptið í 10 ár og verður þetta einnig í það síðasta. Auxpan og Product 8 þarf varla að kynna fyrir raftónlistaráhugamönnum og sýna þeir listir sínar í kvöld.
Tónleikarnir í kvöld byrja klukkan 21.00 og er aðgangseyrir 500 krónur. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

26 27 **28** 29 30

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Sigurður Flosason** og **Gunnar Gunnarsson** leika á hádegistónleikum í **Hallgrímskirkju**. Á efnisskránni eru hefðbundin ættjarðarlög, Land míns föður eftir Þórarin Guðmundsson, Hver á sér fegra föðurland eftir Emil Thoroddsen og Lofsöngur Sveinbjörns Sveinbjörnssonar. Einnig leika þeir íslensk einsöngslög, Draumalandið eftir Sigfús Einarsson og Nótt (Nú ríkir kyrrð í djúpum dal) eftir Árna Thorsteinsson. Þá eru flutt dægurlög sem á síðari árum hafa fest sig í sessi sem ættjarðarlög, Ísland er land þitt eftir Magnús Þór Sigmundsson og Fylgd eftir Sigurð Rúnar Jónsson.

☐ 20.00 Stórsveit **Nix Noltes** heldur tónleika á **Hótel Borg** þar sem flutt verða lög af væntanlegri breiðskífu sveitarinnar. Sveitin leikur þjóðlagatónlist frá Balkanskaga og Búlgaríu í eigin útsetningum. **Hudson Wayne** hitar upp.

☐ 20.00 **Dorthe Højland** og félagar halda tónleika í **Norræna Húsinu**. Tónleikarnir bera yfirskriftina **Spaces and places** og þar er teflt saman landslagsmyndum frá Íslandi, eftir sænska ljósmyndarann Fredrik Holm og tónsmíðum danska saxafónleikarans Dorthe Højland. Sveit Dorthe Højland skipa Jacob Højland, píanó og hljómborð, Andreas Dreier, bassi, Sören Olsen, trommur og loks Dorthe Højland , á alt og sópran saxafón.

☐ 21.00 Hljómsveitin **Snakebird** heldur tónleika á **Kaffi Kúltúra**. Hljómsveitina skipa Þorvaldur Geirsson söngur/gítar, Númi Björnsson gítar og Hjörtur Geirsson bassi.

☐ 21.00 Raftónlistarveisla í **KlinK og BanK**, Brautarholti. Veislugestir eru; hinn þýski **Binaer**, austurríkismaðurinn **Franz Pomassl**, **Product 8**, **Auxpan** og hinir landsþekktu **Reptilicus**. Aðgangseyrir er 500 krónur.

☐ 22.00 Danska þjóðlagasveitin **Moving Cloud** heldur tónleika á **Gauki á Stöng**.

☐ 22.00 **B3 Tríó** með tónleika á **Pravda Bar**. Tríóið skipa þeir Agnar Magnússon á orgel, Ásgeir Ásgeirsson á gítar og Erik Qvick á trommur. Aðgangur er ókeypis.

☐ 22.00 Hljómsveitin **THE HEAVEY COATS** frá Bandaríkjunum leikur á **Grand Rokk**.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Siggi P.** (Sigurður Pétur Högnason) opnar sýningu í **Deiglunni** í dag. Á sýningunni eru olíumálverk sem hann hefur málað í Hrísey. Sýningin stendur til 21. ágúst og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 13 til 17.

### UPPÁKOMUR

☐ 20.00 **Sirkus Jim Rose** með sýningu á **Broadway**. Miðaverð er 2.500 kr og aldurstakmark er 18 ár. Húsið opnar kl. 19:00 og sýning hefst kl. 20:00.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Lömuðu kennslukonurnar til Spánar



**GUÐBERGUR BERGSSON** Nýjasta skáldsaga Guðbergs, Lömuðu kennslukonurnar, hefur verið seld til Spánar.

Tusquets-útgáfan á Spáni hefur keypt útgáfuréttinn á nýjustu skáldsögu Guðbergs Bergssonar, Lömuðu kennslukonurnar. Bókin kom út hjá JPV fyrir síðustu jól og var tilnefnd til Menningarverðlauna DV.
Tusquets-útgáfan er með virtustu útgefendum Spánar og gefur meðal annars út verk Milans Kundera. Tusquets hefur þegar gefið út nokkrar af bókum Guðbergs sem hafa vakið mikla athygli og hlotið góða dóma á Spáni.
Þýðandinn er málvísindamaðurinn Enrique Bernardez sem hefur þýtt aðrar bækur Guðbergs, auk Njálssögu, Egilssögu og fleiri sagna. ■

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR
Allra síðasta sýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8



# Ódýrar DVD myndir

Rugl verð

**899** Hver mynd

# Góða skemmtun

80GB HARÐUR DISKUR

512MB VINNSLUMINNI

WIDE SCREEN

Sólin

**MEDION® C6**

MD95280

**MEDION C6 CENTRINO W1**

- Intel® Pentium® M processor 735 (1.7GHz)
- Intel® Extreme Graphics 2 technology
- 512 MB DDRRAM 333MHz
- 80 GB Harður diskur
- DVD Skrifari
- Wi-Fi® Wireless (802.11g)

FYRSTA GREIÐSLA 1.OKT

Ekki láta hugbúnaðinn vanta! Verð kr. 9.999 með fartölvu

Það rignir aldrei í BT, alltaf sól og frábær tilboð!

**4.161***

2,2 kg — Ótrúlega létt aðeins 2,2 kg.

**DVD skrifari**
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

**Þráðlaust net**
Vélin er með innbyggðu þráðlausu neti sem er nauðsynlegt í ferðavélum í dag. Nýjasti 54Mpbs staðallinn að sjálfsögðu.

**Dothan örgjörvi**
Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira

**80 GB Harður diskur**
Geymdu öll gögnin þín og gott betur á stórum hörðum diski!

**14,1 breiðtjaldsskjár**
Sjáðu alla myndina í góðum 14.1" breiðtjaldsskjá. Frábær þegar horft er á DVD eða spilað tölvuleiki!

**4.161*** Tölvukaupalán 48 mán.

**11.999**** Vaxtalaust 12 mán.

**143.988** Staðgreitt

# DVD tilboð

Meistara verk

**1.299** Hver mynd

# Ferða DVD spilari

Auðvelt að tengja!

Tveir skjáir

Hentugt í bústaðinn eða bílinn, auðvelt að tengja ýmist í 12 volta tengi eða í rafmagn. Auðvelt að tengja leikatölvur við.

**MEDION®**

MD80401

**Medion ferða DVD spilari**

- DVD ferðaspilari
- Tveir 7" LCD skjáir
- Spilar tónlistardiska og MP3 diska
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Fjarstýring
- Taska og tvö vönduð heyrnatól fylgja
- Bíltengi - 12 volt

**3.499**** Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**41.988** STAÐGREITT

# Ódýrir PC leikir

Ódýrt

**999** Hver leikur

# Ódýrir Playstation2 leikir

Frábært tilboð

**1.799** Hver leikur

# Ótrúlegur GSM sími

– MP3 spilari, 2 Mega pixla stafræn myndavél, útvarp og fullkominn farsími.

Sony Ericsson K750

2 MEGA PIXEL — **Um myndavélina:**
Myndavél: 2.0 Megapixel, með auto focus, mest 1632x1224 punkta upplausn, með ljósi. Tekur upp hreyfimyndir í upplausninni 176x144 punktar, lengdin fer eftir lausu minni.

98 MB — **Minni:**
34 Megabyte innbyggt í símann, 64 MB Minniskort fylgir (Mesta stærð: 2GB)

**Fullkominn tónlistarspilari**
með lagalistum (spilar MP3, AAC og M4U). Valmyndakerfi á Íslensku.

FM RDS — **Útvarp**
FM útvarp með RDS

**2.999**** Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**35.988** STAÐGREITT



...un um helgina
FYRSTA GREIÐSLA 1.OKT
MEDION
Medion V6 CLAWHAMMER SE4
• AMD Athlon64 3000+
• nVidia nForce4 kubbasett
• 512MB vinnsluminni - DDR 400 MHz
• nVidia Geforce 6600 PCI Express 128MB
• 160 GB diskur 7200RPM SATA 8MB
• DVD Brennari, 16 hraða, Dual Layer, + og -
• Öflug 8 rása hljóðstýring
• Gigabit Ethernet, Firewire
• Media Bay tengistöð
• Svart íslenskt lyklaborð og mús
• Windows XP Home
• Home Cinema, Nero Burning Rom
• Nero Recode, CA eTrust Antivirus
Þetta er engin dúllutölva!
BATTLEFIELD2 CERTIFIED
MediaBay tengistöð
Les allar gerðir minniskorta í dag. USB, Firewire hljóð og video tengi aðgengileg beint að framan.
AMD Athlon 64 örgjörvi
Frábær örgjörvi í alla þunga vinnslu og sérstaklega leikina. Fullur 64 bita stuðningur
High Definition 8 rása hljóð Besta hljóðið í leikina, styður öll stærri hljóðkerfi fyrir tölvur.
intel HD Audio
VERÐLAUNATÖLVUR FRÁ ÞÝSKALANDI
Gullna Tölvan
Medion tölvur eru framleiddar samkvæmt ströngustu gæðastöðlum í Þýskalandi. Þá hafa Medion tölvur unnið til ótal verðlauna s.s. Gullnu Tölvunnar og Red Dot hönnunarverðlauna.
3.523*
FYLGIR
3.523* Tölvukaupalán 48 mán.
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
9.999** Vaxtalaust 12 mán.
119.988 Staðgreitt
Enn öflugra skjákort!
GeForce 6610 XXL
Enn hraðvirkara kort í 6600 seríunni frá nVidia. Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjustu leikjunum
Tónlist á tilboði
Rugl verð
1.799 Hver diskur
MP3 spilari
Pláss fyrir 60 lög!
aigo
U-WATCH
AIGO ARMBANDSÚR
• Úr með MP3 spilara
• 256MB innbyggt minni
Fyrir töffarana
7.999
9.999
MP3 spilari
allt að 120 lög!
aigo
E808A-512MB
AIGO E808A 512MB MP3
Innbyggt útvarp!
Mössuð græja
12.999
14.999
GSM sími
NOKIA
NOKIA1100
GSM NOKIA 1100
• Dual band 900/1800
• Ending rafhlöðu allt að 400 klst. í biðstöðu og allt að 4 klst í tali
• 250 númera minn titrarii
• Innbyggt vasaljós
• Stærð: 106x46x20 mm
• Þyngd: 86 gr.
• ATH: Án Íslensks Stýrikerfis
Besta verðið
6.999
Sláðu í gegn í útilegunni
Frábær gítarpakki
Fallegur Fender gitar fánalegur í 3 litum Natural, Sunburst og svörtum
Pakkinn inniheldur: Gitarstilli, strengi neglur og axlaról
Slá í gegn, slá í gegn, ég vild ég væri að slá í gegn!
Fender
Lærðu á kassagítarinn!
FYLGIR
2.999
14.999
Ég er flottastur með Fender
Stafrænar myndir
SONY
Sony Cybershot 4.1 MI DSC-S80
Risa skjár
4.1 megapixlar
SONY GÆÐI
**2.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT
BT Bestu kaupin
Panasonic
MiniDv videóvél NVGS17B
BT MEÐ MÆLI
**2.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
35.988 STAÐGREITT
Lækkað verð
FYLGIR
RAFHLAÐA
Hleðslurafhlöður Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.
2" litaskjár Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80.
MPEG Movie Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.
Carl Zeiss linsa Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.
DV tengi og USB2 Miklir tengimöguleikar við PC og Apple vélar
800x aðdráttur Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.
2.5" Litaskjár Hágæða LCD litaskjár sem þú snúið eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.
NightView 0 LUX Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.
BT Afgreiðslutímar
Verslunarmannahelgin í BT
BT SKEIFUNNI
MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11:00 - 22:00
LAUGARDAGA 11:00 - 17:00
SUNNUDAGA 13:00 - 17:00
OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG, LOKAÐ MÁNUDAG
BT EGILSSTÖÐUM • SELFOSSI
MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11:00 - 18:30
LAUGARDAGA 11:00 - 17:00
SUNNUDAGA 13:00 - 17:00
OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG, LOKAÐ MÁNUDAG
BT KRINGLUNNI
MÁNUDAGA - MIÐV.DAGA 10:00 - 18:30
FIMMTUDAGA 10:00 - 21:00
FÖSTUDAGA 10:00 - 19:00
LAUGARDAGA 10:00 - 18:00
SUNNUDAGA 13:00 - 17:00
OPIÐ LAUGARDAG LOKAÐ SUNNUDAG OG MÁNUDAG
BT SMÁRALIND
MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11:00 - 19:00
LAUGARDAGA 11:00 - 18:00
SUNNUDAGA 12:00 - 18:00
OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG, LOKAÐ MÁNUDAG
BT HAFNARFIRÐI
MÁNUDAGA - FIMMTUD. 10:00 - 18:00
FÖSTUDAGA 10:00 - 19:00
LAUGARDAGA 10:00 - 16:00
SUNNUDAGA LOKAÐ
LOKAÐ LAUGARDAG LOKAÐ SUNNUDAG OG MÁNUDAG
BT AKUREYRI • ÍSAFIRÐI • SPÖNGINNI
MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 11:00 - 18:30
LAUGARDAGA 11:00 - 16:00
SUNNUDAGA LOKAÐ
OPIÐ LAUGARDAG LOKAÐ SUNNUDAG OG MÁNUDAG

Bæklingurinn gildir frá 28. júlí til 3. ágúst

Með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum. Uppsetning: Tumm. Prentun Ísafold.

# BT

Ræður tölvan þín við það sem þú vilt gera eftir skóla?

# OFURTÖLVAN er lent!

## MEDION® VORTEX GAMER PC



19" FLATUR SKJÁR

- Intel Pentium 4 820 - DUAL CORE - 64 Bita örgjörvi
- Intel i945 kubbasett fyrir vinnustöðvar
- 1GB vinnsluminni - DDR2 566 MHz
- PCI Express tengibrautir
- AIR XL Silent CPU kælikerfi
- High Definition Audio Sound
- ATI Radeon X800 256MB PCI Express
- 500GB diskrými (2x 250GB) 7200RPM, 8MB
- DVD Brennari, 16 hraða, Dual Layer, + og -
- DVD lesari
- Þráðlaust netkort og 56K módem
- Firewire
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- MediaBay tengistöð
- Svart lyklaborð og MX 510 Optical mús
- Windows XP Media Center
- MS Works 8.0, Nero, CA eTrust Antivirus

*6.414

Þú velur greiðsluform sem hentar

6.414* Tölvukaupalán 48 mán.

18.999** Vaxtalaust 12 mán.

227.988 Staðgreitt

500GB HARÐUR DISKUR

1GB MINNI

FYLGIR Brjálaðir kaupaukar!

BATTLEFIELD2 CERTIFIED

FYRSTA GREIÐSLA 1.OKT

DVD R/RW · POWERED BY DDR MEMORY · FireWire · WiFi

### VORTEX GAMER PC

**DUAL CORE**
Ný bylting í heimilistölvum - Tveir örgjörvar á einum og sama kubbnum. Allt að tvöföld afköst í mörgum forritum. Nú geturðu gert meira á styttri tíma

64 BITA

**64 bita örgjörvi**
Með nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða. Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.

**500GB RAID háhraðadiskur**
Tölvan kemur með tveimur 250GB Serial ATA diskum. Hægt er að spegla diskana til að tryggja gagnaöryggi eða þá til að tvöfalda afköst tölvunnar í diskvinnslu.

**Coolermaster**
Ótrúlega öflug en jafnframt hljóðlátur kælibúnaður með stjórnborði að framan sem sýnir þér allt sem skiptir máli varðandi innviði tölvunnar.

**ATI RADEON X800 256MB**
**PCI Express leikjakort**
Tvöfalt hraðvirkara en Radeon® 9800 PRO, ótrúlega öflugt kort sem fer létt með nýjustu leikina. Þrýtt allra nýjstu tækni. DVI tengi og TV-Out

**MediaBay tengistöð**
Les allar gerðir minniskorta í dag. USB, Firewire hljóð og video tengi aðgengileg beint að framan.

**Þráðlaust net**
Innbyggt 54Mbps netkort, vélin dettur beint inn á þráðlausa netið - ekkert snúruvesen.

**High Definition 8 rása hljóð** Besta hljóðið í leikina, styður öll stærri hljóðkerfi fyrir tölvur.

intel® HD Audio

**Sjónvarpskort og fjarstýring**
Ekkert mál að taka upp úr sjónvarpinu og geyma á tölvunni eða henda á DVD diska.

**Logitech MX510 leikjamús**
Frábært Optical mús sem tryggir þér forskotið sem þú þarft í vinsælum skotleikjum s.s. BattleField 2

**Media Center**
Gerir tölvuna að fullkominni margmiðlunarstöð fyrir kvikmyndir, ljósmyndir, netsjónvarp o.fl.

# Námið á fullum hraða!

6Mb/s extra · ADSL V20

..Ótakmarkað niðurhal!

4Mb/s extra light · ADSL V16

**V20 light**
- 6 Mb/s hraði
- 5 póstföng

Afnot af þráðlausum beini
Mánaðaráskrift á tónlist.is

Allt þetta á aðeins
5.490 kr.
á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samning!

**V16 extra light**
- 4 Mb/s hraði
- 3 póstföng

Afnot af þráðlausum beini
Mánaðaráskrift á tónlist.is

Allt þetta á aðeins
3.890 kr.
á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samning!

# Playstation2 tilboð

Vinsælasti DVD spilarinn!
Vinsælasta leikjatölvan!

4.999 · 4.999 · 4.999

Einn af þessum leikjum fylgir!

Takmarkað magn

14.999

Allur pakkinn

# 2006 árgerðin er komin

**Vönduð hönnun**
Þunnur álrammi og silfrað útlit ásamt því að standa á glerfæti gerir þetta að einkar veglegu tæki.

**Miklir tengimöguleikar**
2 SCART tengi, S-Video tengi og DVI tölvutengi sem gerir þér kleyft að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt fullt af öðrum tengimöguleikum.

**Mynd í mynd**
Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu.
Þú ræður hvort seinni sjónvarpsstöðin er hornmynd eða skjánum skipt í tvennt.

**Meiri myndgæði**
Mikl birta og skerpa ásamt HDTV stuðningi gerir tækið tilbúið fyrir framtíðina..

**Skerpa**
10.000 á móti 1 í skerpu gefur þér skarpari mynd en þú átt að venjast! Önnur plasmasjónvörp eru með 3.000 á móti 1. Medion aðeins það besta!

## MEDION®

- Mynd í Mynd (PIP)
- Tveir sjónvarpsmóttakarar
- 10.000:1 skerpa
- birta 1000cd/m2
- Textavarp með 2100 síðna minni
- HDTV stuðningur, 720p, 1080i
- HDCP stuðningur
- Innbyggðir víðóma hátalarar
- Vönduð ál yfirbygging
- Styður PAL/NTSC/SECAM
- DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
- 2 EURO SCART tengi
- Composite video tengi (RCA)
- S-Video tengi (MINI DIN)
- Þyngd án stands: 38kg
- Þyngd með standi: 42kg

WIDE SCREEN · HDTV READY

Skerpa 10.000:1

Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár



42" Plasmasjónvarp

Plasma-sjónvarp + Heimabíó = Klikkað tilboð

Bassa BOX

Fimm hátalarar

Heima-bíókerfi

FYRSTA GREIÐSLA 1.OKT

14.999**
Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST

239.984
STAÐGREITT

FYLGIR
Die Hard 1 og 2 + 2 miðar á Hostage fylgja!

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

## SONY®
DAV SB100

**Hátalarakerfi**
5x50W RMS magnari ásamt 5 hátölurum og 80 W RMS bassahátalara

**Dolby Digital/DTS** Þannig getur þú notið hljómgæða kvikmynda sem eru teknar upp í Dolby Digital og DTS til fullnustu!

**Fjölkerfa DVD spilari**
sem spilar DVD diska frá öllum svæðum. Spilar einnig SVCD/DVD-R/DVD-RW/JEPG og MP-3

**Útvarp**
Hlustaðu á útvarpið í brjáluðum gæðum

Bæklingurinn gildir frá 28. júlí til 3. ágúst

# BT Skothelt tilboð

# TOSHIBA Satellite

**ATI X300 skjástýring**
ATI X300 er eitt öflugasta skjákortið sem fáanlegt er í fartölvur!

**Intel Pentium Centrino Dothan örgjörvi** Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira

**15,4 Breiðtjaldsskjár**
Sjáðu alla myndina í góðri upplausn en hámarks-upplausn er 1280 x 800 punktar.

**S.M.A.R.T**
Verndar gögnin þín. Með þessari tækni eru gögnin þín öruggari. Lætur þig vita af yfirvofandi bilun harða disksins.

**Super DVD skrifari**
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

**Harman Kardon hátalarar**
Harman Kardon er gæðamerki. Toshiba hefur notast við Harman Kardon hátlarar í sínum fartölvum í gegnum tíðina. Betri hljóm færð þú varla.

**SRS® TruSurround XT™**
Öflugir hátalarar sem gefa þér ríkt og vandað hljóð

**Flýtihnappar**
Hentugir flýtihnappar fyrir tónlist, MP3 og DVD afspilun

PSM40E-05001QED
**Toshiba Satellite M40-133**
- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 730 (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 8 00 upplausn)
- ATI MOBILITY RADEON X300 64MB DDR skjástýring
- Super DVD Multi brennari
- Sjónvarpsútganur, i.LINK® (IEEE 1394), Kortalesari
- Harman Kardon víðóma hátalarar
- 360 x 270 x 25 mm, 2.78 kg
- Lithium-ion, Allt að 3.7 klst. (Mobile Mark™)
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum




**FYRSTA GREIÐSLA 1.OKT**

Ekki láta hugbúnaðinn vanta! Verð kr. 9.999 með fartölvu

Ræður tölvan þín við það sem þú vilt gera eftir skóla?

**4.161**

| 4.161* | 11.999** | 143.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

•FYLGIR
Brjálaðir kaupaukar!

Bíómiðar, DVD myndir og tölvuleikur

BATTLEFIELD2 CERTIFIED

# Góð tölva verður fullkomin með Office 2003!

**Inniheldur:**
- Microsoft Outlook,
- Microsoft Word
- Microsoft Excel
- Microsoft Powerpoint

**Nauðsynlegt í skólann**

**13.999**

kr. 9.999 með fartölvum!



**Ofur tilboð**
**3 fyrir 1**
1 leyfi fyrir 3 tölvur!

Microsoft Office

# TOSHIBA Satellite




**Toshiba Satellite L10-189**
PSL10E-01G01RED
- Intel® Pentium M 725 1.5GHz
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 60GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- Intel extreme graphics2 skjástýring 64MB
- DVD Super Multi brennari
- 10/100 Ethernet og V.90 mótald
- VGA, TV-OUT
- 3x USB 2.0, hljóð inn/út
- 33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
- Lithium-ion, Allt að 2.9 klst
- Þráðlaus netstýring 54 Mbps
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum.

**S.M.A.R.T. Diskur**
Tölvan fylgist með og lætur þig vita ef diskurinn mögulega orðið fyir hnjaski og þarfnast viðgerðar áður en það er um seinan.

**SRS® TruSurround XT™**
Öflugir hátalarar sem gefa þér ríkt og vandað hljóð

**Flýtihnappar**
Hentugir flýtihnappar fyrir tónlist, MP3 og DVD afspilun

**Toshiba's ConfigFree™**
Hjálpar þér að tengjast og sjá um þráðlaus net á einfaldan og þægilegan hátt.

**FYRSTA GREIÐLA 1.OKT**

**DVD skrifari**
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

**Tengdu við sjónvarp**
Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónvarp.

Ekki láta hugbúnaðinn vanta! Verð kr. 9.999 með fartölvu

**3.838***

Takmarkað magn!

| 3.838* | 10.999** | 131.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

*Þú velur greiðsluform sem hentar þér*

## LAPIN KULTA:

# Gull Lapplands




Lapin Kulta er úrvals bjór sem bruggaður er með fersku fjallavatni úr uppsprettum óspilltrar náttúru Finnlands.

Nafnið þýðir gull Lapplands og á uppruna sinn að rekja frá tíma gullæðisins en það var einmitt bjór frá sama brugghúsi og framleiðir Lapin Kulta sem slökkti þorsta námuverkamannanna. Brugghúsið er eitt af elstu brugghúsum Finnlands, stofnað um miðja 19. öld, og er staðsett í Tornio í Lapplandi. Lapin Kulta var fyrst markaðssettur árið 1963 og er nú einn mest seldi bjórinn í Finnlandi og Svíþjóð og mest seldi bjór í Fríhöfnum Norðurlanda. Lapin Kulta hefur frísklegt yfirbragð, fremur litla beiskju og gott jafnvægi.

Bjór sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara, enda er hér um að ræða einstakan gæðabjór á hreint frábæru verði sem er með því ódýrasta sem gerist í Vínbúðum.

**Verð í Vínbúðum 159 kr. í 500 ml dós og 136 kr. í 330 ml flösku.**




## BACARDI LIMÓN:

# Blandast betur!

Árið 1862 opnaði Don Fucundo Bacardi litla bruggverksmiðju sem hann kallaði Bacardi. Nú sex kynslóðum síðar sjá afkomendur hans okkur fyrir mögnuðu rommi sem hentar afar vel í alla kokteilgerð. Vandamálið við kokteila er að það er sjaldan sem hinn almenni borgari hefur vilja eða hráefni til að „hrista“ fram úr erminni flókna drykki. Því er vert að benda á að Bacardi Limón er hinn fullkomni grunnur í áfenga drykki. Bacardi rommið sem er grunnurinn í Bacardi Limón er í senn mjúkt og fágað. Ferski sítrus keimurinn kemur frá olíum unnum úr ferskum sítrónum, lime og greipaldin. Þessi blanda af mýkt og ferskleika gerir það að verkum að hægt er að blanda Bacardi Limón við nánast hvaða ávaxtasafa eða gostegund sem er, útkoman er ávalt góð. Þetta vita barþjónar bæjarins sem hafa oftar en ekki stytt sér leið á annasömum kvöldum með því að blanda Bacardi Limon í ávaxtasafa sem þeir kalla svo suðrænum kokteilnöfnum sem neytandinn telur vera mjög flókna blöndu. Prufaðu að blanda Bacardi Limón við það sem finnst í ísskápnum þínum og upplifðu leyndarmál barþjónsins.

**Lækkað verð í Vínbúðum 2.990 kr.**





Salat með
bökuðum
tómötum

*8-10 íslenskir tómatar*
*1 tsk. kummin (cumin)*
*1 tsk. sykur*
*nýmalaður pipar*
*salt*
*6 msk. ólífuolía*
*1 íslensk salatþrenna,*
*eða klettasalat*
*parmesanostur (biti)*

Ofninn hitaður í 220°C. Tómatarnir skornir í helminga og þeim raðað í eldfast fat með skurðflötinn upp. Kryddaðir með kummini, sykri, pipar og salti. Settir í ofninn og bakaðir í um 45 mínútur. Þá er olíunni dreypt jafnt yfir þá og þeir bakaðir í 10-15 mínútur í viðbót. Látnir kólna þar til þeir eru volgir. Salatblandan sett í skál eða á fat, tómötunum blandað saman við og olíunni úr mótinu hellt yfir. Nokkrar flögur skornar af parmesanosti og dreift yfir.

*Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is*

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS GRA 28565 06/2005




FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

FRÉTTABLAÐIÐ: GVA

**ÚLFAR EYSTEINSSON** Úlfari finnst skemmtilegast að elda fisk og hvalkjöt. „Hvalkjötið er alveg yndislegt og það er rosalega gaman að grilla það. Fólk þarf bara að passa að hafa sneiðarnar ekki of þykkar og grilla það ekki of lengi. Nú þegar hrefnukjötið er aftur orðið aðgengilegt og mjög góðir vöðvar í boði vil ég hvetja alla sem eiga minningar um hvalkjöt að kaupa sér einn bita til að rifja það upp.“

# Keilan er vanmetinn fiskur

Úlfar Eysteinsson kokkur velur keilu í súrsætri sósu sem sína uppáhaldsuppskrift. „Ég á margar uppáhaldsuppskriftir en þessi varð fyrir valinu í dag. Það er vegna þess að þetta er sumarleg og hitaeiningalítil uppskrift og svo er keilan afar vanmetinn fiskur. Hún er svipuð skötusel, með stífu kjöti og er skemmtileg í svona rétti því kjötið riðlast ekki sundur eins og oft vill gerast með annan fisk. Keilan fæst alls staðar og hún er ekki dýr, ódýrari en bæði þorskur og ýsa,“ segir Úlfar. „Ég fékk þennan rétt fyrst á austurlenskum veitingastað og var ekki nógu ánægður með hann þrátt fyrir að hugmyndin væri góð. Ég ákvað því að elda hann sjálfur þegar heim var komið og þá fékk ég út þennan frábæra rétt.“

Úlfar hefur átt og rekið veitingastaðinn Þrjá Frakka í sautján ár. „Þetta er fjölskyldufyrirtæki og bæði sonur minn og dóttir starfa með mér.“

Þau áhöld sem Úlfari finnst nauðsynlegt að eiga við matargerð eru góð panna, pottar með þykkan botn og gaseldavél. „Hráefnin eru hins vegar smjör, smörlíki, laukur, gulrætur, sveppir, hvítlaukur, sítróna og salt. Ef maður á þetta í skápunum er hægt að laga nánast allt og þetta, ásamt karrý, eru einu kryddin sem fólk þarf að eiga að mínu mati. Mér finnst mikilvægt að leyfa bragðinu af kjötinu og fiskinum að njóta sín og er ekki hrifinn af marineringu. Það sem ekki allir vita er að hún var fundin upp í Mið-Evrópu á krepputímum þegar blessað fólkið var að reyna að koma hálfskemmdum mat niður. Nú þegar við höfum öll aðgang að fersku hráefni ætti enginn að kaupa formarineraðan mat. Það er auðvitað hægt að kaupa ferskt kjöt og leyfa því að liggja í marineringu í tvo til þrjá tíma en ekki lengur því það á bara að taka blæ af kryddblöndunni.“

Þó að Úlfar hafi hjálpa til í eldhúsinu frá barnsaldri kviknaði matreiðsluáhuginn fyrst fyrir alvöru þegar hann byrjaði í Flensborgarskólanum, þar sem allir nemendur fengu matreiðslukennslu einu sinni í viku. „Þetta var svo farsæl kynning á náminu að þegar ég útskrifaðist um 1970 voru yfir sextíu prósent kokka á landinu Hafnfirðingar,“ segir Úlfar og hlær.

Hann segist borða nánast allt og hafa gaman af því að elda flestan mat. Þó er eitt sem hann mun aldrei aftur láta inn fyrir sínar varir. „Ég myndi aldrei búa til sagó-grjónagraut því ég á mjög slæmar minningar um hann. Þegar ég var í vinnubúðum í Krýsuvík sem ungur maður var grauturinn ekki pískaður nóg og var því hræðilega kekkjóttur. Þetta var eiginlega eins og að gleypa hor og ég fæ gæsahúð bara við tilhugsunina enn þann dag í dag.“

### Keila í súrsætri sósu:

- 300 g keilubitar
- 20 g gulrætur
- 20 g laukur
- 20 g jöklasalat
- 1 tsk. salat
- 4 hvítlauksrif
- 1 dl sojasósa (Kikkoman)
- hrísgrjón

Keilubitarnir eru steiktir í olíu báðum megin. Svo er sósunni bætt saman við og allt látið sjóða. Því næst er hvítlauknum og sojasósunni bætt út í og karrý eftir smekk. Jöklasalatið er sett út í um leið og rétturinn er borinn fram og hrísgrjónin höfð með á sér disk.

### Súrsæt sósa:

- 1 bolli vatn
- 1 bolli lageredik
- 1 bolli sykur
- 1 msk. tómatpurra
- 1 laukur
- 1 gulrót
- kartöflumjöl

Allt hráefnið er soðið saman og sósan er síðan þykkt með kartöflumjöli.

**soleyk@frettabladid.is**

## MATGÆÐINGURINN GRÍMUR ATLASON TÓNLEIKAHALDARI

# *Ís með asíum*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?**
Sojalatte á Kaffitári, það er minn matur ásamt grænmetislasagna sem eiginkona mín, Helga Vala, matbýr.

**Fyrsta minningin um mat?**
Ætli það sé ekki kjötbúðingur sem langamma mín gerði á Raufarhöfn. Hann var borinn fram með kartöflumús og bræddu smjöri. Ég borðaði yfir mig af þessu til þriggja ára aldurs og hef ekki getað smakkað þetta síðan. Langamma mín var orðin svolítið gömul þegar hún eldaði hrygg og fór svo út í búð að kaupa ávexti í dós til að hafa með ísnum. Hún var farin að sjá illa og keypti asíur í staðinn og hafði þær með ísnum, það var skrítinn matur.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Það var þegar þáverandi tilvonandi eiginkona mín bauð mér í grænmetislasagna. Hún bræddi mig alveg með þessum rétti.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Mér finnst lax sérstaklega ofmetinn fiskur.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?**
Það er alltaf brilljant að elda í góðan grjónagraut, ég set ýmislegt í hann sem ég gef ekki upp því þá myndi grauturinn minn missa sérstöðuna. Á tímabili var ég mjög góður í að búa til pasta með svolítilli eða mikilli tómatsósu. Ég er ekki mikið fyrir að skjóta fasana og elda þá.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Þá borða ég mat sem inniheldur lítið af E efnum.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?**
Það er mikilvægt að eiga eplasafa, smjör, ávexti og léttmjólk.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?**
Ég myndi taka með mér grænmetislasagna og soja latte, svo gæti ég bara dáið á eyjunni.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hef borðað soðinn kolkrabba í makkarónum sem var góður á bragðið þrátt fyrir að vera mjög skrýtinn. Þennan rétt smakkaði ég í Grikklandi ásamt fleiri skrýtnum réttum. Er ekki líka dálítið skrýtið að borða bjúgu? Þau eru aldrei borðuð heima hjá mér því þegar konan mín var lítil voru bjúgu pítsa nútímans.





## DEAKIN ESTATE:
# Mjúkt merlot með lambinu

Hér á landi fást fimm tegundir vína frá Deakin Estate í öllum helstu Vínbúðum. Eitt þeirra er Deakin Estae Merlot sem þykir ein bestu kaup í áströlskum vínum í dag. Áströlsk blöð hafa verið óspör á lofsyrði, The Courier Mail gaf víninu 88 stig og telur það „bestu kaupin“ og mælir sérstaklega með því með grilluðu lambi eða jafnvel pizzum, sé áleggið af veglegri gerðinni! Herald Sun segir það „hitta beint í mark með ferskleika sínum“. The Advertiser bendir á að flest góð merlot-vín séu afar dýr en hér sé vín á ferðinni sem gefi dýrum vínum ekkert eftir en sé á afar hagstæðu verði. Vínin komu fyrst á markaðinn 1994 í takmörkuðu upplagi. Allar götur síðan hefur Deakin Estate jafnt og þétt aukið framleiðsluna og hlotið fjölmörg verðlaun, sem hefur leitt til þess að núna fást vínin um allan heim og nýlega bættist Ísland í hópinn.

**Verð í Vínbúðum 1.290 kr.**



## NEDERBURG:
# Fimm stjörnu vín

Suður-afrísk vín hafa náð miklum vinsældum hérlendis undanfarin ár. Þau eru jafnan kraftmikil og bragðrík en meginástæðan fyrir vinsældunum er eflaust hagstætt verð. Þótt suður-afrísk vín séu tiltölulega ný hér á landi eru framleiðendur þarlendis engir nýgræðingar í víngerð. Nederburg er eitt stærsta vínhús landsins og á sér yfir 200 ára sögu. Nederburg hefur hlotið fleiri alþjóðleg verðlaun en nokkur önnur víngerð í landinu og verið í fararbroddi í nýjungum. Nederburg Shiraz Pinotage hentar vel með kjöti, sérstaklega grilluðu.

Nederburg Shiraz Pinotage hefur fengið góðar viðtökur á Norðurlöndunum og fengið góða dóma í blöðum í Danmörku. Má nefna að Vinavisen gaf því fimm stjörnur eða hæstu einkunn.

**Verð í Vínbúðum 1.090 kr.**

## VEITINGASTAÐURINN

**SALT** PÓSTHÚSSTRÆTI 2, 101 REYKJAVÍK




# *Svalt salt*

**Hvernig er stemningin?** Flott hönnun og staðsetning gera staðinn sérstaklega glæsilegan. Staðurinn er látlaus og stemningin þægileg og gaman er að fara á staðinn í léttan hádegismat jafnt sem fínan kvöldverð.

**Matseðillinn:** Áhersla er lögð á úrval íslensks hráefnis sem er matreitt að hætti Miðjarðarhafslandanna. Fiskur er áberandi, en boðið er upp á ferskasta fiskinn sem fæst hverju sinni, þrjár tegundir sem hægt er að fá í þremur útfærslum; saltbakaðan, rósmarín-ristaðan og kryddgljáðan. Einnig eru á boðstólum nautalundir og salt og sítrónubakað lambakjöt, auk léttari rétta í anda Spánar, Portúgals og Ítalíu á borð við risotto og pasta. Bloody Mary-súpa sem inniheldur vodka er athyglisverð. Í forrétt er meðal annars boðið upp á humartríó, parmaskinku, snigla og túnfisk.

**Réttir dagsins:** Ekki er boðið upp á rétt dagsins en í náinni framtíð verður breytilegur matseðill enda á staðurinn nú þegar marga fastakúnna úr viðskiptalífi borgarinnar.

**Vinsælast:** Í hádeginu er fiskurinn vinsælastur en á kvöldin er meira beðið um nautakjöt og lamb.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR





Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

*I love the smell of napalm in the morning.“ Hershöfðinginn Bill Kilgore, Robert Duvall, greinir her-manninum Benjamin L. Willard, leikin af Martin Sheen, frá ást sinni á napalm-sprengjum í myndinni Apocalypse Now.*



# bíó

bio@frettabladid.is

# *Ekki hrifinn af eigin frægð*

„Frægðin er fyrir umboðsmenn, ekki fyrir leikara,“ lét **Robert Duvall** hafa eftir sér. Hann hefur ávallt haldið sig utan sviðsljóssins og ekki verið að trana sér fram. Þrátt fyrir að margar myndir **Duvall** séu enginn meistarastykki og margar hverjar fallnar í gleymskunnar dá þá eru þær fleiri sem eru ógleymanlegar. **Duvall** klikkar allavega sjaldan. Leikarinn, sem er með andlit forseta og sterk persónueinkenni, er búinn að vera að í fjörutíu ár. Hann vakti athygli í kvikmyndinni *To Kill a Mockingbird* sem hinn þroskahefti *Arthur Boo Radley*. Myndin var tilnefnd til átta **Óskarsverðlauna** og fékk mótleikari **Duvall**, sjálfur **Gregory Peck**, verðlaun fyrir bestan leik í aðalhlutverki. **Duvall** fór þó að leika aðeins í sjónvarpi eftir velgengni þessarar myndar enda voru kvikmyndaleikarar ekki á jafn svimandi háum launum þá og þeir eru í dag. Það er því óhætt að kalla **Duvall** leikara af gamla skólanum. Hann tók upp samstarf við leikstjórann **Robert Altman** og lék í tveimur myndum eftir hann, *Countdown* þar sem **Duvall** hitti fyrir James Caan og **M.A.S.H.**, háðsdeilu á stríðið í Víetnam.

Það eru þó enn tvö hlutverk sem fólk minnist á þegar nafn **Duvall** er nefnt. Annars vegar sem hinn jarðbundni en ákveðni lögfræðingur *Tom Hagen* í fyrstu tveimur *Guðföður* myndunum og hins vegar sem hinn kolgeðveiki herforingi *Bill Kilgore*. Hann hafnaði hlutverkinu í þriðju *Guðföður* myndinni vegna þess að honum fannst hlutverk sitt ekki vera nægjanlega vel metið. **Duvall** hefur ekki sóst eftir því að leika í einhverjum stórmyndum heldur yfirleitt valið sér áhugaverð hlutverk. Fyrir það hefur hann aflað sér virðingar innan kvikmyndaheimsins sem einn virtasti leikari **Hollywood**.



**ROBERT DUVALL** Valdi að leika ekki í Nashville eftir Robert Altman vegna þess að hann fékk hvorki að semja lögin sjálfur né syngja. Fékk Óskarinn nokkrum árum síðar fyrir leik sinn í Tender Mercies þar sem hann lék sveitasöngvara. Hann samdi lögin og söng þau sjálfur.

## EKKI MISSA AF...

... Batman Begins. Þessi frábæra Batman-mynd markar nýtt upphaf hjá þessum grímuklædda bófabana og er fersk tilbreyting frá síðustu tveimur hörmungunum úr smiðju Joels Schumacher. Ekki spillir svo fyrir að íslenskt landslag sýnir stjörnuleik í myndinni.





**WILL FERRELL** Will reynir af veikum mætti að þjálfa unga knattspyrnudrengi og glímir um leið við keppnisóðan föður sinn.

# Feðgar munu berjast

Bandaríski gamanleikarinn Will Ferrell hefur undanfarið stimplað sig inn sem einn fyndnasti gamanleikarinn í Hollywood. Myndir eins og Old School, Elf og Anchorman hafa, auk minni hlutverka í Zoolander og Starsky&Hutch, tekið af allan vafa um að gaurinn geti verið fyndinn.

Ferrell lætur til sín taka í gamanmyndinni The wedding Crashers ásamt félögum sínum Vince Vaughn og Owen Wilson í byrjun næsta mánaðar en þeir sem eru orðnir leiðir á að bíða eftir honum geta stytt biðina yfir Kicking & Screaming sem var frumsýnd fyrr í vikunni.

Hér leikur Ferrell hjartagóðan minnipokamann og vítamínssölumann sem hefur alla tíð verið undir hælnum á klikkuðum föður sínum sem keyrir sig áfram á brjáluðu keppnisskapi. Kallinn er ekki par hrifinn af aumingjaskapnum í syninum sem telur það ekki skipta máli hvort maður vinnur eða tapar í íþróttum, aðalmálið sé að fá að vera með og rækta andann.

Fyrst sýður upp úr fyrir alvöru þegar Ferrell byrjar að þjálfa fótboltalið tíu ára sonar síns. Hann býr ekki yfir drifkrafti alvöru þjálfara á borð við Guðjón Þórðarson og þarf því heldur betur að taka á honum stóra sínum, ekki síst þar sem pabbi gamli þjálfar andstæðingana. Það er því auga fyrir auga og tönn fyrir tönn þegar feðgarnir mætast á kantinum og þurfa að gera upp óklárUð mál í fortíð og nútíð.

Gamla kempan Robert Duvall leikur pabbann en sá eðalleikari er þekktur fyrir að lyfta myndum á æðra plan þannig að það verður óneitanlega fróðlegt að sjá hann og spaugarann Ferrell leiða saman hesta sína. ■






# Mistök eða gæfuspor Spielbergs?

**Stóru kvikmyndaverin eru strax farin að búa sig undir baráttuna um Óskarinn árið 2006. Ein þeirra mynda sem kemur sterklega til greina er nýjasta mynd Steven Spielberg, Munich.**



**STEVEN SPIELBERG** Er byrjaður á umdeildasta verkefni sínu hingað til en það er mynd um sérsveit sem á að drepa grunaða hryðjuverkamenn.

Steven Spielberg ætlar ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur í næstu mynd sinni. Hann er búinn að skila af sér sínum sumarsmelli, War of the Worlds, og varla hægt að segja að hann hafi haft mikinn áhuga á að kynna hana. Tom Cruise sá um það með ástarfregnum og brjálæðisköstum en Spielberg er horfinn til annarra verka, búinn að koma sér fyrir á Möltu, byrjaður að taka upp nýja kvikmynd um efni sem hefur átt hug hans allan undanfarin ár.

Kvikmyndin, sem heitir Munich, fjallar um eftirmála gíslatökunnar á Ólympíuleikunum í Munchen árið 1972. Hún verður frumsýnd í Bandaríkjunum 23. desember og verða Eric Bana og Geoffry Rush í aðalhlutverkum. Það má því reikna með að Munich geri tilkall til Óskarsins ef vel tekst til.

### Svarti september

Ólympíuleikarnir í Munchen eru þekktir fyrir tvennt; afrek Mark Spitz í sundlauginni og hina óþekktu ógn sem lúrði í leyni en lét á sér kræla á leikunum, svo um munaði. Heimsbyggðin varð vitni að því þegar ísraelskir íþróttamenn voru myrtir með köldu blóði af palestínskum hryðjuverkasamtökum sem kölluðu sig „Svartur september.“

Speilberg hefur aldrei tekið jafn mikla áhættu á ferli sínum og með þessari mynd sem verður óhjákvæmilega umdeild. Hann eignaðist marga góða vini meðal valdamikilla gyðinga þegar hann gerði Schindler's List. Hann fer því ótroðnar slóðir á sínum kvikmyndaferli með því að gera mynd um jafn eldfimt málefni og samskipti Ísraels og Palestínu.

Spielberg hefur farið víða í efnistökum. Hann ræddi meðal annars við rabbína sinn og Dennis Ross, bandarískan diplómat sem lét Ísraelsstjórn vita af gerð kvikmyndarinnar. Talið er að með gerð þessarar kvikmyndar sé Spielberg jafnvel að fórna þeirri stöðu sem hann hefur haft meðal gyðinga í Bandaríkjunum og Ísrael.

### Í upphafi var morðið

Munchen hefst á morðum Svarta september. Hún fjallar þó að mestu leyti um leynilega aðgerð fyrirskipaða af forsætisráðherra Ísraels, Goldu Meir. Mossad leyniþjónustan í Ísrael var fengin til að elta uppi og drepa þá hryðjuverkamenn sem grunaðir voru um að hafa staðið að baki hryðjuverkunum í Munchen.

Kvikmyndin fjallar ekki síst um þá sálarangist sem þessir menn lentu í þegar þeir veltu fyrir sér hvort mennirnir sem þeir væru að drepa kynnu að vera saklausir menn. Kallast þetta á við þá atburði sem gerðust nýverið í London þegar brasilíski rafvirkinn Jean Charles de Menezes var skotinn til bana af lögreglu.

Kvikmyndin verður byggð á handriti leikritaskáldsins Tony Kushner. Hann skrifaði þáttaröðina Angels in America sem síðar varð að margverðlaunaðri sjónvarpsþáttaröð. Enn fremur byggir Spielberg mynd sína að einhverju leyti á umdeildri bók eftir George Jones sem kom út árið 1984 og segir reynslusögur sumra sem tóku þátt í þessum leyniaðgerðum Mossad leyniþjónustunnar. Þá hafa borist sögur af því að einn þeirra sem taki virkan þátt í gerð myndarinnar og sé Spielberg innan handar sé Juval Aviv en talið er að aðalpersóna myndarinnar sé byggð á honum.

### Úrslitaviðburður

Steven Spielberg hefur sjálfur ekki látið neitt hafa eftir sér og vill ekki ræða við fjölmiðla um málið. Hann sendi frá sér yfirlýsingu til bandaríska blaðsins New York Times, ísraelska blaðsins Ma'ariv og arabísku sjónvarpsstöðvarinnar Al Arabiya þar sem hann sagði atburðina árið 1972 „úrslitaviðburð í sögu Miðausturlanda.“ Starfsfólk Spielbergs segir leikstjórann gera sér fyllilega grein fyrir því að hann sé að leggja orðspor sitt að veði með þessari mynd og hann sé meðvitaður um að bæði Palestínumenn og Ísraelar geti miskilið hana og litið á myndina sem árás á sig. ■

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

FRUMSÝNDAR UM HELGINA



**Hostage**
Internet Movie Database 6,6 / 10
Rottentomatoes.com 32% / Rotten
Metacritic.com 6,7 / 10



**Kicking & Screaming**
Internet Movie Database 5,6 / 10
Rottentomatoes.com 41% / Rotten
Metacritic.com 7,4 / 10

# Willis á tæpasta vaði

Spennumyndin Hostage með harðjaxlinum Bruce Willis í aðalhlutverki var frumsýnd í vikunni. Það hefur ekki farið mikið fyrir Hostage enda hefur frammistaða Willis í hinni mögnuðu Sin City dregið athyglina frá henni. Willis er samt á kunnuglegum slóðum en hér leikur hann, rétt eins og í Sin City, löggu í vondum málum. Það hefur hann líka gert í þremur Die Hard myndum en það vill svo skemmtilega til að í fyrstu Die Hard myndinni flæktist hann í gíslatöku og nákvæmlega það sama er uppi á teningunum í Hostage.

Willis leikur lögreglumann Jeff Talley í Los Angeles sem sérhæfir sig í að ná samningum við illmenni í gíslatökumálum. Þegar eitt slíkt mál endar með skelfingu yfirgefur hann stórborgina og sest að í smábæ. Þar telur hann sig öruggan og lausan við hættuleg leiðindamál. Það breytist svo skyndilega þegar ungmenni sem ætla sér að stela bíl taka fjölskyldu í gíslingu. Talley vill auðvitað ekki koma nálægt málinu, þrátt fyrir sérþekkingu sína, og kemur vandræðunum yfir á aðra.

Það verður þó skammgóður vermir þar sem ungmennin brutust inn í rangt hús og halda spilltum kaupsýslumanni föngnum. Sá lumar á leyndarmálum sem forhertir alvöru glæpamenn vilja komast yfir. Þeir svífast eisnkis og taka því fjölskyldu Talley í gíslingu og þvinga hann til að leysa málið.

Willis er því í vondum málum og líf fjölskyldu hans hangir á bláþræði. Hann hefur þó án efa oft séð það svartara og þegar hann er innikróaður eru fáir flinkari í meðferð skotvopna þannig að vondu kallarnir mega fara að vara sig. ■


**BRUCE WILLIS** Það verður ekki af þessum sjóaða hasarmyndakappa tekið að hann kann að munda frethólkinn. Hann lendir þó í bölvuðu klandri í Hostage og þarf að taka á öllu sem hann á.

# Kidman langar í barn

Nicole Kidman vill ólm eignast eitt barn í viðbót og í þetta skiptið fæða það sjálf. Kidman á tvö ættleidd börn með fyrrverandi eiginmanni sínum, Tom Cruise. „Mér þætti alveg dásamlegt að verða ófrísk og eignast barn. Ég veit ekki hvort það verði en það yrði algjör blessun,“ sagði leikkonan. Nicole stefnir þó ekki á tæknifrjóvgunarstöð á næstunni því henni finnst rétti faðirinn vera algjört skilyrði fyrir barneignum. „Ég vil ekki fæða barn án föðurs og þess vegna verður sennilega ekkert úr því. Ég efast um að nokkur vilji vera með mér nema af röngum ástæðum,“ sagði leikkonan.

Hún segir að helst vilji hún finna sér venjulegan mann sem ekki er á eftir frægð og peningunum hennar. „Það væri frábært að kynnast þannig manni því þá gæti ég lifað minna áberandi lífi.“

Nicole hefur einnig greint frá því að skilnaðurinn við Cruise hafi verið henni afar erfiður. „Ég fór ekki úr náttfötunum mínum í marga mánuði. Mig langaði ekki að klæða mig og greiða mér eða neitt slíkt. Mér fannst eins og öllum væri sama hvort það væri góð lykt af mér, hvort ég liti vel út eða hvort ég færi í fallega kjólinn minn.“ ■


**NICOLE KIDMAN** Leikkonan hefur hingað til verið með afar ríkum mönnum til að koma í veg fyrir að eiga kærasta sem eingöngu er á eftir peningunum hennar.




## Heldur þú fyrirlestra á ensku?

- hagnýtt námskeið fyrir þá sem halda kynningar og taka þátt í umræðum á ensku

Markmið námskeiðsins er að auka færni og sjálfstraust fólks sem þarf starfa sinna vegna að halda fyrirlestra og taka þátt í umræðum á ensku. Áhersla er á talmál, framburð og framkomu. Tekin eru fyrir dæmigerð framburðarmistök Íslendinga og þátttakendur fá tækifæri til að tjá sig á ensku undir leiðsögn leiðbeinanda og fá einstaklingsbundna endurgjöf. Ennfremur er farið yfir leiðir sem hægt er að beita til að ýta undir virkar umræður meðal fólks sem ekki hefur ensku sem móðurmál.

**Ávinningur:**
- Aukin færni í að halda fyrirlestra og taka þátt í umræðum á ensku.
- Hagnýtar aðferðir til að ýta undir umræður.
- Betri framburður og ábendingar um leiðir til að auka eigin færni í ensku.

**Kennt í Háskólanum í Reykjavík Ofanleiti 2:**
Kennt er tvisvar í viku á **mánudögum og miðvikudögum** í 1,5 tíma í senn, kl. 15:30 - 17:00, frá 8. ágúst til 24. ágúst. Námskeiðið er samtals 12 tímar.



**Leiðbeinandi:**
Erlendína Kristjánsson lögfræðingur og M.Paed. og starfar sem aðjúnkt í viðskipta- og lagaensku við Háskólann í Reykjavík.

**Verð** kr. 25.000

**Frekari upplýsingar veitir:**
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

www.ru.is/simennt





# Skinkufeitt festival

Rokkveislan G!festival var haldin með miklum stæl í Færeyjum um helgina. *Jens Guð* mætti á svæðið og horfði á íslensku reggísveitina Hjálma stela senunni, hlustaði á þreyttu sænsku rokkhundana í Europe og naut fádæma gestrisni fjölskyldu söngkonunnar Eivarar Pálsdóttur.



**TÝR** Íslandsvinirnir í Tý rokkuðu feitt og sýndu gamalkunna takta en náðu þó ekki að toppa Hjálma.

Þúsund manna þorpið Gata í Færeyjum bar svip fjölmenningarlegrar heimsborgar um síðustu helgi enda hækkaði íbúatalan upp í 6000 manns. Í Færeyjum búa 49.000 manns. Það lætur því nærri að ríflega tólf prósent Færeyinga hafi verið í Götu um helgina. Reyndar voru fleiri en Færeyingar á svæðinu, þar á meðal tugir Íslendinga. Í þeim hópi voru þrjár hljómsveitir: Hjálmar, Stillbirth og VaGínas. Ástæðan fyrir því var að í Götu fór fram G!festival, „Föroya størsta og feitasta tónleikatiltak nakrantíð,“ eins og bæjarstjórinn, Páll Isholm, orðaði það í ávarpi sínu. Gata var lengst af þekkt á Íslandi fyrir baráttu ásatrúarmannsins Þrándar í Götu gegn kristnitöku.

Í dag er Gata þekkt sem heimabær Eivarar og fyrir G!festivalið.

Boðið var upp á þétta dagskrá; á fimmta tug hljómsveita, trúbadora og plötusnúða. Skemmtikraftarnir komu frá þrettán löndum og dagskráin fór fram á þremur sviðum.

### Þrándur í götu Íslendinga

Íslendingum gekk misvel að ná áfangastað. Ein íslensk flugvél sveimaði yfir Færeyjum lungann af fimmtudeginum. Þoka hindraði lendingu. Þrátt fyrir að viðbótareldsneyti væri sótt til Skotalands fékkst ekki lendingarleyfi fyrr en á föstudeginum.

Liðsmenn Stillbirth og VaGínas voru í þessari flugvél. VaGínas átti að spila á fimmtudeginum og Stillbirth snemma á föstudeginum. Vegna þess hvað dagskráin var þétt og vel skipulögð var ekkert svigrúm fyrir hljómsveitirnar síðar á hátíðinni. Það voru vonbrigði.

Af öðrum áhugaverðum hljómsveitum sem spiluðu á fimmtudeginum var leitt að missa af Holgar og Villmenn. Það er færeysk grallarahljómsveit sem spilar vísnapopp, pönk, reggí og rapp. Allt frumsamið ef undan er skilin mögnuð útgáfa af „Talað við gluggann“ eftir Bubba Morthens. Fleiri færeyskir tónlistarmenn hafa spreytt sig á þessu sama lagi. Þekktast er það í flutningi Kára P.

### Makrel í MTV

Af þeim sem við strandaglóparnir misstum af fyrrihluta föstudags var miður að heyra ekki í færeysku rokksveitinni Makrel. Makrel náði öðru sæti í íslensku Músíktilraununum 2002 og gítarleikarinn Rasmus Rasmusen var valinn besti gítarleikarinn. Í kjölfarið hljóðritaði Makrel fyrri plötu sína í Geimsteini.

Í sumar hefur hið norræna MTV leitað að besta ósamningsbundna bandinu og Makrel hefur komist í gegnum öll þrep keppninnar til þessa, eins og fylgjast má með á www.nordicunsigned.com.

### 200 í 1. sæti

Pönktríóið 200 er eitthvert magnaðasta fyrirbæri færeysku músíkflórunnar. Ólíkt öðrum pönksveitum eru liðsmenn 200 afburðagóðir hljóðfæraleikarar, einkum bassasnillingurinn Mikael Blak. Til viðbótar syngur söngvarinn eins og Elvis Presley. Textarnir eru kjaftfort og fyndið níð um þann slétta helming Færeyinga sem vill tilheyra Danmörku. Nafnið 200 er stytting á slagorðinu „200% loysing“ (200% aðskilnaður (frá Danmörku)). Plötur 200 seljast í 1.000 eintökum í Færeyjum, sem jafngildir 6.000 eintaka sölu á harðri pönkplötu á Íslandi. Þessa vikuna á 200 vinsælasta lagið í Færeyjum. Hlusta má á það á www.uf.fo/15bestu/. Tekið skal fram að þetta er eitt poppaðasta lag 200.



**VAGÍNAS** Þetta meinta kvennapönkband komst með herkjum á festivalið og hafði eiginhandaráritun frá afdönkuðum Færeyingi upp úr krafsinu en þær töldu hann vera söngvara hinnar heillum horfnu sveitar Europe.

### Alvöru reggí

200 fóru á kostum líkt og á tvennum hljómleikum á Íslandi 2002. Trylltu áheyrendur og fengu tíu liðsmenn annarra hljómsveita til að aðstoða í fjöldasöng í einu lagi. Þarna mátti ætla að hápunkti hátíðarinnar væri náð. En þá stigu Hjálmar á stokk og „slógu í gegn“. Áhorfendaskarinn var með frá fyrsta lagi, dansandi og veifandi höndum. Þjóðerniskennd Íslendinga hækkaði um margar gráður og menn höfðu á orði að Hjálmar hefðu stolið senunni. Ofur ánægðir Færeyingar höfðu á orði að Hjálmar væru „tann ektaða reggae vöran“ (alvöru reggíband).

Á laugardeginum var spenningur fyrir færeyska þungarokksbandinu Sic. Sú hljómsveit hélt hljómleika í Vestmannaeyjum í fyrra og nokkra hljómleika í Reykjavík árið 2002 undir nafninu Krit. Munurinn á Krit og Sic er sá að laglínur Sic eru öflugri og músíkin mýkri.

Sigurvegari færeysku Músíktilrauna, Prix Föroyar, í ár, Go Go Blues, skilur eftir spurningarmerki. Go Go Blues er blússveit að hætti blúshliðar Doors eða Animals. Gamaldags og ófrumleg hljómsveit. Á frekar heima í pöbbaspilerí en að vera verðlaunuð sem merkasta hljómsveit Færeyja.

### Ormurinn endalausi

Týr er enn eitt færeyska nafnið sem við Íslendingar þekkjum. Týr stimplaði sig rækilega inn á Íslandskortið 2002 með glæsilegum flutningi á „Orminum langa“ og öðrum álíka lögum. Plötur Týs hafa selst í um 4.000 eintökum hvor á Íslandi. Vinsældir Týs á Íslandi hrundu „færeysku bylgjunni“ af stað en ekki sér enn fyrir endann á henni.

Þátttaka Makrels í Músíktilraunum á sama tímapunkti studdi við það kastljós sem beindist að færeyskri músík. Nokkrum vikum síðar uppgötvuðu Íslendingar hæfileika Eivarar og táningastjarnan Brandur Enni varð sömuleiðis poppstjarna á Íslandi.

Týr renndi í gegnum öll sín þekktustu lög af miklu öryggi. Röddun Týs var glæsileg að vanda og gítarleikarinn Heri er „hetjugítarleikari“ á heimsmælikvarða.

Högni Lisberg spilaði á trommur á Íslandi 2002 með trip-hop hljómsveit Eivarar, Clichaze. Síðan hefur hann átt farsælan feril sem trúbador. Spilar á gítar og syngur falleg frumsamin lög. Nokkuð óvænt hefur hann náð ágætri stöðu sem slíkur í Sviss. Það var þægilegt að hlusta á framlag hans sem mótvægi við þungarokkið.

### Þreyttir Svíar

Stærsta nafnið á G!festivali í ár var sænska þungarokkssveitin Europe. Allir þekkja léttþungarokksslagara Europe á borð við „Final Countdown“ og „Cherry“. Öfugt við þróun flestra þungarokkshljómsveita hefur þungarokk Europe orðið þyngra, harðara og hrárra með tímanum. Ekki samt til bóta. Europe var ekki hápunktur G!festivals. Þann heiður eiga 200 og Hjálmar. Liðsmenn Europe eru ekki þær risarokkstjörnur sem allir þekkja í dag. Stelpurnar í VaGínas héldu sig vera að fá eiginhandaráritun hjá söngvara Europe á sunnudeginum en uppgötvuðu síðar að þær höfðu einungis fengið eiginhandaráritun hjá miðaldra síðhærðum Færeyingi. Sá varð sennilega hissa þegar þær þökkuðu honum fyrir „last night“ og báðu um eiginhandaráritun!

### Mega feitt hár

Börn á öllum aldri voru ekki skilin útundan á G!festivali. Kardimommubærinn, töframaður og fleiri sáu þeim fyrir skemmtun. Fram yfir miðnætti gengu lítil börn sjálfala um svæðið. Foreldrar settu á þau nafnspjald með símanúmeri og enginn þurfti að hafa áhyggjur af þeim.



**MIKAEL BLAK** Þessi reffilegi bassafantur hljómsveitarinnar 200 er heitur aðskilnaðarsinni og rokkaði feitt gegn Dönum.



**MIKKJAL** Söngvari færeysku þungarokksveitarinnar Sic var heldur betur vígalegur enda áhuginn á honum mikill.

Ástæða er til að geta gestrisni heimamanna. Fjölskylda Eivarar ofdekraði okkur með tertum, kökum, snaps, bjór og mat. Barnaherbergi voru rýmd fyrir næturgistingu gestanna. Þegar hugað var að rútuferð út á flugvöll vildu gestgjafarnir endilega skutla okkur alla leið. Er þó um klukkutíma akstur frá Götu til flugvallarins í Vogum. Er nema von að Íslendingar fái ást á Færeyjum og Færeyingum þegar móttökurnar eru svona? ■



# VERSLUNARMANNAHELGIN Í REYKJAVÍK 2005

*Fjölskyldu - og húsdýragarðurinn kynnir einstakan sögulegan viðburð!*

# UMHVERFIS STUÐMANNASÖGUNA Á 80 MÍNÚTUM

## Laugardagskvöldið 30. júlí kl. 21.00




KRAFTAVERK

## HILDUR VALA - EYÞÓR - ÁSGEIR - EGILL - TÓMAS - ÞÓRÐUR - JAKOB

*ásamt:*

**BLÁSARASVEIT JAGÚAR**

**VALGEIRI GUÐJÓNSSYNI**
*sem sérstökum heiðursleynigesti*

**RAGNARI DANIELSEN**

**GYLFA KRISTINSSYNI**

Forsala hjá öllum afgreiðlustöðvum OLÍS og í fjölskyldu- og húsdýragarðinum.
Mætið tímanlega til að forðast biðraðir - Aðgangseyrir aðeins kr. 500,-
**Þeir sem greiða með Vildarkorti Íslandsbanka fá 2 fyrir 1**

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN
ÍTR
olís
FM 98.9 BYLGJAN
2 fyrir 1
ÍSLANDSBANKI













MYND/GETTY

**CAMERON DIAZ** Hefur barist örugglega fyrir auknum réttindum stjarna gegn ágangi papparazzi-ljósmyndara. Hún hefur hvatt yfirvöld í Los Angeles til að setja strangari lög um friðhelgi einkalífs stjarnanna.

## Ljósmyndari sekur

John Rutter, ljósmyndarinn sem reyndi að kúga fé út úr Cameron Diaz, hefur verið úrskurðaður sekur af bandarískum dómstólum. Hann á nú yfir höfði sér allt að sex ára fangelsisvist fyrir skjalafölsun, tilraun til stórþjófnaðar, meinsæri og fjárkúgun.

Forsaga málsins er sú að þegar Cameron var ung og og strögglandi leikkona, sat hún fyrir ber að ofan hjá Rutter. Fyrir tveimur árum reyndi Rutter svo að selja Cameron myndirnar fyrir litlar þrjú hundruð milljónir íslenskra króna og sagði henni að keypti hún þær ekki myndi hann selja þær hæstbjóðanda. „Ég er mjög fegin að réttlætið sigraði,“ sagði Cameron eftir úrskurðinn. ■

# Írskir skýjabólstrar yfir Borgarfirði

Hljómsveitin Moving Cloud er á leiðinni til Íslands og leikur á Gauki á Stöng fimmtudaginn 28. júlí og í Fossatúni í Borgarfirði um verslunarmannahelgina en sveitin leikur írska þjóðlagatónlist.

„Við erum búnir að vera með tónleikaröð í sumar og fannst tilvalið að setja punktinn yfir i-ið með þessari írsku sveit. Ég heyrði í þeim og ákvað strax að fá þá til að koma hingað, var svo heppinn að takast það,“ segir Steinar Berg í Fossatúni.

Moving Cloud er skandinavísk hljómsveit og ein sú virtasta í Skandinavíu af þeim sem sérhæfa sig í flutningi á írskri tónlist. Fimmmenningarnir sem skipa sveitina gáfu nýverið út plötuna Sweet Nyaa og stjórnar Donal Lunny upptökum á plötunni, en hann hefur verið kallaður guðfaðir írskrar tónlistar. Fjórir meðlimir sveitarinnar sjá um hljóðfæraleik og söng og einn dansar við lögin og býr jafnframt til takt með steppdansi og myndast þannig ekta írsk stemmning.

„Þetta er ákveðin tilraun að bjóða þeim hingað uppi í sveit því það er jú ekkert gefið að eitthvað svona sé í gangi hér og vonandi bara að það komi vel út. Þetta er gæðatónlist og þeir sem til þekkja heyra það um leið að þarna er alvöru hljómsveit á ferðinni.“

Koma Moving Cloud til Íslands er frábært tækifæri fyrir alla unnendur hefðbundinnar alþýðutónlistar til að sjá og heyra það besta sem írsk þjóðlagatónlist hefur upp á að bjóða. ■



**MOVING CLOUD** Þessi skandinavíska hljómsveit sérhæfir sig í írskri þjóðlagatónlist og þykir takast einstaklega vel upp. Sveitin leggur leið sína til Íslands og spilar hér um verslunarmannahelgina.




NOTAÐUR LÚXUSBÍLL

PORSCHE CAYENNE S

VEL MEÐ FARIN AMERÍKUÚTGÁFA

ÁRG. 2004 / 340 HESTÖFL

- Ekinn 35.000 km.
- Skr. 08. 2003.
- Titanium Metalic litur
- Grá leðurinnrétting
- Tiptronic 6 gíra sjálfskipting
- Ný dekk
- Bose hljómflutningstæki

Verð 5.900.000,-



PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 Sími 590 2000 • www.benni.is

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




| ÁLFABAKKI | |
|---|---|
| KICKING AND SCREAMING | KL. 2-4-6-8-10.10 |
| KICKING AND SCREAMING VIP | KL. 8-10.10 |
| DARK WATER | KL. 8-10.10 B.I. 16 |
| THE PERFECT MAN | KL. 2-4-6-8-10 |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 2-4-6-8-10 |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 2-4-6 |
| BATMAN BEGINS | KL. 2-5-8-10.40 B.I. 12 |
| BATMAN BEGINS VIP | KL. 2-5 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| KICKING & SCREAMING | KL. 8-10 |
| DARK WATER | KL. 8-10.20 B.I. 16 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| KICKING & SCREAMING | KL. 6-8 |
| DARK WATER | KL. 10 |
| THE PERFECT MAN | KL. 8 |
| MADAGASKCAR ísl. tal | KL. 6 |
| MADAGASKCAR enskt tal | KL. 10 |

| KRINGLAN | |
|---|---|
| THE PERFECT MAN | KL. 4.40-6.30-8.30-10.30 |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4.30-6.30 |
| ELVIS HAS LEFT THE BUILDING | KL. 4.30-8.30-10.30 |
| WHO´S YOUR DADDY | KL. 6.30-8.30-10.30 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| DARK WATER | KL. 5.50-8-10.15 | B.I. 16 ára |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 6-8-10 | |
| ELVIS HAS LEFT THE BUILDING | KL. 8-10 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 6-8.30 | B.I. 12 ára |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 5.45 | |

Háskólabíó



**NIX NOLTES** Stórsveit Nix Noltes heldur útgáfutónleika á Hótel Borg í kvöld.

# Nix Noltes kynna Havaíorkídeur

Stórsveit Nix Noltes heldur útgáfutónleika á Hótel Borg í kvöld í tilefni af plötu sinni, Orkídeur Havaí, sem kemur út á vegum 12 tóna á næstunni.

Sveitin leikur þjóðlagatónlist frá Balkanskaga og Búlgaríu í eigin útsetningum og á tónleikunum verður hún skipuð tólf manns. Að sögn Óla Björns út Stórsveitinni verða spiluð ný lög á tónleikunum í bland við þau sem eru á plötunni. Tónleikarnir standa yfir í um það bil tvo tíma þar sem Böðvar Brútal stígur meðal annars á stokk og syngur á jiddísku.

„Þessi útgáfa af hljómsveitinni byrjaði að spila saman síðasta haust. Við ákváðum strax í nóvember að taka upp. Við förum út í gamalt fjárhús í Borgarfirði með upptökugræjurnar og vorum þar í viku. Það hefði aldrei virkað að fara í stúdíó með þessa hljómsveit því það skiptir máli að hafa réttu stemninguna,“ segir Óli Björn.

Nafn plötunnar, Orkídeur Havaí, er tekið af skyrtu leikarans Nick Nolte þegar hann var handtekinn og ljósmyndaður fyrir nokkrum árum. Bófamyndin af honum lak á netið og urðu margir undrandi á slæmu ásigkomu lagi hans. „Fyrstu plakötin okkar voru með myndinni af honum og nafnið er svolítið sótt í þá mynd. Hann var eiginlega andlit sveitarinnar í byrjun,“ segir Óli sem vill þó ekki meina að Nolte sjálfur sé í sérstöku uppáhaldi hjá hljómsveitarmeðlimum. Ljósmyndin sé það miklu frekar.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.00 og hitar hljómsveitin Hudson Wayne upp. Miðaverð er 500 krónur. freyr@frettabladid.is

# Kyrrlát og geislandi

Söngdrottningin Emilíana Torrini var á kyrrlátum nótum á aukatónleikum í Fríkirkjunni á fimmtudagskvöldið. Aðdáendur stappfylltu kirkjuna og setið var þétt á kirkjubekkjum og á gólfinu umhverfis sviðið.

Fyrir tónleikana hafði hljómsveit Emilíönu kveikt á kertum og dundað sér við að hengja álpappír fyrir gluggana í kirkjunni til að skapa réttu stemninguna. Emilíana sló á létta strengi á milli söngnúmera og sagðist meðal annars hafa gert þau mistök að líma álpappír fyrir opnanlegu gluggana. Ansi heitt var því á tónleikunum en aðallega hlýjaði Emilíana áhorfendum um hjartaræturnar með einlægum flutningi á viðkvæmnislegum lögum. Hún sagðist sjálf svitna eins og svín og bauð tónleikagestum pappír til að þurrka á sér andlitið. Álpappírsuppátækið kom þó ekki í veg fyrir að sólin léti sjá sig, geislarnir gægðust í gegnum litla rifu og appelsínugulur kvöldroði lýsti upp andlit Emilíönu einmitt þegar hún flutti lagið Sunny Road. ■



**EMILÍANA TORRINI**
Sló á létta strengi og sagðist svitna eins og svín á aukatónleikum í Fríkirkjunni.

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!



SPARAÐU PENINGA
MICHELIN
BFGoodrich
...einfaldlega betri!
DEKKJALAGERINN
755 3355
LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI
DEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBÍLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS



Nýjasta æðið!
Scooterhjól með mótor í fyrsta sinn á Íslandi!
Engin trygging nauðsynleg – flokkast sem reiðhjól.
Notist á gangstéttum.
Engin aldurstakmörk
Munið eftir hjálmunum!
Salan er hafin!
Sími: 869 0898




TOPSHOP
SMÁRALIND I 522 8383

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Would you like to stay for a while, or has my sense of smell betrayed me?“**

**Svar:** Mr. Edward Hyde í kvikmyndinni Mary Reilly frá árinu 1996.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR ER ORÐIN ÞREYTT Á JAY LENO

# *Jay Perró*



Aldeilis er nú fátt kræsilegt í sjónvarpsdagskránni í sumar. Ég veit vel að sumarið er ekki tími sjónvarpsgláps en samt kemur það ansi oft fyrir að veðrið er ekkert svo yndislegt og ég er alveg í stuði til að kúra mig niður í sófanum og horfa á einn góðan sjónvarpsþátt. Nokkrir þættir hafa bjargað mér í sumar. Ég tek fimmtudagskvöldin alltaf frá fyrir Desperate Housewives (svona í leiðinni, hvernig væri að RÚV myndi endursýna Desperate eins og þeir ákváðu að gera með ógeðsleiðindin sem þættirnir Lost eru?). Nú annars horfi ég líka stundum á Seinfeld og Letterman sem báðir eru sýndir á hverjum degi á Sirkus. Ég var svo heppin að vera ekki með Stöð 2 þegar Seinfeld voru sýndir fyrst svo ég er að uppgötva þennan yndislega þátt í fyrsta skipti. Það er fátt skemmtilegra en að fylgjast með Elaine, Jerry, George og Kramer takast á við hversdagsleg vandamál. Miklu skemmtilegra en Friends. Mér finnst Letterman betri og fyndnari en Jay Leno. Ég er komin með algjört ógeð á Michael Jackson-bröndurum og ég er ekki frá því að Letterman geri aðeins minna grín að Jackson greyinu heldur en Leno. Einu sinni var Leno æðislegur í mínum augum en það var áður en ég fór að taka eftir því hversu óhemju mikil karlremba hann er. Alltaf þegar einhver flott skvísa kemur til hans að spjalla þá breytist hann í gamlan perra. Endalaust að bjóða þeim að laga míkrófóninn fyrir þær, sem er einmitt oftast staðsettur hjá brjóstunum. Svo kemur hann með perraleg komment og fleira og ég fæ grænar bólur. „Hvað segirðu, ertu hætt með kærastanum,“ segir hann um leið og hann lyftir augabrúnunum tvisvar til að gefa til kynna að hann væri alveg til í að vera sá næsti (allir hlæja). Svo talar hann um konuna sína þegar engin skvísa er viðstödd. Glataður gaur.



▶ 22.20 *Gaman*

DESPERATE HOUSEWIVES



▶ 21.30 *Spenna*

THIRD WATCH



▶ 21.00 *Drama*

TRU CALLING



▶ 22:00 *Útlit*

THE SWAN



▶ 23.50 *Íþróttir*

DC UNITED – CHELSEA

### SJÓNVARPIÐ

**13.30** HM í sundi. Bein útsending frá keppni í undanrásum í Montreal. **16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30 Spæjarar (22:26)** (Totally Spies I)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**19.55 Hálandahöfðinginn (9:10)**
**20.50 Nýgræðingar (69:93)** (Scrubs) Gamanþáttaröð um læknanemann J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**21.15 Sporlaust (20:24)** (Without A Trace II) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki. Aðalhlutverk leika Anthony LaPaglia, Poppy Montgomery, Marianne Jean-Baptiste, Enrique Murciano og Eric Close.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.25 Aðþrengdar eiginkonur (21:23)** Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Kastljósið **23.30** HM í sundi **1.30** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Wife Swap (4:7) **14.15** Auglýsingahlé Simma og Jóa (e) **14.45** The Sketch Show **15.10** Fear Factor (15:31) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Apprentice 3, The (9:18)**
**20.45 Mile High (15:26)** Bönnuð börnum.
▶ **21.30 Third Watch (16:22)** (Næturvaktin 6) Næturvaktin er framhaldsþáttur sem fjallar um hugdjarfan hóp fólks sem eyðir nóttinni í að bjarga öðrum úr vandræðum á götum New York borgar. Bönnuð börnum.
**22.15 Submerged** (Á kafi) Undir lok fjórða áratugarins var áhöfn bandarísks kafbáts í sjálfheldu. Henni virtust allar bjargir bannaðar en aldrei áður hafði tekist að bjarga mannslífum úr kafbátum sem rötuðu í meiri háttar vandræði í undirdjúpunum.

**23.45** Metro (Stranglega bönnuð börnum) **1.40** Rollerball (Stranglega bönnuð börnum) **3.15** Fréttir og Ísland í dag **4.35** Ísland í bítið **6.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Road to Stardom With Missy Ell (5:10)**
**19.50 Supersport (3:50)** Stuttur, hraður og ferskur þáttur um jaðarsport í umsjón Bjarna Bærings.
**20.00 Seinfeld 3**
**20.30 Friends (24:24)**
▶ **21.00 Tru Calling (5:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.
**21.45 Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**22.00 Kvöldþátturinn**
**22.45 David Letterman**

**23.30** American Dad (5:13) **23.55** The Newlyweds (9:30) **0.20** Friends (24:24) **0.45** Kvöldþátturinn **1.30** Seinfeld 3

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Providence (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 MTV Cribs (e)**
**20.00 Less than Perfect** Claude hefur með harðfylgi unnið sig upp úr póstdeildinni og í starf aðstoðarmanns aðalfréttalesarans, Will.
**20.30 Still Standing** Tina kemur til Judy og biður hana að drepa könguló.
**20.50 Þak yfir höfuðið**
**21.00 According to Jim**
**21.30 Everybody loves Raymond** Debra heldur gæsapartí fyrir Amy en Marie ákveður að taka þátt og gengur allt of langt eins og vanalega.
▶ **22.00 The Swan** Hér er sagt frá nokkrum ósköp venjulegum konum sem breytt er í fegurðardísir.
**22.45 Jay Leno**

**23.30** Law & Order (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** Hack **2.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**17.35** Chicago Fire – AC Milan

**19.15 Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi)Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi.
**19.40 Einvígi á Spáni** (Greg Norman - Sergio Garcia ) Norman hannaði hinn glæsilega 18 holu El Prat golfvöll á Spáni enaf því tilefni var komið á fót skemmtilegu einvígi þar sem Ástralinn mætti Sergio Garcia en Spánverjinn er nú í hópi fremstu kylfinga veraldar.
**20.30 Landsbankadeildin** (Umferðir 7 – 12) Hér er farið ítarlega yfir síðustu sex umferðirnar, 7 – 12, og rifjað upp allt það helsta.
**21.30 Fifth Gear**
**22.00 World's Strongest Man** Í þætti kvöldsins er fjallað um keppnina árið 1991.
**22.55 2005 AVP Pro Beach Volleyball** (Strandblak) Strandblak kvenna og karla er íþróttagrein sem nýtur vaxandi vinsælda.

▶ **23.50** DC United – Chelsea. Bein útsending frá leik DC United og Chelsea í Washington.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Princess Mononoke (Bönnuð börnum) **8.10** Vatel **10.00** Stealing Harvard **12.00** The Martins **14.00** Princess Mononoke **16.10** Vatel **18.00** Stealing Harvard **20.00** Eight Legged Freaks (Bönnuð börnum) **22.00** American Psycho 2 (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Identity (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Faculty (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** American Psycho 2 (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Jimmy Swaggart **8.00** Billy Graham **9.00** Robert Schuller **10.00** Blandað efni **11.00** Samverustund **12.00** Miðnæturhróp **12.30** Maríusystur **13.00** Blandað efni **14.00** Um trúna og tilveruna **14.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **15.00** Ron Phillips **15.30** Mack Lyon **16.00** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Freddie Filmore **18.30** Dr. David Cho **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Fíladelfía **21.00** Samverustund (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Entertainer **13.30** Gastineau Girls **14.00** Style Star **14.30** Love is in the Heir **15.00** Dr. 90210 **16.00** 101 Most Awesome Moments in... **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** Style Star **21.00** Gastineau Girls **22.00** Dr. 90210 **23.00** E! News **23.30** Fashion Police **0.00** Wild On **1.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Fíladelfía **21.00** Níubíó – Mirka **23.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Everybody Loves Raymond — Skjár einn kl. 21.30.

### *Hasar í gæsapartíi*



*Ray Romano leikur Raymond í þáttunum.*

Debra heldur gæsapartí fyrir Amy en Marie ákveður að taka þátt og gengur allt of langt eins og vanalega. Hún reynir að hertaka veisluna. Debra öskrar á hana og Marie fer fúl á braut. Debra drekkur þá of mikið kampavín og getur ekki keyrt heim. Hún nær ekki í Ray og ákveður að sofa í bílnum. Hún er handtekin af lögreglunni fyrir ölvun við akstur. Hún missir leyfið og þarf að leita á náðir Marie. Ray er náttúrlega ekki langt undan og núir henni þessu um nasir.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið. **13.01** Hrafnaþing. **14.03** Glópagull og gisnir skógar **15.03** Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala og Helgi Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson. **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e.

**22.00** Á kassanum e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sumarsnakk **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Lifandi blús **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit, Líflínan **14.03** Útvarpssagan: Stjórnlaus lukka **14.30** Sögur og sagnalist **15.03** Úr alfaraleið **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan,

Ragtime **23.10** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Popp og ról

**0.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**13.30** Swimming: World Championship Montreal Canada **16.00** Football: UEFA European Women's Under-19 Championship Hungary **18.00** Volleyball: World Grand Prix Baku **18.30** Football: UEFA European Women's Under-19 Championship Hungary **20.30** Boxing **21.45** News: Eurosportnews Report **22.00** Swimming: World Championship Montreal Canada

**BBC PRIME**
**12.00** Popcorn **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** El Nombre **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Bill and Ben **14.35** Rule the School **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Perfect Holiday **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** One Foot in the Grave **18.30** 2 point 4 Children **19.00** Cutting It **20.00** Timothy Leary **21.00** Mastermind **21.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **22.00** Mersey Beat **23.00** Blue Planet – A Natural History of the Oceans **0.00** The Making of a Continent **1.00** The Mark Steel Lectures

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Tigers: Fighting Back **13.00** Paranormal?: Bigfoot **14.00** Cliffhangers: Girl Power **15.00** Shark Business **16.00** Battlefront: Arnhem **16.30** Battlefront: Liberation of the Philippines **17.00** Animal Nightmares: Spiders **17.30** Monkey Business **18.00** Tigers: Fighting Back *living Wild* **19.00** Paranormal?: Bigfoot **20.00** Cliffhangers: Saving Bart **21.00** Great Bear Rainforest **22.00** Paranormal?: Police Psychics **23.00** Cliffhangers: Saving Bart **0.00** Great Bear Rainforest

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Profiles of Nature **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Return of the Cheetah **19.00** Ultimate Killers **19.30** Predators **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Ultimate Killers **0.30** Predators **1.00** Return of the Cheetah

**DISCOVERY**
**12.00** Big Stuff **13.00** Extreme Engineering **14.00** Junkyard Mega-Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** Extreme Machines **17.00** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Punk'd **19.00** Wonder Showzen **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Switched On **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**14.00** Coldplay Storytellers **15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **17.30** Coldplay Hits **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Mtv Live **19.30** Coldplay Hits **20.00** Coldplay Storytellers **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** I Want a Famous Face **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** Hollywood Star Treatment **14.25** Cheaters **15.10** Other People's Houses **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Fantasy Open House **18.05** Come! See! Buy! **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** Spicy Sex Files **22.00** What Men Want **22.30** Sex Tips for Girls **23.00** Backyard Pleasures **23.30** Weekend Warriors **23.55** Awesome Interiors **0.20** Retail Therapy **0.45** The Stylists **1.10** Crimes of Fashion

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**13.35** Till There Was You **15.05** Inherit the Wind **17.00** Right of the People **18.35** Board Heads **20.05** Crash Course **21.45** Meatballs 4 **23.15** Extremities **0.45** Semi-Tough

**TCM**
**19.00** Doctor Zhivago **22.05** Village of the Damned **23.20** Hysteria **0.40** Where the Spies Are **2.30** Ringo and His Golden Pistol

**HALLMARK**
**12.45** Jackie, Ethel, Joan: Women of Camelot **14.15** Pals **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** Reason For Living: The Jill Ireland Story **18.15** Down in the Delta **20.00** Law & Order Viii **20.45** Henry VIII **22.30** Scarlett **0.00** Law & Order Viii

**BBC FOOD**
**12.00** Rick Stein's Food Heroes **12.30** Ready Steady Cook **13.00** A Cook On the Wild Side **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** The Cookworks **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Chalet Slaves **17.00** Beauty and the Feast **17.30** Tyler's Ultimate **18.30** Ready Steady Cook **19.00** A Cook On the Wild Side **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Can't Cook Won't Cook

**DR1**
**12.25** Profilen **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Jagerpiloterne **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Ozzy & Drix **14.30** SommerSummarum **15.30** Scooby Doo **16.00** Fandango – med Signe **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Bobler i blodet **18.00** Herlufsholm **18.30** De små engleb¢rn **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Beck – Ukendt afsender

**SV1**
**13.05** Lugna kocken **13.30** Arlanda **14.00** Rapport **14.05** Djurgalen **14.35** Familjen Anderson **15.00** Sommarbarn **15.30** Simning: VM Montreal **15.50** Rederiet **16.30** Karlsson på taket **16.55** Puss och kram **17.00** Guppy **17.15** Kent Agent och de hemliga ställena **17.30** Rapport **18.00** Solens mat


BLÁA BOMBAN

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af allri útsöluvöru. Reiknast af við kassann.

| Upprunalegt verð: | 50% afsláttur af allri útsöluvöru: | | 20% viðbótarafsláttur á Bláu bombunni | |
|---|---|---|---|---|
| 990 kr. | -50% | 495 kr. | -20% | 396 kr. |
| 1.990 kr. | -50% | 995 kr. | -20% | 796 kr. |
| 2.990 kr. | -50% | 1.495 kr. | -20% | 1.196 kr. |
| 4.990 kr. | -50% | 2.495 kr. | -20% | 1.996 kr. |
| 6.990 kr. | -50% | 3.495 kr. | -20% | 2.796 kr. |

DEBENHAMS
SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 29011 07/2005



## HRÓSIÐ

*... fær rithöfundurinn Guðbergur Bergsson fyrir að hafa selt enn eina skáldsöguna, Lömuðu kennslukonurnar, til bókaforlags á Spáni þar sem skáldskapur hans nýtur greinilega nokkurrar hylli.*

AÐ MÍNU SKAPI:

# *Krambúðin, Kochi og Innipúkinn*

**BJÖRG SVEINSDÓTTIR, TÓNLISTARKONA Í DONNA MESS OG NEMI.**

**TÓNLISTIN** Ég fíla bara alls konar tónlist og finnst frábær svona elektrónísk tölvutónlist með húmor. Það er skemmtilegast þegar tónlistarmennirnir taka sig ekki of alvarlega og tónlistin er með smá galsabrag. Sænska systkinahljómsveitin *The Knife* er mjög skemmtileg og tónlist *Donnu Mess* er svolítið svipuð þeirra. Við erum reyndar aðeins oddhvassari og hrárri og erum ekkert alltaf að vanda okkur rosalega. Svo finnst mér *Skátarnir* og *Scarlet Fantastic* mjög góð.

**BÓKIN** Eins og er er ég að lesa bókina *Bananas, Beaches and Bases*: Making Feminist Sense of International Politics eftir *Cynthiu Enloe*. Ég var að klára nýju *Harry Potter* bókina og hún var bara svona allt í lagi. Mér finnst skemmtilegast að lesa alls kyns ævintýrabækur en annars fer það bara eftir því hvaða bækur renna til mín.

**BÍÓMYNDIN** Ég er ekki alæta á bíómyndir og mér leiðast óskaplega þessar dæmigerðu Hollywood-myndir. Mér fannst Napoleon Dynamite rosa skemmtileg en ég sá hana fyrir skemmstu. Hún var svo afslöppuð og fyndin og var alveg laus við allar klisjur, klámvæðingu og annað rugl.

Núna hef ég reyndar rosalega gaman af því að horfa á sci-fi-myndir, þar sem eitthvað dularfullt er að gerast úti í geimnum. Það kemur alltaf svona geimverutímabil í bíóin einu sinni á ári og núna hef ég áhuga á þannig kvikmyndum.

**BORGIN** Uppáhalds borgin mín er *Kochi*, sem er borg í *Kerala á Indlandi*. Kerala er sjálfstjórnarhluti af Indlandi og er þekkt fyrir að mennta fólkið sitt vel og þar er læsi yfir 95 prósentum. Ég fór þangað fyrr í sumar því vinur okkar býr í Indlandi og við vorum að heimsækja hann. Kochi er ofsalega falleg borg með öflugu listalífi og krúttlegum miðbæ. Svæðið er gamalt kommúnistaríki og það er minni stéttaskipting þarna en annars staðar á Indlandi. Það er svona Evrópubragur yfir borginni og ég gæti vel hugsað mér að búa þar.



**BÚÐIN** *Krambúðin* er svolítið í uppáhaldi. Þetta er svona eins og hverfisbúð og mér líður alltaf vel þar. Starfsfólkið leggur mikið upp úr þjónustunni og er bæði skemmtilegt og persónulegt. Mér finnst reyndar allar búðir sem leggja áherslu á góðan fíling og hugsa ekki bara peninga vera frábærar, til dæmis *Fríða frænka*. Ég kaupi samt mest í *Kolaportinu*.

**VERKEFNIÐ** Næst á dagskrá er að spila á *Innipúkanum* um verslunarmannahelgina. Svo erum við að fara að gefa út plötu um miðjan september og erum bara að vinna í því að klára hana. Okkur langar að reyna að gera efnismeiri plötu en gengur og gerist til að túlka *Donnu Mess* fílinginn betur á diskinn. Við eigum eftir að pæla aðeins í því en það verða að minnsta kosti ljósmyndir og plakat.



**Lárétt: 2** fituskán, **6** tónn, **8** belta, **9** kaffi, **11** á fæti, **12** skært, **14** óánægður, **16** veisla, **17** biblíunafn, **18** beljaka, **20** tveir eins, **21** fuglar.

**Lóðrétt**: **1** gangur, **3** kyrrð, **4** fönguleg, **5** frostskemmd, **7** snar, **10** tob, **13** dans, **15** bæta, **16** hjúpur, **19** skóli.

**Lausn.**

**Lárétt: 2** brák, **6** as, **6** óla, **9** bki, **11** il, **12** bjart, **14** ósæll, **16** át, **17** lea, **18** rum, **20** gg, **21** arar. **Lóðrétt: 1** labb, **3** ró, **4** álitleg, **5** kal, **7** skjótur, **10** ias, **13** ræl, **15** laga, **16** ára, **19** ma.


Viðurkennd virkni

Bogense sápan



Nuddsápan sem stinnir og grennir líkamann

Vinnur á appelsínuhúð

Fæst í apótekum


GUNNLAUGUR EGILSSON: SÝNIR NÝTT VERK Í NÝLISTASAFNINU Í KVÖLD

# Dansar í sumarfríinu frá Konunglega ballettnum

„Vinur minn kom í heimsókn til Íslands á sunnudaginn og þá ákváðum við að semja og setja upp lítið dansverk,“ segir ballettdansarinn Gunnlaugur Egilsson en í kvöld flytur hann verkið Salt ásamt félaga sínum, Bandaríkjamanninum Tilman O'Donnell, í Nýlistasafninu við Laugaveg 26.

„Hugmyndin um að fólk getur verið háð einhverju án þess að vera meðvitað um það er kveikjan að verkinu,“ segir Gunnlaugur en hann kynntist Tilman er þeir voru saman við nám í Kanada. „Við búum nú báðir í Stokkhólmi þar sem Tilman starfar við Cullberg ballettinn,“ segir Gunnlaugur, sem sjálfur er fastráðinn við Konunglega ballettinn í Svíþjóð og er staddur í sumarfríi hér á landi.

„Við Tilman höfum lengi talað um að það gæti verið gaman að auðga dansflóruna á Íslandi með því að setja upp verk hér heima og urðum að grípa tækifærið fyrst hann var staddur á landinu.“

Þeir félagarnir hafa einu sinni áður starfað saman. „Þá dansaði Tilman í verki eftir mig sem ég samdi fyrir hátíð á Dramaten sem er Þjóðleikhúsið í Svíþjóð. Tilman hefur getið sér gott orð sem dansari og danshöfundur en á þessu ári vann hann danshöfundakeppni bæði í Hannover í Þýskalandi og Kuopio í Finnlandi ásamt félaga sínum Shintaro O-UE.“

Eftir velheppnað sumarfrí með tilheyrandi hesta- og óvissuferðum heldur Gunnlaugur endurnærður til Svíþjóðar til að dansa með Konunglega ballettnum í haust. „Það sem liggur fyrir er að ég kem til með að dansa „dökku hlið“ Tristans í verki sem pólski danshöfundurinn Christov Pastor byggir á sögunni um Tristan og Ísold. Auk þess verð ég líka í nútíma dansverki eftir norska danshöfundinn Inu Thordal Christiansen sem nefnist Five is the Perfect Number.“

Aðeins ein sýning verður á verkinu Salt þar sem Tilman heldur brátt til Svíþjóðar. Dansinn hefst klukkan 20 og er aðgangur ókeypis. ■



**FLYTJA FRUMSAMIÐ VERK** Gunnlaugur og Tilman kynntust í dansnámi í Kanada og sömdu verkið Salt í sumarsólinni til að auðga íslensku dansflóruna

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Eiríkur Jónsson**, blaðamaður á DV, hefur stjórnað morgunþætti Talstöðvarinnar á laugardögum með miklum stæl frá því stöðin fór í loftið. Þar hefur hann haft **Reyni Traustason**, ritstjóra Mannlífs, sér til halds og trausts og þeir félagar hafa tekið á móti fjölda góðra gesta í hressilegt spjall. Kempurnar eru á leið í sumarfrí og verða með sinn síðasta þátt í bili um Verslunarmannahelgina. Það getur hins vegar ekki hver sem er fyllt skarð Eiríks og því hefur **Hjálmar Hjálmarsson**, leikari og náinn samstarfsmaður Ekki fréttamannsins **Hauks Haukssonar**, verið fenginn til að hlaupa í skarðið.





**Mínusaðdáendur** ættu að geta glaðst yfir þeim fregnum úr herbúðum rokkdrengjanna að tónsmíðar á fjórðu breiðskífu hljómsveitarinnar standi nú yfir af fullum krafti og ganga, að sögn söngvarans **Krumma**, framar öllum vonum. Ættu aðdáendur ekki að harma það að strákarnir lofi því að næsta plata verði besta plata hljómsveitarinnar til þessa. Annars er það að frétta af drengjunum í Mínus að þeir voru að leggja lokahönd á upptökur á frumsaminni tónlist við nýjustu kvikmynd **Róberts Douglas**, Strákarnir okkar, sem frumsýnd verður í september. Jafnframt halda þeir sig í Reykjavík um verslunarmannahelgina, að minnsta kosti á föstudagskvöldið þegar hljómsveitin tryllir lýðinn á Gauknum.




Humar

1.290,-kr.kg

Ótrúlegt verð á fínum humri.

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga 10.00 - 14.30


# Typpasýning í sjónvarpi

Hvað má og hvað ekki? er ef til vill spurning sem margir velta fyrir sér þessa stundina. Í dægurmálaþáttum í gærkvöldi bauðst fólki hins vegar að sjá brot úr Sirkus Jim Rose, sem verður með sýningu á Broadway í kvöld en þessi sirkus, ef svo má kalla, byggist á því að ganga fram af áhorfendunum.

Guðmundur Steingrímsson, sem tók á móti sirkusfólkinu í Kvöldþættinum, sagðist enn vera að reyna að átta sig á því hvað þetta hafi verið. „Við höfum auðvitað fengið einhver viðbrögð við þessu og þetta fór að sjálfsögðu fyrir brjóstið á sumum,“ sagði hann en bætti þó við að í þættinum væru atriði sem ekki væru ætluð börnum og viðkvæmum sálum. Aðspurður hvort hann ætlaði á sýninguna sagðist hann ekki reikna með því. „Þetta er maður sem er með sinn eigin sjónvarpsþátt, hefur ferðast um heiminn í fimmtán ár og er því greinilega glimrandi dóma. Það er því greinilegt að einhverjir kunna að meta húmorinn þó þetta sé ekki minn tebolli.“

Jim Rose var á Laugarvatni þegar Fréttablaðið náði tali af honum og sagði hann það hafa komið sér óvart hversu langt hann hefði mátt ganga í landi þar sem mótmælendatrú væri við lýði. „Í kaþólskum löndum má miklu meira,“ sagði hann, hvort sem það var í alvöru eða gríni. Jim naut lífsins og ætlaði sér að spila golf og veiða auk þess sem hann langaði að fara í göngutúr með konunni sinni og ræða um framtíðina.



**SIRKUS JIM ROSE** Framferði sirkusmanna hefur ekki vakið hörð viðbrögð eins og við mátti búast eftir írafárið í kringum tónleika Snoop Dogg. Ísleifur B. Þórhallsson, sem flytur sirkusinn inn, segir Íslendinga vera farna að sjóast og fólk sé orðið ágætlega frjálslynt.

freyrgigja@frettabladid.is

Ferskar hrefnulundir í næsta kjötborði



# 36 á annarri 32 á hinni



kaktus auglýsingastofa

## Úlfar á 3 FRÖKKUM mælir með hrefnulundum:

- Skerðu ferskar lundirnar í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinni!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheitri pönnu eða á grillið: dýfa lundinni í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af olíunni.
- Hrefnulundirnar eru líka frábærar hráar sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

Njótið vel. Úlfar Eysteinsson á 3 FRÖKKUM.

**Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskar sérvaldar hrefnulundir á grillið eða á pönnuna - snöggsteiktar að hætti meistarakokka.**

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með hrefnulundum í veisluna – og svo eru þær þægilegar í matreiðslu.

Ekki bíða með veisluna, veiðunum lýkur 15. ágúst.

Hver sekúnda skiptir máli.

**Félag hrefnuveiðimanna**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



FAXE

Ferðataskan í sumar

Besti ferðafélaginn

Léttur öllari






**BAKÞANKAR**
JÓNS GNARR

## Nirvana

Alla ævi hef ég þráð að eignast innri frið. Ég er nefnilega að upplagi frekar ör. Ég hef verið friðlaus af þrá í frið, rótlaus og eirðarlaus. Ég hef leitað hans víða, bæði hérlendis og í útlöndum. Ég hef lesið þykkar bækur sem lofa innri friði. Ég hef talað við fólk sem segist hafa öðlast innri frið. Og stundum gat ég rétt fundið fyrir honum en ég náði honum aldrei alveg. Ég var kominn á þá skoðun að ég fengi ekki frið fyrr en ég væri dáinn.

**ÉG** hef reynt að kaupa mér frið með veraldlegum eignum, vinnu og viðurkenningu. Ég var frægur og ríkur, átti einbýlishús og jeppa og fólk dáðist að mér. En það var sama hvað ég keypti mér af drasli, ég öðlaðist engan frið. Hann fór ekki að koma fyrr en ég missti allt.

**ÉG** komst að því, við illan leik, að maður öðlast ekki innri frið fyrr en maður hættir að þrá hann. Sá sem leitar að lífi sínu mun týna því en sá sem gleymir sjálfum sér, kærleikans vegna, mun finna sjálfan sig. Ef manni líður illa þá er það besta sem maður gerir að fara og hjálpa einhverjum öðrum.

**ÞAÐ** er til skemmtileg saga um mann sem leitaði að lífshamingjunni. Hann hafði leitað víða þegar honum var sagt frá miklum vitringi sem var sagður hafa fundið lykilinn að lífshamingjunni. Og maðurinn fór að hitta vitringinn, sem bjó einn uppi á háu fjalli. Og hann spurði vitringinn hvernig maður öðlaðist fullkomna lífshamingju. Og vitringurinn svaraði: „Með því að vera alltaf sammála öllum.“ „Það getur ekki verið!“ hrópaði maðurinn. „Nei, það er kannski satt hjá þér,“ svaraði vitringurinn.

**LAUSNIN** á lífsgátunni er þversögn. Sá sem þráir ást þarf að gefa hana fyrst. Og sá sem gefur hana vantar hana ekki, því hann á nóg af henni. Ef við losum okkur við allar langanir, væntingar, tilætlanir og kröfur og hefjum okkur yfir allar hvatir þá munum við öðlast meiri frið en okkur getur dreymt um. En hver er til í að fórna svona mörgum og merkilegum orðum fyrir eitt svona stutt og ómerkilegt eins og frið? Við þurfum ekki að deyja til að komast til himna, það er nóg að deyja sjálfum sér. Nirvana er mögulegt, hér og nú. Við þurfum ekki að deyja heldur bara að snúa baki við honum.


jongnarr@frettabladid.is



GSM HEIMASÍMI INTERNET

Ég hringi heim, ég hringi í Gunna í London, ég hringi í konuna og sendi henni SMS.

**Allt þetta á 0 kr.**

**0 kr.**
**Vinur í útlöndum**

**120 mínútur** á mánuði úr **GSM** í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

**0 kr.**
**GSM vinur**

Þú heldur áfram að tala við **GSM vin** fyrir 0 kr. á mínútuna í 60 mín. á dag og senda honum **30 SMS fyrir 0 kr.** á dag.

**0 kr.**
**Þegar þú hringir heim**

Þú hringir heim úr **GSM** símanum þínum án þess að greiða mínútugjöld í allt að **60 mínútur** á dag.

Mánaðargjald **GSM** er 600 kr.

**Og1** lækkar verulega kostnað heimila sem eru með **GSM** áskrift, **Heimasíma** og **Internet** hjá **Og Vodafone.**
**Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir Heimasíma og Internet.**



Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone
Heyrumst!



**ÓKEYPIS ÍSETNING** Hljómtækjadeild ORMSSON er flutt í **Síðumúla 9**.



Pioneer DEH-1700R
• 4X45 W magnari • D4Q Digital RDS Móttakari • FM / AM / LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð kr. 17.900.-**



Pioneer DEH-3700MP --- **MEÐ MP3 SPILARA**
• 4X45 W magnari • Spilar MP3 /WMA • Útvarp með RDS • FM / AM / LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangar • **Verð 23.900.-**

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu